# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **5. janúar 2013** | 4. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Guðjón Valur Sigurðsson,

fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins, er fullur eftirvæntingar fyrir 16. stórmótið sitt, HM á Spáni. Árið verður viðburðaríkt hjá honum og fjölskyldunni. Einn besti handboltamaður heims efast um að einhver hafi kjark í að ráða hann í vinnu þegar ferlinum lýkur. ▸ 22








PRIYANKA VILL BÚA Á ÍSLANDI 32

ÞÓR ÓMAR OG FALSKUR FUGL 28



**2 SÉRBLÖÐ**

Atvinna | Fólk













## FRÉTTIR 2→10




**HUGO CHAVEZ BERST FYRIR LÍFI SÍNU 6**

**DREKALEYFIN MARKA KAFLASKIL 8**

**RÆÐA ENDURSKOÐUN SAMNINGA 10**

„Það er líklegt að hann verði enginn aufúsugestur hjá okkur eftir þetta.“ 4

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, um flugdólg sem þurfti að tjóðra við sæti sitt og kefla.

## SKOÐUN 12→16



**HVÖSS EN HÓFSÖM HIRTING 12**
Þorsteinn Pálsson um nýársávarp forsetans.

**BISKUP Í GÓÐUM SAMHLJÓMI 16**
Einar Karl Haraldsson um landssöfnun og þjóðkirkjuna.

## HELGIN 18→40



**HEIM FYRIR VORIÐ? 18**
Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstýra á Djúpavogi.

**VITUNDARVAKNING Á INDLANDI 26**
Hrottaleg hópnauðgun ungrar konu um miðjan síðasta mánuð hefur vakið hörð viðbrögð.

**FRÚARLEIKFIMI OG LÍKAMSRÆKT 34**
Heilsurækt fyrri tíma.

**FÁIR FLUGELDAR Í ÖLPUNUM 36**
Laufey Kristjánsdóttir er skíðaáhugamanneskja.

**VU QUANG-UXI 38**
Eitt sjaldgæfasta spendýr í heimi.

**KRAKKAR 36**
**KROSSGÁTA 38**

## MENNING 48→59

**TÖFRAFJALLIÐ ÁHRIFAMEST 50**
Bókin sem breytti lífi Eiríks Guðmundssonar.



**FERSKUR ASPAS, HUMAR OG ANANAS 52**
Réttir í þrettándamatarboðið.

**PLÖTUR ÁRSINS 56**
Stjörnugjöfin 2012 í Fréttablaðinu.

**UNDARLEGUR HEIÐUR 66**
Rapparinn Kanye West klæðist bol með ljósmynd úr smiðju áhugaljósmyndarans Katrínar Þóru Bragadóttur en myndin var líklega tekin með ólögmætum hætti.

## SPORT 60



**HVERJIR ERU NÓGU RUGLAÐIR? 60**
Hermann Hreiðarsson, þjálfari karlaliðs ÍBV í knattspyrnu, á erfiða tíma fyrir höndum. Fimm lykilmenn eru horfnir á braut.

**NBA HORFIR TIL EVRÓPU 60**
David Stern, yfirmaður NBA-deildarinnar, vill fá Evrópulið í deildina.





Hefst 7. janúar

**Bakleikfimi**

Betri líðan í hálsi, herðum og baki
undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar
í sundlaug Hrafnistu við Laugarás.
Með sambaivafi í Heilsuborg, Faxafeni 14

Innritun í síma 897 2896
www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN


## FIMM Í FRÉTTUM KIRKJUSÖFNUN OG KVENHATUR



**Edda Sif Pálsdóttir** íþróttafréttakona var stórt atriði í Áramótaskaupinu. Eiður Svanberg molameistari sagði meðal annars að höfundar Skaupsins hefðu lagt Eddu í einelti.



**Víðir Reynisson** hjá Almannavörnum ræddi reglulega við fjölmiðla í vikunni vegna óveðursins á Vestfjörðum og þeirrar miklu hættu á snjóflóðum sem skapaðist í kjölfarið.



**Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, mótmælti því í nýársávarpi sínu að ný stjórnarskrá yrði tekin upp á Íslandi og kallaði það „að fara úr öskunni í eldinn“.



**Hildur Lilliendahl Viggósdóttir** femínisti ræddi í Kastljósi um hótanir sem henni berast reglulega og orðræðuna í kringum baráttu hennar.



→ **Agnes M. Sigurðardóttir** biskup ætlar að standa fyrir landssöfnun á vegum kirkjunnar til að fjármagna tækjakaup á Landspítalanum. Áformin féllu í misjafnan jarðveg.



**GETUR ENDAÐ ILLA** Stúlkur á yngstu aldursárunum eru í minnihluta þeirra sem enda á spítala vegna eitrunar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Taka lyf í vanlíðan og enda á spítala

Rúmlega 80% barna sem enda á sjúkrahúsi vegna eitrana hafa gleypt lyf í mikilli vanlíðan. LSH tók á móti 400 börnum á aldrinum 0 til 18 ára á sex ára tímabili vegna eitrunar. Drengir eru stærri hluti af yngri hópnum en stúlkur í þeim eldri.

**HEILBRIGÐISMÁL** Að minnsta kosti 400 íslensk börn urðu fyrir það alvarlegri eitrun á árunum 2005 til 2010 að leitað var með þau á sjúkrahús. Ekkert barn lést á tímabilinu af völdum eitrunar en stór hluti þeirra var lagður inn á spítala til aðhlynningar.

Langalgengustu eitranirnar voru meðal eldri barna á aldrinum 15 til 18 ára, sem tóku viljandi inn lyf vegna andlegrar vanlíðanar eða neyslu. Mikill meirihluti þeirra fékk geðræna meðferð í kjölfarið.

Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar Dagmarar Daggar Ágústsdóttur, læknanema á fimmta ári við Háskóla Íslands (HÍ), í samstarfi við læknadeild HÍ, barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), Barnaspítala Hringsins og bráðasvið LSH.

Í rannsókn Dagmarar er eitrunum skipt í fjóra flokka; óviljandi slys, misnotkun, tilraun til sjálfsvígs og annað eða óvíst. Óviljandi slys eru algengasta orsök eitrunar hjá yngri börnum en tilraun til sjálfsvígs hjá þeim eldri og á unglingsstigum.

Alls voru 740 tilfelli skoðuð í rannsókninni, sem náði til allra barna á aldrinum 0 til 18 ára sem höfðu komið á Barnaspítala Hringsins eða bráðamóttöku LSH í Fossvogi vegna lyfjaeitrana eða annarra eitrana á árunum 2005 til 2010. Upplýsingum um börnin var safnað úr sjúkraskrám. Þar af voru 472 eitranir í 397 börnum sem féllu undir skilyrði rannsóknarinnar.

Dagmar kynnti niðurstöður sínar á ráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í HÍ í gær.

sunna@frettabladid.is

### „Geymist þar sem börn ná ekki til“

Aldrei er góð vísa of oft kveðin og á það svo sannarlega við um geymslu eiturefna á heimilum. Landlæknir gefur reglulega út leiðbeiningar til landsmanna um hvernig ber að forðast slys af ýmsu tagi, þar með taldar eitranir hjá börnum. Á vef Landlæknis segir að efni og lyf eigi alltaf að geyma í læstum hirslum þar sem börn ná ekki til og öll skulu þau vera geymd í sínum upphaflegu umbúðum til að fyrirbyggja misskilning. Þá skal ekki geyma lyf í handtöskum, í eða á náttborði, í matarskápum eða skúffum. Einnig er nauðsynlegt að kanna hvort plöntur á heimilinu og í garðinum séu eitraðar.

**Eitrunarmiðstöðin** veitir upplýsingar um viðbrögð við eitrunum allan sólarhringinn í síma **543-2222.**

Alls voru **740** tilfelli skoðuð í rannsókninni.

Af þeim tóku **328** börn inn lyf eða efni vegna andlegrar vanlíðanar eða neyslu.

**190** eitranir voru hjá drengjum.

Þar af fengu **318** börn, eða **97%,** eitthvert form af geðrænni meðferð.




**282** eitranir voru hjá stúlkum.

Alls voru **472** eitranir hjá **397** börnum sem féllu undir skilyrði rannsóknarinnar.

**0** lést á tímabilinu af völdum eitrunar.

**0–9 ára** Eitranir algengari hjá drengjum.
**10–18 ára** Eitranir algengari hjá stúlkum.

**25%** barnanna í rannsókninni voru á aldrinum 0 til 4 ára.

**60%** barnanna voru á aldrinum 15 til 18 ára.

Algengasta efni til inntöku voru verkjalyf, önnur en svonefnd ópíöð (til dæmis morfín, kódín, metadon og petidín).

**45%** þeirra sem tóku slík lyf voru lagðir inn á spítala.


ÚTSALAN
ER HAFIN
OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

## 30.12.2012 → 04.01.2012

15% **PARA** eiga í erfiðleikum með að eignast börn

**Slökkvilið Akureyrar** var kallað út 2.306 sinnum á árinu 2012



**463 SJÚKRAFLUG** voru flogin á árinu 2012



242 hafa fengið **ríkisborgararétt** á þessu kjörtímabili




**834 MILLJARÐAR** króna gætu viljað leita út úr landinu við afléttingu gjaldeyrishafta



**17 BRENNUR** voru haldnar á höfuðborgarsvæðinu á gamlárskvöld




**ARON PÁLMARSSON** fékk 425 stig af 460 í kjöri íþróttamanns ársins 2012 og sigraði með yfirburðum



**7.600 KAUPSAMNINGUM** um fasteignir var þinglýst á árinu 2012

Gangagerð í Færeyjum:

## Vill ekki brú yfir Skálafjörð

**FÆREYJAR** Ekki kemur til greina að byggja brú yfir Skálafjörð að sögn Kára P. Højgaard, innanríkisráðherra Færeyja. Frá þessu segir á fréttavefnum Portalinum.

Áform eru uppi um að gera göng milli Straumeyjar og Austureyjar. Gert er ráð fyrir að á Austurey komi göngin upp beggja vegna við mynni Skálafjarðar, á Ströndum og í Tóftum, en sumir vilja meina að betur færi á að göngin kæmu aðeins upp á Ströndum og þaðan yrði byggð brú til Tófta. Højgaard segir hins vegar að brú yfir fjörðinn myndi afskrifa olíuhöfn sem er þar og það kæmi ekki til greina. - þj

Mæta í Kringluna í dag:

## Handboltaliðið áritar plaköt

**HANDBOLTI** Strákarnir í handboltalandsliðinu verða í HM-básnum á Blómatorgi Kringlunnar á milli klukkan 14 og 16 í dag. Þar munu þeir árita plaköt fyrir gesti. Strákarnir halda utan á morgun en liðið leikur sinn síðasta undirbúningsleik gegn Svíum í Helsingborg á þriðjudag. Leikurinn verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.

HM í handbolta hefst á Spáni þann 11. janúar og verða yfir 40 leikir sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport auk þess sem hitað verður upp fyrir alla leiki Íslands og þeir krufðir til mergjar.

### LEIÐRÉTT

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að hljómsveitirnar Of Monsters and Men og Valdimar hefðu átt sjö lög af þeim 20 vinsælustu á Bylgjunni árið 2012. Hið rétta er að þær eiga fimm lög á listanum. Hin tvö eru eftir Helga Júlíus í flutningi Valdimars Guðmundssonar.



**SILFRA** Nú hefur verið bannað að kafa neðar en átján metra.

Hart brugðist við banaslysi:

## Strangari reglur um Silfruköfun

**ÖRYGGISMÁL** **Siglingastofnun og Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, hafa bannað köfun niður fyrir 18 metra í gjána Silfru. Banaslys varð í gjánni fyrir átta dögum er hálffertugur karlmaður drukknaði við köfun. Þar áður varð síðast banaslys í Silfru í júní 2010.**

**„Áfram gildir að óheimilt er að kafa einn síns liðs í gjánni, óheimilt er að kafa í hella, ranghala og göng og óheimilt er að fara í gjána og synda án hlífðarbúnings," segir í tilkynningu frá Ólafi. Fram kemur að Silfra sé á köflum allt að 50 til 60 metra djúp.**

**Nýjar öryggisreglur frá Siglingastofnun um köfun í Silfru taki gildi fyrir vorið.** - gar

### MENNTAMÁL

### Guðni Th. ráðinn lektor

Dr. Guðni Th. Jóhannesson hefur verið ráðinn lektor í sagnfræði við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Um er að ræða starf lektors í sagnfræði 19. og 20. aldar, með áherslu á sögu Íslands. Guðni hefur skrifað fjölda bóka og greina um íslenska stjórnmálasögu, landhelgismál og þorskastríð.

# Ekki aufúsugestur hjá Icelandair eftir þetta

Íslendingur á miðjum aldri trylltist í flugvél Icelandair og var bundinn og keflaður með límí og plastböndum. Ekki víst hvort hann fær að fljúga aftur með félaginu.

**LÖGREGLUMÁL** Áhöfn og farþegar í flugvél Icelandair yfirbuguðu 46 ára íslenskan karlmann yfir Atlantshafi í fyrrakvöld. Maðurinn var ofurölvi, hafði látið mjög dólgslega og ráðist á sessunaut sinn. Hann var bundinn á höndum og fótum með plastböndum, reyrður fastur í sæti sitt með límbandi, auk þess sem límt var fyrir munninn á honum.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir slíkan öryggisbúnað að finna í öllum flugvélum fyrirtækisins og að hann sé meðal annars ætlaður til að notkunar í tilvikum sem þessum.

Guðjón segir að það gerist þó ekki oft. „Þetta kemur fyrir en það er mjög sjaldgæft." Hann hafi ekki tölur á reiðum höndum en geti sér til að líklega þurfi að bregðast við með þessum hætti að jafnaði einu sinni á ári eða svo.

Hann segir að flugþjónar séu þjálfaðir sérstaklega í að bregðast við svona uppákomum. „Ofstopahegðun meðal flugfarþega er nú ekki óþekkt fyrirbæri," segir hann. Nær alltaf sé aðstoð fengin frá farþegum.

Það var í kvöldflugi frá Keflavík til New York í Bandaríkjunum sem maðurinn trylltist. Að sögn sjónarvotta hafði hann drukkið ótæpilega af áfengi, meðal annars klárað heila flösku af svonefndum Tópas-snafsi, þrifið í konu sem sat við hliðina á honum og öskrað að vélin væri að farast, tekið annan farþega kverkataki og hrækt á flugþjóna og farþega.

Þegar ljóst var að engu tauti varð komið við manninn var ákveðið að grípa til þess örþrifaráðs að tjóðra hann fastan og þagga niður í honum.

Maðurinn er með lögheimili í Karíbahafinu og var á heimleið í gegnum New York, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann var einn á ferð.

Hann var handtekinn við komuna á John F. Kennedy-alþjóðaflugvöllinn en fljótlega sleppt úr haldi og komið á spítala vegna gruns um áfengiseitrun. Ekki stendur til að ákæra manninn.

Spurður hvaða afleiðingar þetta muni hafa fyrir manninn gagnvart flugfélaginu, segir Guðjón ekki ljóst hvort hann fái að fljúga aftur með Icelandair. „Við eigum eftir að skoða hvernig við tökum á þessu en það er líklegt að hann verði enginn aufúsugestur hjá okkur eftir þetta."

stigur@frettabladid.is



**FÓR VÍÐA** Þessi mynd, sem bandarískur farþegi í vélinni tók af flugdólgnum, fór víða á Netinu í gær.



> **Ofstopahegðun meðal flugfarþega er nú ekki óþekkt fyrirbæri.**
>
> *Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúi Icelandair*




**Komdu í yoga**

**Góð slökun, Rétt öndun**

**Yoga I**
- Ertu með stirðan kropp
- Ertu í yfirþyngd
- Ertu að ná þér eftir veikindi
- Ertu með vefjagigt
- Ertu komin á efri árin

**Yoga II**
- Krefjandi yogaæfingar
- Aukin liðleiki
- Aukin styrku

**Hreysti hamingja og hugarró**

**Kennt í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði 691 0381 Kristin Björg**


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KÓLNAR** Heldur stífur vindur á morgun og rigning um sunnanvert landið en hægari vindur og nokkuð bjart norðaustan til. Dregur úr hlýindum.




**Á morgun**
Suðaustan 10-15 m/s syðra.




**Mánudagur**
Hægt vaxandi SA-átt syðra

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 8° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 21° | San Francisco | 13° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 18° | Ósló | -1° | Stokkhólmur | 1° |
| Berlín | 9° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 20° | New York | 4° | París | 11° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Alvöru ÚTSALA

## BESTU KAUPIN FARA FYRST!

**allt að 70% afsláttur**




**Verkfæri**
15-30% afsláttur



**Heimilistæki**
20-40% afsláttur



**Smáraftæki**
20-40% afsláttur



**Búsáhöld**
30-70% afsláttur




**Málning**
20% afsláttur



**LJÓS**
30-50% afsláttur



**Blöndunar- og hreinlætistæki**
20-25% afsláttur



**Fatnaður**
30-70% afsláttur



**Gólfefni**
10-30% afsláttur



**Jólavörur**
30-70% afsláttur

## Gleðilegt nýtt ár!

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Forsetinn tók stjórnarskrármálið upp í ríkisráði og fyrrverandi forsætisráðherra kallar eftir viðbrögðum:

# Forsætisráðherra bregðist við íhlutun forsetans

**STJÓRNMÁL** Ríkisútvarpið sagði í gærkvöld að til fordæmalausra orðaskipta hefði komið á ríkisráðsfundi á gamlársdag eftir að Ólafur Ragnar Grímsson forseti lagði þar fram bókun um stjórnarskrármálið.

Fullyrti RÚV að engar heimildir væru um að áður hafi komið til orðaskipta í ríkisráði. Í tillögum um breytta stjórnarskrá væri lagt til að ríkisráð yrði lagt niður. Bent var á að forsetinn hefði sagt í ávarpi á nýársdag að þá hyrfi vettvangur fyrir samráð þjóðhöfðingja og ríkisstjórnar.

„Ég var ekki óánægður með það sem þar kom fram og fannst þar margt af skýrleika mælt. Á þessum fundi fór ekkert óeðlilegt fram sem ekki var fullkomlega í samræmi við leikreglur lýðræðisins,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra spurður hvort þeir sem sátu ríkisráðsfundinn hafi verið óánægðir með það sem þar gerðist.

„Ég tel að fundargerðir ríkisráðs eigi ekki að vera leyndarmál. Sú stofnun er þess eðlis, og sömuleiðis það sem þar fer fram, að það er engin þörf á því að hafa ekki fullkominn tærleika yfir fundargerðum hennar,“ bætir Össur við.

Hvorki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra né Steingrím J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra í gærkvöld til að fá þeirra sjónarmið. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, segir í grein í Fréttablaðinu í dag að „íhlutun“ forsetans á ríkisráðsfundinum hafi verið „formbundin stjórnskipuleg athöfn en ekki orðagjálfur í ræðu“. Ríkisráðið sé réttur vettvangur fyrir forsetann í þessum efnum.

„Rétt er að gera þá kröfu til forsætisráðherra að hann bregðist við íhlutun forsetans með málefnalegum sjónarmiðum í ríkisráðinu,“ skrifar Þorsteinn.

- gar / sjá síðu 12



**NÝÁRSÁVARP** Forseti Íslands sagðist í ríkisráði hafa hvatt „til samstöðu allra flokka“ í stjórnarskrármálinu.

**„Á þessum fundi fór ekkert óeðlilegt fram sem ekki var fullkomlega í samræmi við leikreglur lýðræðisins.**

*Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.*




# Hugo Chavez berst við lungnasýkingu

Sýking í lunga eftir skurðaðgerð á Kúbu ógnar bata Hugo Chavez, forseta Venesúela. Sýkingin kom upp eftir fjórðu skurðaðgerðina sem gerð var á Chavez á Kúbu vegna krabbameins sem hann berst við. Sverja á hann í embætti á ný eftir viku.

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, fær nú meðferð við „andnauð“ sem er fylgifiskur alvarlegrar lungnasýkingar, að því er fram kemur í yfirlýsingu stjórnvalda í Venesúela. Sýkingin kom upp eftir skurðaðgerð sem Chaves undirgekkst á sjúkrahúsi á Kúbu vegna krabbameins sem hann berst við í mjöðm. Forsetinn er 58 ára gamall.

Chavez hefur ekki komið fram opinberlega, eða frá honum heyrst, síðan hann gekkst undir aðgerðina á Kúbu 11. desember síðastliðinn. Aðgerðin er sú fjórða sem hann fer í á Kúbu í krabbameinsmeðferð sinni frá því í júní 2011. Þá hefur hann einnig gengist undir lyfja- og geislameðferð.

Yfirlýsing stjórnvalda rennir stoðum undir vangaveltur um að ekki verði hægt að sverja hann á ný inn í embætti forseta Venesúela eftir tæpa viku, tíunda janúar, líkt og til stóð.

„Chavez þarf að fást við eftirköst alvarlegrar sýkingar í öndunarfærum. Sýkingin hefur leitt til andnauðar sem leiðir af sér að Chavez forseti verður að fylgja nákvæmlega eftir því sem sagt er fyrir um í læknismeðferð hans,“ sagði Ernesto Villegas, upplýsingaráðherra Venesúela, í yfirlýsingu í sjónvarpi á fimmtudagskvöld.

Leiddar hafa verið að því líkur út frá yfirlýsingu stjórnvalda að Chavez sé haldið í öndunarvél. Nánari upplýsingar var hins vegar ekki að finna í yfirlýsingu stjórnvalda, hvorki um heilsu Chavez, né meðferðina sem hann undirgengst. Þó svo að ekki sé hægt að útiloka að Chavez sé svo illa haldinn, þá eru læknar sem fréttastofa AP hefur leitað til sammála um að óvarlegt sé að draga of víðtækar ályktanir út frá svo litlum upplýsingum. „Hann gæti verið í öndunarvél. Og hann gæti ekki verið í henni. Fólk getur fengið alvarlega öndunarfæraörðugleika án þess að þurfa að vera í öndunarvél,“ segir Michael Pishvaian, krabbameinslæknir við Lombardi-krabbameinsmiðstöðina við Georgetown-háskóla í Washington í Bandaríkjunum.

Stjórnvöld í Venesúela segjast hins vegar hafa fulla trú á heilbrigðisstarfsfólkinu sem annast Chavez og fordæma það sem þau nefna „leiðangur sálfræðihernaðar“ í alþjóðafjölmiðlum um ástand forsetans. Íbúar Venesúela eru hvattir til að gefa flökkusögum um heilsufar forseta landsins ekki gaum.

olikr@frettabladid.is



**Í CARACAS** Maður á biðstöð í Caracas í Venesúela undir veggspjöldum af Hugo Chavez, forseta landsins. Fregnir af heilsu forsetans hafa ýtt undir vangaveltur um að hann verði ekki svarinn aftur í embætti forseta 10. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Fyrstu ellefu mánuði síðasta árs voru hér nýskráð 1.605 einkahlutafélög:

# 32 prósenta fækkun gjaldþrota

**EFNAHAGSMÁL** Fyrstu ellefu mánuði síðasta árs voru 1.605 einkahlutafélög nýskráð en fjöldi gjaldþrota nam 977. Fram kemur á vef Hagstofu Íslands að frá fyrra ári hafi nýskráningum fyrstu ellefu mánuði nýliðins árs fjölgað um tæplega þrjú prósent, en gjaldþrotum fækkað um rúmlega 32 prósent.

Hagstofan birti í gær tölur um skráningu einkahlutafélaga og gjaldþrotaskipti í nóvembermánuði síðastliðnum.

„Í nóvembermánuði voru skráð 132 ný einkahlutafélög, flest í fasteignaviðskiptum og í fjármála- og vátryggingastarfsemi. Til samanburðar voru 165 ný einkahlutafélög skráð í nóvember í fyrra,“ segir í umfjöllun Hagstofunnar. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2011 voru nýskráð 1.563 fyrirtæki, miðað við 1.605 á sama tíma á síðasta ári.

„Þá voru 66 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í nóvembermánuði, flest í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum.“ Gjaldþrot fyrstu ellefu mánuði ársins fóru úr 1.441 árið 2011 í 977 árið 2012. Að því er fram kemur á vef Hagstofunnar eru flest gjaldþrot sem fram eru komin á árinu 2012 í flokknum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 198 talsins. Fjöldinn nemur rúmum 20 prósentum allra gjaldþrota tímabilsins.

- óká



**BYGGINGARVINNA** Fyrirtæki í byggingariðnaði fóru helst á hausinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**198**

Fyrstu ellefu mánuði ársins 2012 hafa 198 fyrirtæki á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar orðið gjaldþrota, eða fimmtungur allra gjaldþrota tímabilsins.

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# NÝR AURIS HYBRID

## SKAPAÐUR FYRIR ÞIG

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 62251 12/12




## FRUMSÝNUM NÝJAN AURIS HYBRID Í DAG MILLI KL. 12 OG 16

Nýr Auris Hybrid er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitsamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og og tengingu við farsíma opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Hybrid-kerfið tvinnar saman rafmótor og bensínvél sem notar aðeins 3,8 lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Sjö loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota í dag kl. 12-16 og skoðaðu nýjan Auris Hybrid sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð 4.690.000 kr.**

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is. Erum á Facebook - Toyota á Íslandi**

HYBRID

TOYOTA TOUCH & GO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**Lagersala**

**Tilboð óskast í lítinn rafvörulager í heild sinni.**

Lagerinn verður til sýnis milli kl. 16.30 og 18, fimmtudaginn 8. janúar 2013 að Hafnarbraut 3, Hvammstanga.

Tilboð skulu miðuð við staðgreiðslu auk vsk. Kaupandi sér um að pakka vörum og flytja af staðnum á eigin kostnað.

Tilboð sendist rafrænt á póstfangið olafur.jonsson@landsbankinn.is fyrir kl. 12, mánudaginn 14. janúar 2013.



**Andlegt ferðalag í Háteigskirkju – 12 spora námskeið**

**Í vetur verður 12 spora námskeið í Háteigskirkju sem ber nafnið Andlegt ferðalag með vinum í bata.**

Námskeiðið hefst á tveimur kynningarfundum í safnaðarheimili kirkjunnar **miðvikudagana 9. janúar og 16. janúar og hefjast þeir báðir kl 19.30.** Samverurnar verða svo vikulega í safnaðarheimili kirkjunnar á miðvikudögum milli kl. 19.30 - 21.30. Saman göngum við öruggum skrefum í gegnum sporin tólf. Síðasta samveran verður 15. maí.

**Allir eru hjartanlega velkomnir og það er ekkert þátttökugjald.**

**Nánari upplýsingar veittar á netfanginu hateigskirkja@hateigskirkja.is eða í síma 511 5400.**

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2013 - 2014.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 30. júní - 19. júlí 2013.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík **fyrir 1. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

**BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM BYLGJUNNAR**

vísir - oft á dag




**BERGMÁLSMÆLINGAR** Rannsóknirnar á Drekasvæðinu munu meðal annars felast í kortlagningu á hafsbotni og jarðlögum þar undir með bergmálsmælingum. Rannsóknarskipin draga á eftir sér kapla með nemum sem taka við merkjum frá sendi. Þegar gróf mynd er komin af svæðinu er svo farið betur yfir líklegustu svæðin og þau skoðuð í þrívídd áður en tilraunaboranir hefjast.

# Drekaleyfin tvö talin marka skýr kaflaskil

Orkustofnun gaf í gær út tvö leyfi til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu við Jan Mayen. Þetta eru fyrstu leyfin af þessari gerð og marka tímamót að mati atvinnuvegaráðherra. Norsk stjórnvöld taka þátt í verkefnunum.

**ORKUMÁL** Orkustofnun gaf í gær út fyrstu tvö leyfin til rannsókna og vinnslu á Drekasvæðinu svokallaða, suður af Jan Mayen. Þetta er í fyrsta sinn sem slík leyfi eru gefin út hér á landi, en norska ríkisolíufélagið Petero er aðili að báðum verkefnunum.

Rannsóknir taka nú við en það kemur að öllum líkindum ekki í ljós fyrr en eftir fimm til sex ár hvort olíu- eða gaslindir er að finna á svæðinu og rúmur áratugur er í að vinnsla hefjist, gangi allar áætlanir eftir. Þá munu hóparnir tveir hafa rétt til vinnslu, að uppfylltum ýmsum skilyrðum.

### „Alvörustimpill“

Guðni Jóhannesson orkumálastjóri segir þessa leyfisúthlutun vera afar mikilvægt skref. „Þetta er afar mikilvægt því að þessi fyrirtæki eru nú búin að skuldbinda sig til að halda áfram rannsóknum og í gegnum þau munum við fá stóraukna þekkingu á svæðinu, fyrir utan þann möguleika sem við höfum auðvitað að þarna finnist sannarlega eitthvað.“

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tekur undir það að hér sé um ákveðin tímamót að ræða. „Það er sannarlega kominn meiri alvörustimpill á leit og rannsókn en áður. Þarna eru komnir sterkir aðilar sem ráða við verkefnið.“

Leyfin eru tímasett og er skýrt kveðið á um rannsóknarferlið. Hjá hópnum sem Valiant Petrol fer fyrir er leyfið til tíu ára. Fyrsta rannsóknartímabilið er til fjögurra ára, þar sem farið verður yfir fyrirliggjandi gögn og nýjum gögnum um jarðlög safnað með endurkaststækni. Á öðru tímabili, frá 2017 til 2020, skal safna þrívíddargögnum af jarðlögum og á síðasta tímabilinu er gert ráð fyrir tilraunaborunum.

Hjá Faroe Petroleum-hópnum er leyfið til sjö ára. Fyrsta tímabilið er tvö ár þar sem farið skal yfir og endurmeta fyrirliggjandi gögn af svæðinu en á öðru tímabilinu, sem er einnig til tveggja ára, skal gera nýja endurvarpsrannsókn og safna gögnum af hafsbotni áður en tekið er til við rannsóknarboranir á árunum 2017 til 2020.

Gunnlaugur Jónsson, stjórnarformaður Kolefnis, sem fer fyrir fyrrnefnda hópnum, segist í samtali við Fréttablaðið fagna áfanganum. Nú taki við rannsóknavinna sem útheimti talsverð fjárútlát. Hann giskar á að kostnaðurinn við fyrstu tvö stig rannsóknanna gæti verið á bilinu tíu til tuttugu milljónir Bandaríkjadala, en tilraunaboranirnar gætu kostað um 200 milljónir dala. „Allt er þetta vissulega kostnaðarsamt en vinnsluleyfið er forsenda þess að leggja út fyrir slíkum rannsóknum.“



**TÍMAMÓT** Steingrímur J. Sigfússon, Guðni Jóhannesson og Ola Borten Moe olíumálaráðherra Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hverir standa á bak við sérleyfin?

Annað sérleyfið fer til hóps sem er svo skipaður með eignarhlutfall í sviga: Íslenskt kolvetni (7,5%), Faroe Petroleum (67,5%) og Petoro Iceland (25%) sem er í eigu norska ríkisins. Rannsóknarsvæði er 2.704 ferkílómetrar að flatarmáli.

Eigendur Íslensks kolvetnis eru Olís, verkfræðistofan Verkís og eignarhaldsfélagið Dreki Holding, sem er í eigu Gísla Baldurs Garðarssonar, stjórnarformanns Olís.

Um hitt leyfið eru félögin Kolvetni (18,75%), Valiant Petroleum (56,25%) og Petoro Iceland (25%). Rannsóknarsvæðið er 1.119 ferkílómetrar að flatarmáli.

Eigendur Kolvetnis eru Jón Helgi Guðmundsson, aðaleigandi Byko, Gunnlaugur Jónsson, Norðmaðurinn Terje Hagevang og verkfræðistofan Mannvit.

### Þátttaka Noregs

Aðkoma Norðmanna vekur athygli, en þetta er í fyrsta sinn sem þeir taka beinan þátt í verkefnum utan eigin landgrunns. Steingrímur segir það ekki síður marka tímamót. „Það að Norðmenn komi inn í þetta verkefni af krafti er mikill styrkur. Það bæði þéttir samstarfið milli Íslands og Noregs og eins fáum við aðgang að þeirra tækni og þekkingu og ekki síst hvað varðar umhverfismál, öryggi og annað slíkt.“ Steingrímur bætir við að Norðmenn séu að hefja sama ferli sín megin á Drekasvæðinu og það gefi ákveðna öryggistilfinningu, til dæmis þegar komi að því að hefja vinnslu.

Kristján Jóhannsson, stjórnarformaður Íslensks kolvetnis, sem er með Faroe Petroleum, segir aðkomu Petoro hafa gefið verkefninu meira vægi. „Það gladdi okkur mjög að Petoro ákvað að vera með og það sannfærði okkur um að við erum ekki með neinar ranghugmyndir um svæðið.“

### Sterkari umhverfisviðmið

Eitt stærsta atriðið varðandi olíu- eða gasvinnslu á norðurslóðum er umhverfisþátturinn og hætta á mengunarslysum. Steingrímur segir að áhættan sé ljós. „Þarna verður stigið varlega til jarðar og gerðar ýtrustu kröfur. Það sem miklu máli skiptir fyrir Ísland er að nota tímann vel á meðan rannsóknir standa yfir í næstu fimm til sjö árin eða svo, að við búum okkur vel undir að takast á við næstu skref, hugsanlega hvort eigi að leyfa boranir.“

> **Það er sannarlega kominn meiri alvörustimpill á leit og rannsókn en áður. Þarna eru komnir sterkir aðilar sem ráða við verkefnið.**
>
> *Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra*

Orkumálastjóri segir brýnt að huga að umhverfismálum. Miðað verði við norskar reglur, sem hann segir þær ströngustu í heimi. „Hins vegar má taka fram að þrátt fyrir að svæðið sé norðan heimskautsbaugs er það í Golfstraumnum þannig að um tiltölulega hlýtt og ísfrítt svæði er að ræða. Þetta eru í sjálfu sér ekki erfiðari náttúrulegar aðstæður en til dæmis í Norðursjó eða Barentshafi.“

### Vonir og væntingar

Þótt miklar væntingar séu gerðar til Drekasvæðisins og hugsanlegrar olíuvinnslu þar og áhrifa sem slíkt gæti haft á íslenskt efnahagslíf eru enn mörg ár þar til ljóst verður hvort olía er þar og hvort hún verður í vinnanlegu magni.

Kristján hjá Íslensku kolefni segir til dæmis margt enn á huldu þó að ýmislegt lofi góðu.

„Þetta er verkefni til langs tíma þannig að þolinmæði er undirtónninn. Vonin er vissulega fyrir hendi en við vitum ekki hvernig fer.“

thorgils@frettabladid.is




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg og Akureyri, opið í dag frá 10 til 18. Sími 519 6000.






**FUNDURINN Í GÆR** Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins funduðu á skrifstofu ASÍ í Guðrúnartúni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ræddu endurskoðaðan kjarasamning

Aðilar vinnumarkaðarins funduðu í gær um endurskoðun kjarasamninga. Gildandi samningar kveða á um 3,25% hækkun í febrúar en forsendur hafa brostið.

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) hófu í gær viðræður um endurskoðun gildandi kjarasamninga. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins funduðu í höfuðstöðvum ASÍ í Guðrúnartúni í gærmorgun en ASÍ hefur sett fram kröfu um hærri launahækkanir en gert er ráð fyrir í samningunum.

Samkvæmt kjarasamningum munu laun á vinnumarkaði hækka um 3,25% um næstu mánaðamót. Aðilar vinnumarkaðarins hafa hins vegar hvorir um sig rétt á því að krefjast endurskoðunar á samningnum en ákvörðun um slíkt þarf að liggja fyrir í síðasta lagi 21. janúar næstkomandi.

„Við vorum einfaldlega að ræða þá stöðu sem upp er komin. Forsendur kjarasamningsins hafa ekki allar haldið,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri ASÍ, og bætir við: „Þessi forsendubrestur bitnar á báðum og við erum nú að ræða hvernig sé best að bregðast við.“

Vilhjálmur segir að SA muni ekki hafa frumkvæði að því að opna kjarasamninginn en telji jafnframt að fremur væri rétt að lækka umsamdar launahækkanir en að hækka þær. „Við teljum að það sé best til lengri tíma að vinna bug á verðbólgunni og þú gerir það ekki með því að búa til meiri verðbólgu,“ segir Vilhjálmur.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir liggja fyrir að ASÍ hafi sett fram kröfu um hærri launahækkanir þar sem verðbólga hafi reynst hærri en forsendur kjarasamningsins gerðu ráð fyrir. Hann vill hins vegar ekki tjá sig um hvað fór fram á fundinum í gær fyrr en að loknum formannafundi ASÍ á mánudag.

Núgildandi kjarasamningur var undirritaður í maí 2011. Byggði hann á nokkrum forsendum sem ekki hafa staðist en þannig var gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu nú um áramótin og því að gengisvísitala krónunnar væri 190 stig. Verðbólga mælist hins vegar 4,2% og þá er gengisvísitalan rúm 231,5 stig. Í samningum var einnig sú forsenda að kaupmáttur hefði aukist á árinu 2012 og sú forsenda hefur staðist þótt kaupmáttaraukningin hafi orðið minni en vonast var eftir.

Seðlabanki Íslands hefur lýst yfir áhyggjum af því að endurskoðun kjarasamninga myndi hafa í för með sér meiri launahækkanir en þegar hefur verið samið um. Telur Seðlabankinn að frekari launahækkanir myndi leiða út í verðlag og hefur bankinn því lýst því yfir að þörf gæti verið á vaxtahækkunum, verði laun hækkuð frekar.

magnusl@frettabladid.is



**HÓTEL VALHÖLL** Brann til kaldra kola í júlí 2009.

Tæknilegt mat verkfræðinga en eftir að vega sjónræn áhrif:

## Hakið hentar nýrri Valhöll best

**ÞJÓÐGARÐAR** Staðarval fyrir „nýja Valhöll“ á Þingvöllum er enn til umræðu hjá Þingvallanefnd. Á fundi nefndarinnar í desember var kynnt verkfræðileg úttekt sem tók til samgöngukerfis, veitukerfis, jarðfræði, verndar vatnasviðs og fleira.

„Uppbygging við Hakið fellur best að þeim matsþáttum sem til skoðunar voru. Næst væri það Gjábakki, svo Efri-Vellir og að lokum Valhallarsvæðið,“ segir í fundargerð Þingvallanefndar sem undirstrikar að mat verkfræðistofunnar byggist eingöngu á tæknilegum forsendum. „Eftir er að skoða svæðin með tilliti til sjónrænna áhrifa, notagildis og annarra þátta sem skoðaðir verða í framhaldi af þessari úttekt.“

- gar

HONDA
The Power of Dreams

# Jazz Elegance HYBRID

1.3i IMA hybrid kerfi - 102 hestöfl
$CO_2$ 104g/km - eyðsla í blönduðum akstri 4,5l/100km
15“ álfelgur
Sjálfskiptur
SRS loftpúðar fyrir ökumann og farþega
SRS hliðarloftpúðar
Loftpúðagardínur
Aftengjanlegur loftpúði fyrir farþega í framsæti
ABS hemlalæsivörn
VSA stöðugleikakerfi
EBD hemlaátaksdreifing
EPS rafstýrt aflstýri
EBA neyðarhemlun
Höfuðpúðar og 3ja punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
ISOFix barnastólafestingar
Fjölstillanleg töfrasæti
Samlitir stuðarar, hliðarspeglar og hurðahandföng
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Díóðustefnuljós í hliðarspeglum
Þokuljós að framan
Hágæða hljómflutningstæki með geislaspilara og RDS útvarpi
USB og aux tengi fyrir iPod/MP3 spilara
Tölvustýrð loftkæling með frjókornasíu
Rafmagn í rúðum að framan og aftan
Skriðstillir (Cruise control)
Loftkæling í hanskahólfi
Dökkar hliðarrúður
Armpúði fyrir bílstjóra
Þjófavarnarkerfi
Regnskynjari
og margt fleira

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★

## kr. 3.690.000
**sjálfskiptur**




www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Nú á að nota tímann til að móta ýtarlega stefnu:

# Olíuævintýri?

Margir höfðu orðið olíuævintýri á vörum í gær, þegar skrifað var undir fyrstu sérleyfin til að leita að olíu á Drekasvæðinu. Bæði íslenzkir ráðamenn og útlendir samstarfsaðilar eru feikibjartsýnir á að olía kunni að finnast og Ísland verði innan nokkurra ára orðið olíuríki.

Það gæti vissulega orðið niðurstaðan. En útkoman er enn um sinn mikilli óvissu háð. Það er ekki víst að olía finnist í vinnanlegu magni. Þótt hún sé til, er ekki þar með sagt að hagkvæmt sé að vinna hana. Víða um heiminn er verið að leita að olíu og aðstæður í Norður-Atlantshafinu eru að mörgu leyti erfiðar. Stóraukið framboð á jarðgasi, sem unnið er úr leirsteinslögum og fjallað var um í helgarblaði Fréttablaðsins fyrir hálfum mánuði, getur breytt alþjóðlegum orkumarkaði og gert vinnsluna óhagkvæma.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Verði niðurstaðan engu að síður sú að hagkvæmt sé að bora eftir olíu á Drekasvæðinu er ótal spurningum ósvarað. Íslenzk stjórnvöld hafa enn sem komið er eingöngu mótað stefnu um skattlagningu olíufyrirtækjanna. Að öðru leyti vantar stefnumótun um það hvernig olíuríkið Ísland ætti að haga sér.

Eitt stórt álitamál snýr að umhverfismálunum. Olíuvinnsla getur verið áhættusamur bransi, eins og stórslysið í Mexíkóflóa fyrir fáeinum árum sýndi vel. Sambærilegt slys hefði enn alvarlegri áhrif á viðkvæmt lífríki norðurhafa og gæti stórskaðað útflutningshagsmuni Íslands í sjávarútvegi og annarri matvælavinnslu. Verði olíuvinnsla á annað borð leyfð, verður að gera til hennar gríðarlega strangar öryggiskröfur.

Við mótun stefnu hljóta að vegast á annars vegar vonir um hagnað af olíuvinnslu og hins vegar sjónarmið um varðveizlu ímyndar Íslands sem lands hreinleika – og lands sem vill vera í forystuhlutverki á sviði þróunar loftslagsvænnar tækni og nýtingar annarra orkugjafa en jarðefnaeldsneytis.

Það er yfirlýst markmið íslenzkra stjórnvalda að draga stórlega úr notkun jarðefnaeldsneytis og ákveðin þversögn í því fólgin að hefja þá vinnslu á því í stórum stíl. Á móti kemur það sjónarmið að olían mun áfram sjá heimsbyggðinni fyrir hluta orkuþarfar sinnar um langa framtíð og það væri ekki skynsamlegt að láta gríðarleg verðmæti á íslenzku yfirráðasvæði liggja ónýtt.

Vítin eru líka til að varast þau hvað varðar áhrif olíuarðsins á hagkerfið. Olíuauðurinn olli á sínum tíma ofþenslu og sveiflum í Noregi. Norðmenn tóku hins vegar þá skynsamlegu ákvörðun að læra af þeirri reynslu og stofna margfrægan olíusjóð sinn. Það blasir við að hér verði strax farin sama leið, ekki sízt í ljósi þess að olían er ekki endurnýjanleg auðlind og finna þarf leiðir til að komandi kynslóðir eignist einnig hlutdeild í arðinum af henni, en honum verði ekki sólundað jafnóðum.

Það er heldur að mörgu leyti ekki hollt fyrir íslenzkt hagkerfi að verða enn háðara náttúruauðlindum en það er í dag. Lönd sem eru rík af auðlindum vanrækja oft mannauð, menntun og þekkingargreinar sem geta stuðlað að sjálfbærum langtímahagvexti. Við þurfum að átta okkur fyrirfram á að sú hætta getur enn aukizt og vinna á móti henni.

Nokkur ár munu líða þangað til fyrir liggur hvort hægt er að hefja olíuboranir á Drekasvæðinu. Þann tíma þarf að nýta til að móta heildstæða stefnu um þessi mál.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871


Rósirnar heilsurækt – vor 2013
Baðhúsið Brautarholti og
Sundlaug Sjálfsbjargar í Hátúni
Berglind, zumba-, aquazumba-, fitpilates- og þolfimikennari

**Stundatafla:**
**Mánudagar** 17:30 Baðhúsið
BRENNSLA, (zumba, stöðvar og margt fleira)
**Þriðjudagar** 18:00 Sundlaug
VATNSLEIKFIMI, (zumba og þolfimi í vatni)
**Miðvikudagar** 17:30 Baðhúsið
KÓSÝ, (kviður, bak og rass, slökun og teygjur)
**Fimmtudagar** 18:00 Sundlaug
VATNSLEIKFIMI, (zumba og þolfimi í vatni)

Verðskrá janúar til maí:
2x í viku kr. 32.500 (ATH 5 mánuðir)
3x – 4x í viku kr. 50.000 (ATH 5 mánuðir)

**Markmið Rósanna vor 2013**
- að setja okkur sjálfar í fyrsta sæti
- að efla sjálfstraustið
- að sættast við okkur eins og við erum
- að æfa skemmtilega líkamsrækt
- að æfa í uppbyggjandi félagsskap
- að taka eitt skref í einu
- að neyta fjölbreyttrar fæðu 4x á dag
- að fá okkur einu sinni á diskinn
- að sleppa narti á milli mála
- að breyta hugarfarinu
- að hugsa jákvætt og rökrétt

Skráðu þig í síma 891-6901 eða á e.berglind@simnet.is
Kærleikskveðja
Berglind




## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Hvöss en hófsöm hirting



Það bar ekki við um þessi áramót að forystumenn stjórnmálaflokkanna sendu frá sér boðskap sem líklegur er til að brjóta upp lokaða pólitíska stöðu. Vandinn er ekki skortur á hugmyndum; fremur hitt að ekki verður séð að unnt sé að binda þær saman með breiðri málamiðlun og af nægjanlegum styrk.

Í nýársávarpinu setti forseti Íslands á hinn bóginn stórt strik í reikninginn til að breyta rás stjórnarskrármálsins og gera kröfur um ríkari samstöðu. Það var tilraun til að hefja málið úr átakafarvegi eða leiða það úr blindgötu og knýja forsætisráðherra til að sýna þessu mikla viðfangsefni málefnalega virðingu.

Við venjulegar aðstæður er það ekki hlutverk þjóðhöfðingjans að blanda sér í viðfangsefni á þennan veg. Alla jafna væri það tilefni harðrar gagnrýni. Segja má að stjórnarskrárendurskoðun sé helsta málefnið sem réttlætt getur slíkt inngrip af hans hálfu og þó því aðeins að í mikið óefni stefni.

Að öllu virtu verður að fallast á það stöðumat með forsetanum að rétt hafi verið að taka í taumana í ljósi þess hvernig forsætisráðherra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hafa haldið á málinu eftir að stjórnlagaráð skilaði tillögum sínum fyrir einu og hálfu ári. Jafnvel má líta svo á að forsetanum hafi verið þetta skylt eins og málið er vaxið.

Hirting forsetans var sannarlega óvenjuleg og hvöss en um leið hófsöm og studd málefnalegum athugasemdum.

# Tímamót í ríkisráðinu

Skoða þarf íhlutun forsetans í því ljósi að ýmsir hafa áður talað á sama veg og gefið svipuð ráð um vandaðri málsmeðferð á Alþingi. Þá hafa allir helstu sérfræðingar í stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræðum við háskólana sett fram fræðileg sjónarmið um margvísleg álitaefni sem ekki hafa verið nægjanlega skoðuð, jafnframt því að leggja á ráðin um agaðri og málefnalegri vinnubrögð.

Í lýðræðisþjóðfélagi er ekki unnt að skella skollaeyrum við slíkum athugasemdum. Forsetinn blandaði sér ekki í málið fyrr en fullreynt var að forsætisráðherra ætlaði ekki að hlusta. Sjálfur reifaði forsetinn ýmis álitaefni varðandi stjórnarskrána við þingsetningu haustið 2011. Viðvörunarljósin hafa því logað lengi. Aftur á móti hefur forsætisráðherra ekki svarað einni einustu athugasemd efnislega. Talsmenn hans hafa hins vegar ekki sparað háskólasamfélaginu háðsglósurnar.

Forsetinn gerði grein fyrir íhlutun sinni á fundi ríkisráðs daginn fyrir nýársávarpið. Hún var því formbundin stjórnskipuleg athöfn en ekki orðagjálfur í ræðu. Ríkisráðið er réttur vettvangur fyrir forsetann til athafna sem þessara. Það lýsir stjórnskipulegu mikilvægi málsins að leita þarf í skjalasöfnum að fordæmi fyrir því að forseti hafi gripið til þessa ráðs í ríkisráðinu.

Forsetinn taldi sig hafa hvort tveggja gild rök og pólitískt afl til að taka stærsta mál ríkisstjórnarinnar fyrir á þessum vettvangi í því augnamiði að breyta framgangi þess og hvetja til breiðari samstöðu um efni þess. Það er stórt skref og markar stjórnskipulega nokkur tímamót.

Rétt er að gera þá kröfu til forsætisráðherra að hann bregðist við íhlutun forsetans með málefnalegum sjónarmiðum í ríkisráðinu. Síðan ber honum að gera Alþingi og þjóðinni grein fyrir þeim. Furðu sætir að ekki skuli þegar hafa verið boðað til nýs ríkisráðsfundar í þeim tilgangi.

# Til hvers ríkisráð?

Forsetinn greindi þau álitaefni sem þarfnast frekari skoðunar nokkuð ítarlega. Það eru ekki síst atriði sem lúta að stjórnskipulaginu sjálfu og þeim leikreglum sem gilda eiga í óhjákvæmilegu samspili löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins.

Hver einstök grein í stjórnarskrá kallar á jafn mikla rannsókn og jafn ítarlegar umræður eins og heill lagabálkur í almennri löggjöf. Forsetinn hefur einfaldlega bent á að þessi vinna er að stórum hluta eftir.

Athugasemdir forsetans við þá hugmynd að leggja ríkisráðið niður er athyglisverð í ljósi þess að hann hafði engan annan stjórnskipulegan vettvang til að grípa inn í þetta mál. Þó að slíkar athafnir forseta eigi að takmarkast við yfirvofandi stjórnskipuleg stórslys má af þessu ráða að hyggilegt getur verið að viðhalda þessari stofnun æðstu handhafa framkvæmdavaldsins.

Reynslan sýnir líka að í tíð fjögurra síðustu ríkisstjórna hafa ráðherrar stöku sinnum haft ærnar ástæður, jafnvel skyldu, til að nota þennan vettvang til að kippa forsetanum niður á jörðina. Af einhverjum ástæðum hafa þeir þó látið það vera. En málið er að hvorki forsetinn né ráðherrarnir mega hanga í stjórnskipulega lausu lofti við slíkar aðstæður telji þeir athafna þörf.



**VW Golf Trendl. 1,6**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 93.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.390.000,-**
**Tilboð 1.090.000,-**

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA BETRI KAUP

## Úrval notaðra bíla á sérstöku tilboðsverði. Komdu við í HEKLU milli kl. 12-16 í dag og prófaðu einn af gæðingunum!



**Tilboð 1.050.000,-**

**VW Polo** Comfortline 1,4
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 82.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.350.000,-**



**Tilboð 1.090.000,-**

**VW Golf** Trendline
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 91.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.390.000,-**



**Tilboð 2.290.000,-**

**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 50.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.690.000,-**



**Tilboð 5.790.000,-**

**Audi Q7** 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 77.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 6.390.000,-**



**Tilboð 3.090.000,-**

**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 157.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.390.000,-**



**Tilboð 2.690.000,-**

**VW Passat** Comfortline
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 83.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.990.000,-**



**Tilboð 2.690.000,-**

**VW Touareg** R5 TDi
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 151.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.690.000,-**



**Tilboð 1.790.000,-**

**Suzuki** Grand Vitara
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 86.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.190.000,-**



**Tilboð 2.990.000,-**

**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.450.000,-**



**VW Polo** Trendl. TDI 1.2
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 22.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.350.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.250.000,-**



**VW Golf** Trendl TDi 1,6
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 22.500 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.050.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**




**Volt er hlaðinn verðlaunum**
Chevrolet Volt hefur verið á Bandaríkjamarkaði í tvö ár og eigendur hans hafa sett hann á topp ánægjulistans bæði árin. Volt var útnefndur Bíll ársins 2011, fyrstur rafbíla, bæði af sérfræðingum Automobile magazine og Motor Trend. Volt var líka kosinn Umhverfisbíll ársins 2011 af Green Car Journal og toppaði svo hjá evrópskum bílablaðamönnum, sem sæmdu hann titlinum Bíll ársins 2012, á bílasýningunni í Genf.

**Þú ekur á daginn og hleður á nóttunni**
Bandarísk könnun sýnir að hjá flestum Volteigendum sem hlaða bílana reglulega, geta liðið allt að sex vikur á milli heimsókna á bensínstöðvar. Einnig sýnir sama könnun að algengt er að rafmagnið dugi í allan daglegan akstur og menn segi bless við bensínið fyrir fullt og allt.

2011 MOTOR TREND CAR OF THE YEAR

CAR OF THE YEAR

WORLD GREEN CAR
WORLD CAR AWARDS




Nánari upplýsingar um Volt á benni.is

5 stjörnu öryggi

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

## ORÐ VIKUNNAR
30.12.2012 ➜ 04.01.2013




## UMMÆLI VIKUNNAR

„Hefði ég ekki verið með gleraugu hefði flugeldurinn farið inn í augntóftina og hreinlega rifið af mér höfuðið – ég hefði aldrei lifað það af.“

*Baldur Sigurðarson var heppinn að sleppa með skaða á öðru auga þegar skotterta sprakk framan í hann á gamlárskvöld.*

„Það hefur lengi tíðkast á Íslandi að frjáls félagasamtök safni miklu fé til tækjakaupa fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir og þau hafa kannski gert það af meiri auðmýkt en kirkjan og ekki básúnað um þessi góðverk sín í áramótaspjalli.“

*Þingkonan Sigríður Ingibjörg Ingadóttir var ekki par sátt við að Þjóðkirkjan ætlaði að standa fyrir söfnun fyrir Landspítalann.*



„Frumvarpið að nýrri stjórnarskrá [...] býr líka til allt annað stjórnkerfi en við höfum búið að frá lýðveldisstofnun; yrði tilraun um stjórnkerfi sem ætti sér engan líka á Vesturlöndum.“

*Ólafur Ragnar Grímsson forseti hvetur til þess að tillögur að nýrri stjórnarskrá verði endurskoðaðar rækilega.*

# Biskup í góðum samhljómi

LANDSSÖFNUN



**Einar Karl Haraldsson**
sjálfstætt starfandi í almannatengslum

Það eru tíðindi þegar forystukona Samfylkingarinnar í Reykjavík telur sig ekki hafa annað þarfara að gera en að veitast að Agnesi Sigurðardóttur, biskupi Íslands, fyrir hugmynd hennar um að þjóðkirkjan beiti sér fyrir landssöfnun í þágu tækjakaupa til Landspítalans.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur verið áhrifamanneskja í fjárlaganefnd á þessu kjörtímabili og átt sinn þátt í ákvörðunum um að hlunnfara þjóðkirkjuna árum saman. Skýrsla sem unnin var fyrir innanríkisráðherra sýnir svo ekki verður um villst að þjóðkirkjunni, svo og öðrum trúfélögum í landinu, hefur verið gert að taka á sig miklu meiri skerðingar en stofnanir ráðuneytisins á þrengingartímum. Þessar umframskerðingar teljast í milljörðum króna á kjörtímabilinu.

### Sjálfstætt trúfélag

Þjóðkirkjan er samkvæmt lögum sjálfstætt trúfélag sem nýtur sjálfræðis innan lögmæltra marka. Fjárhagur hennar byggir á samningum við ríkisvaldið vegna afraksturs af kirkjujörðum og samkomulagi um innheimtu sóknargjalda. Sigríður Ingibjörg kýs að viðurkenna ekki þennan grundvöll og kallar kirkjuna í fjölmiðlum ríkisstofnun! Þetta er af sama meiði og barátta fjárlaganefndar á síðustu árum gegn mörkuðum tekjustofnum. Það er hægt að vera þeirrar skoðunar að lögfestir samningar og mörkun tekjustofna til ákveðinna verkefna séu börn síns tíma, og þurfi endurskoðunar við. En það er hins vegar ekki hægt að komast fram hjá því að ákvarðanir þar um eiga sér sína sögu, byggja á samkomulagi og samningum frá liðnum árum, sem lifandi fólk man og skilur, enda þótt nýir þingmenn vilji geta verið frjálsir af sögunni.

### Ósvífni

Það er hægt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir þekki sögulegan bakgrunn málaflokka sem þeir taka ákvarðanir um þótt hann sé þeim ekki að skapi. Þannig er það ósvífni af Sigríði Ingibjörgu að halda því fram að kirkjan hafi sótt fast á auknar fjárveitingar. Hún hefur á hinn bóginn farið þess auðmjúklega á leit að ríkið skili einhverju af því sem það hefur oftekið af kirkjunni miðað við sanngjarna mælikvarða. Það er líka óþarfi að tala um „meintan“ fjárskort þegar fyrir liggja upplýsingar hjá stjórnvöldum um hvernig ofurniðurskurðurinn hefur bitnað á safnaðarstarfi. Og gamalt trikk um að tefla fjárlagaliðum hverjum gegn öðrum ætti að vera fyrir neðan virðingu oddvita í stjórnmálum.

Fjandskapur þingmannsins í garð þjóðkirkjunnar er öllum ljós þegar hér er komið sögu. Hann er ekki í samhljómi við afstöðu almennings í landinu eins og vel kom fram í nýlegri atkvæðagreiðslu meðal landsmanna um stjórnarskrárákvæði. Það lýsir líka mikilli vanþekkingu á kirkjustarfi að tala um að „ríkisstofnun“ sem „þiggi fé frá ríkinu“ eigi helst ekki að liðsinna annarri ríkisstofnun. Þarna talar valdsmaðurinn niður til þúsunda virkra meðlima í söfnuðum landsins, sem svo sannarlega eru vanir því að taka til hendinni í söfnunum. Um það vitnar Hjálparstarf kirkjunnar sem er ein virtasta hjálparstofnun landsins á erlendum sem innlendum vettvangi. Það fer einnig vaxandi að söfnuðir standi við messuliðinn „kollektu“ og efni til samskota til góðra málefna í hverri guðsþjónustu. Þannig skila samskot í þeim söfnuði sem ég tilheyri nærri þremur milljónum króna til hjálpar- og líknarstarfs árlega.

### Frjáls framlög

Frumkvæði Agnesar biskups er því í góðum samhljómi við það kirkjustarf sem fram fer í landinu. Það kemur fjárhagsmálum kirkjunnar raunar ekkert við því biskup er að hvetja til frjálsra framlaga og beina styrk þjóðkirkjufólks sem virkra einstaklinga um land allt að afmörkuðu og þörfu verkefni. Ástandið í tækjamálum Landspítalans er síður en svo eingöngu á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar en þörfin á úrbótum í þágu landsmanna allra er almennt viðurkennd.

Auðvitað ættu þingmenn að fagna þessu frumkvæði. Sérstaklega konur úr þeirra hópi því ekki má gleyma að í hornstein gömlu spítalabyggingarinnar, sem lagður var í júní 1926, er þetta greypt: „Hús þetta – LANDSPÍTALINN – var reistur fyrir fje, sem íslenskar konur höfðu safnað og Alþingi veitti á fjárlögum til þess að: LÍKNA OG LÆKNA.“ Æ síðan hafa konur verið í fararbroddi þegar um hefur verið að ræða framfarir í heilbrigðismálum og nýja áfanga hjá Landspítalanum. Hingað til hefur ekki verið kvartað yfir slíku liðsinni af hálfu Alþingis. Án þess að ég viti það er ekki ólíklegt að Agnes biskup hafi haft þessa sögu í huga þegar hún sem fyrsta konan á biskupsstóli lætur að sér kveða með lofsverðu framtaki.

**➜ Það er hægt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir þekki sögulegan bakgrunn málaflokka sem þeir taka ákvarðanir um þótt hann sé þeim ekki að skapi. Þannig er það ósvífni af Sigríði Ingibjörgu að halda því fram að kirkjan hafi sótt fast á auknar fjárveitingar. Hún hefur á hinn bóginn farið þess auðmjúklega á leit að ríkið skili einhverju af því sem það hefur oftekið af kirkjunni miðað við sanngjarna mælikvarða.**




## Skoðun visir.is

**1.488**
MIÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR
**Ef amma væri að lesa**
*Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur.*

**695**
FIMMTUDAGUR 3. JANÚAR
**Eva Joly og afkvæmið**
*Kristín Þorsteinsdóttir fv. fréttamaður.*

**304**
LAUGARDAGUR 29. DESEMBER
**Trúleysingjar í jólafríi**
*Jón Sigurður Eyjólfsson pistlahöfundur.*

**279**
MÁNUDAGUR 31. DESEMBER
**Gíslar á Uppsölum**
*Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur.*

**273**
MIÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR
**Söfnun undir merki samkenndar**
*Ólafur Stephensen ritstjóri.*

**181**
MIÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR
**Tolkien sýnd nægileg virðing?**
*Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður.*

**124**
FIMMTUDAGUR 3. JANÚAR
**Rökþrota prestur**
*Reimar Pétursson hæstaréttarlögmaður.*

# Bless bensín




Nú getur þú fækkað
heimsóknum á bensínstöðvar.

VOLT
-rafmagnaður



**Margrét Erla Maack fjölmiðlakona**

### Húllasessjón fyrir matarklúbb

„Laugardagur: Húllasessjón heima við með karmenrúllur til að koma mér í stemningu fyrir matarklúbb um kvöldið. Sunnudagur: Vonandi vakin með harmonikuleik en býst annars við að vera lítil í mér þar til ég fagna þrítugsafmæli Arnórs, vinar míns, með sushi.“



**Saga Garðarsdóttir leikkona**

### Dýrin í Hálsaskógi

„Ég ætla að hafa eiturlyfja- og barnaþema. Horfa á myndir um börn í heróínneyslu og sýna svo Dýrin í Hálsaskógi, eða ópíum barnanna eins og ég orða það.“



**Daði Freyr Pétursson tónlistarmaður**

### Potter-maraþon

„Ég fer heim í sveitina og ætla að hafa það rólegt þar. Svo ætla ég að vera með Harry Potter-maraþon og horfa á allar myndirnar á þremur dögum.“



**Atli Fannar Bjarkason, Bjartri framtíð**

### Afmæli og æfing

„Það er auðvitað alltof mikið að gera eins og venjulega. En ég ætla að reyna að komast í afmæli hjá vini, drykk með vinkonum og á körfuboltaæfingu með snillingum.“

# Kemst vonandi heim fyrir vorið

Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstjóri á Hótel Djúpavík á Ströndum, hlaut fálkaorðu á nýársdag fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifðum byggðum. Hún hefur rekið hótelið í rúm 27 ár og sýnt mikla þrautseigju.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Forsetinn tók það fram að orðan væri þakklætisvottur frá allri þjóðinni og ég er mjög ánægð og hreykin, ég verð að segja það alveg eins og er,“ segir Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelstjóri í Djúpavík á Ströndum, um þá tilfinningu að taka við riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu úr hendi forsetans fyrir starf sitt. Síðan heldur hún áfram. „Maðurinn minn, Ásbjörn Þorgilsson, á heiðurinn náttúrlega með mér, fyrst og fremst. Síðan börnin okkar og aðrir sem hafa tekið þátt í þessu með okkur. Mér finnst þetta vera viðurkenning til þeirra allra.“

**Þurftu næstum að beita byssu**

Eva og Ásbjörn eru einu íbúarnir í Djúpavík að vetrinum en líflegra er á öðrum árstímum því nokkrir eiga sumarhús í víkinni, auk þess sem staðurinn heillar ferðalanga. Hótel Djúpavík var opnað sumarið 1985 og Eva segir það opið allt árið. „Ef fólk kemst til okkar tökum við á móti því. En við verðum alltaf að vara það við ef veðurspáin er vond og um tvísýnu er að ræða því möguleikarnir á að komast um svæðið eru svo takmarkaðir þegar snjóar. Vegakerfið hjá okkur er þannig.“

Snjór, ófærð og rafmagnsleysi hafa sett svip sinn á daglegt líf í Árneshreppi undanfarið, eins og stundum áður. Hvernig skyldi Evu hafa gengið suður? „Við hjónin þurftum, lá við, að setja byssu í bakið á vegagerðarmönnum til að ryðja fyrir okkur. Við fengum líka að heyra að ekki væri víst að þessi eini snjómokstur sem okkur er skammtaður fram á vormánuði yrði neitt á næstunni. Við eigum því ekkert tryggt að komast heim í bráð.“

Aðspurð segir Eva rafmagnið hafa farið af í Djúpavík rétt eftir að þau hjón fóru suður og verið úti í þrjá og hálfan sólarhring. Hefur hún ekki áhyggjur af matnum í frystinum? „Fyrst frystigeymslurnar voru ekkert opnaðar ætti hann að hafa sloppið.“

**Pússa og fægja starfsemina**

Hótel Djúpavík var byggt á þriðja áratug síðustu aldar. Þar eru átta tveggja manna herbergi og matsalur. Eva og Ásbjörn hafa bætt við gistirýmið með því að taka í notkun annað hús sem þau áttu og byggja eitt í viðbót. „Við höfum náttúrlega verið að pússa og fægja starfsemina látlaust og Ásbjörn er líka alltaf að taka gömlu síldarverksmiðjuna í gegn. Þar eru ýmsar listsýningar og ljósmyndasýningar settar upp og eins erum við með fasta sýningu sem heitir Sögusýning Djúpavíkur.“

Spurð hvort hún sjái um að elda og baka ofan í gesti svarar Eva hógvær: „Ég geri það vor og haust og auðvitað að vetrinum því þá er ég ekki með neitt starfsfólk en á sumrin koma börnin okkar tvö ásamt öðrum ættingjum. Systir mín eldar dálítið en ég fer frekar í þjónustustörfin. Þetta er mikil samvinna.“

**Var leikskólastjóri í Kópavogi**

Það er vonum seinna sem Eva er innt eftir því hvaðan hún sé af landinu. „Ég er úr Garðabæ en við Ásbjörn bjuggum í Kópavogi áður en við fluttum á Strandirnar, ég var í starfi sem nú kallast leikskólastjóri.“ Spurð hvort hún hafi fengist við kennslu síðan svarar hún: „Já, aðeins. Ég kenndi tvo vetur í Finnbogastaðaskóla, sem er skólinn okkar, þegar börnin okkar voru yngri. Einnig kenndi ég vetrarpart á Reykhólum og vetrarpart á Hólmavík. En svo lengdist skólaárið í báða enda, byrjar snemma hausts og stendur fram í júní, og ég gat ekki farið að skera af minni starfsemi til að sinna kennslu, svo ég hef ekkert verið í henni síðan veturinn 1999-2000.“

En finnst Evu ekki gaman að koma suður, verandi af höfuðborgarsvæðinu? „Jú, auðvitað er gaman að koma suður. Við eigum börnin okkar hérna, fimm barnabörn og tvö skábarnabörn, þannig að það er góður hópur. Svo á ég móður mína hér þannig að ég nýt þess að koma hingað. Við sætum líka lagi og förum í leikhús og bíó og stundum pössum við barnabörnin svo að börnin okkar geti farið í bíó. En það er alltaf best að vera heima og það er Hótel Djúpavík, því hótelið hefur alltaf verið heimili okkar.“



**HÓTELSTÝRAN** „Við hjónin þurftum, lá við, að setja byssu í bakið á vegagerðarmönnum til að ryðja fyrir okkur,“ segir hún um ferðina hingað suður til að taka við fálkaorðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SVART EÐA HVÍTT?

Fregnir bárust af því í vikunni að iPhone6 yrði framleiddur í nokkrum litum en ekki bara í svörtu og hvítu.

Meira seldist af hvítum iPhone og iPad fyrir jólin en svörtum græjum sem hafa verið vinsæli hingað til samkvæmt upplýsingum frá Epli, umboðsaðila Apple á Íslandi. Hjá Nova fengust þær upplýsingar að ekki munaði miklu á vinsældum svartra og hvítra síma en svartir hafa vinninginn. Hvítur var lengi einkennislitur Apple og til að mynda var iPod einungis kynntur í hvítu og litagleðin í þeirri græju er síðari tíma uppfinning. iPhone var hins vegar markaðssettur svartur sem gæti skýrt yfirburði svarta símans.

Samkvæmt upplýsingum Idealo, vefsíðu sem ber saman verð og safnar ýmiss konar tölfræði um tísku í tækjanotkun, kemur fram að 70% notenda Apple kjósa svartar græjur frekar en hvítar. Á síðunni kemur fram að iPhone er alls staðar í Evrópu vinsælli í svörtu en hvítu. Munurinn er mestur í Bretlandi þar sem hátt í 80% eru með svartan síma en minnstur í Frakklandi þar sem rúm 70 % eru með svartan síma. iPad er hins vegar vinsælli í hvítu en svörtu bæði í Frakklandi og á Ítalíu.

Hjá Epli.is fengust þær upplýsingar að konur væru í flestum tilfellum áhugasamari um hvítar græjur en svartar en karlar veltu litnum ekki eins mikið fyrir sér. Aðrir litir hafa ekki verið fáanlegir í símum og spjaldtölvum en orðrómur um að næsta kynslóð iPhone kæmi í mörgum litum fór sem eldur í sinu um netheima í vikunni. Forvitnilegt verður að vita hvort svarti liturinn mun halda vinsældum sínum eða litagleðin ná yfirhöndinni.

**Apple-græja** Svört eða hvít




Í EVRÓPU FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2012. UPPLÝSINGAR IDEALO.CO.UK

# Kveðjum jólin með látum!

**Þrettándaflugeldar á sölustöðum okkar um allt land.**




Notum alltaf flugeldagleraugu - líka fullorðnir

Flugeldamarkaðir okkar fyrir þrettándann eru opnir um allt land:

**Höfuðborgarsvæðið**

Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1, Reykjavík
Hús Flugbjörgunarsveitarinnar, Flugvallarvegi, Reykjavík
Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6, Reykjavík
Hjálparsveitarskemma, Bakkabraut 4, Kópavogi
Jötunheimar við Bæjarbraut, Garðabæ
Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14, Hafnarfirði

Auk þess eru flugeldamarkaðir í húsnæði flestra björgunarsveita um allt land.

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# ÚTSALA

## NATURE‘S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²

| 160 x 200 cm. | 180 x 200 cm. |
|---|---|
| Aðeins | Aðeins |
| Kr. 91.200 | Kr. 107.920 |
| Verð 114.900 | Verð 127.900 |



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

## C&J stillanlegt heilsurúm

með Shape dýnu

2 x 90 x 200 cm.

Kr. 339.830

Verð 399.800



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Charlotte Julien Dream your world™

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og end stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérst hannaður fy Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



## MILANO svefnsófi með tungu

Aðeins kr. 199.900 Verð 399.875



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN!

Stærð: 330 x 210 cm

## FLORIDA hornsófi með tungu



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt

Verð 194.900 Aðeins kr. 165.665

## SABRINA sófasett

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR



3ja sæta br. 190 cm
2ja sæta br. 145 cm

3 + 2 sófasett
Verð 143.900 Tilboð 71.950

## COMO tungusófi

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN!



Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.
Tveir litir

Skemill kr. 29.900
Verð 39.900

Útlitsgallaðir COMO tungusófar
Aðeins kr. 99.900
Verð 169.900

## SHAPE heilsukoddar

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape Classic
kr. 4.130
Verð 5.900

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Shape Original
kr. 6.230
Verð 8.900



Þéttur



Stuðningslag




**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-16.00 • Sunnudaga frá kl. 13.00-16.00**

# ÚTSALA

## 15%-50% AFSLÁTTUR



**EDWARD** svefnsófi
Nú kr. 105.000 áður 209.000

Öll **YANKEE CANDLE** kerti — ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

**BOLOGNIA** svefnsófi
Nú kr. 112.500 áður 225.000

Allir **PÚÐAR OG TEPPI** — ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

## NATURE'S COMFORT heilsudýnur

Útlistgallaðar Nature's Comfort dýnur
180 x 200 með 50% afslætti
Aðeins Kr. 53.950
Verð 107.900

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Steyptar kantstyrkingar

Botnar 20% afsláttur

Nature's Bedding

## FLORIDA tungusófi

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR



Stærð: 250 x 140 cm
H. 71 cm. Litur grátt

Verð 149.900 Aðeins kr. 127.415

## GENOVA svefnsófi

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!



Stærð: 218 x 95 cm
Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði

Aðeins kr. 124.937
Verð 249.875

## RUBEN svefnsófi með tungu



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900 Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

## MONTORIO svefnsófi

ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR



Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900

Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.

DORMA
– býður góða nótt

## DORMA sængurver

Verð frá kr. 5.592
Verð 6.900

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR



Holtagörðum • Pöntunarsími 512 6800 www.dorma.is




**STYTTIST Í HM** Bjarki Már Elísson, Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson skemmtu sér vel á einni af fjölmörgum æfingum íslenska landsliðsins sem fram fóru í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég veit ekki hvaða vitleysingur myndi ráða mig í vinnu

**Guðjón Valur Sigurðsson**, fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta, verður að venju í aðalhlutverki þegar hann heldur á sitt 16. stórmót á ferlinum. Hinn 33 ára gamli hornamaður, sem leikur með Kiel í Þýskalandi, er enn í fremstu röð á heimsvísu og hann býst ekki við því að ljúka ferlinum heima á Íslandi þar sem ævintýrið hófst.

**Sigurður Elvar Þórólfsson**
seth@365.is



Guðjón Valur er einn þekktasti íþróttamaður Íslands. Hann hefur leikið sem atvinnumaður frá árinu 2001, þegar hann hélt til Þýskalands eftir farsælan feril sem áhugamaður hjá Gróttu á Seltjarnarnesi og KA á Akureyri. Guðjón var efins um framhaldið hjá sér hvað varðar landsliðið eftir að Ísland féll úr leik á Ólympíuleikunum í London en hann klæjar nú í fingurna af eftirvæntingu fyrir næsta stórmót, heimsmeistaramótið sem hefst í næstu viku á Spáni.

Guðjón hafði nýlokið við æfingu með landsliðinu þegar hann gaf sér tíma til þess að ræða við Fréttablaðið. Landsliðsfyrirliðinn hefur tröllatrú á liðinu þrátt fyrir að margir lykilmenn síðari ára verði fjarverandi á HM. Getur landsliðið haldið áfram á þeirri braut sem hann og félagar hans hafa markað á undanförnum árum? „Já, hiklaust. Það er fullt af tækifærum fyrir okkur sem lið og ungu strákana sem eru að koma inn. Að sýna sig og taka við hlutverki í liði sem hefur verið í háum gæðaflokki undanfarin misseri. Í augnablikinu erum við búnir að missa Arnór Atlason og Alexander Petersson út úr hópnum og Ólaf Stefánsson að sjálfsögðu. Það eru stór skörð sem þarf að fylla. Við erum búnir að setja okkur markmið. Í mínum huga er það einfalt, vinna fyrsta leikinn – og svo koll að kolli. Maður þarf að sjá heildarmyndina fyrir sér – við erum með marga unga stráka í þessu liði núna sem eru mjög hungraðir. Það er stundum betra að hafa hungrið og viljann fram yfir hæfileika. Ég hefði kannski getað svarað þessu betur en ég var með fleiri spurningar eftir æfingaleikina gegn Túnis en fyrir þá. Ég var ekki viss um hvort við vorum svona góðir eða þeir svona lélegir,“ segir Guðjón, en hann er að fara á sitt 16. stórmót, þar sem hann hefur leikið alls 100 leiki og skorað alls 512 mörk.

### Settum öruggasta leikmanninn á vítalínuna

Síðasti leikur Íslands á stórmóti var á Ólympíuleikunum í London þar sem ýmislegt gekk á í tapleik gegn Ungverjum, meðal annars varði markvörður Ungverja vítakast á lokasekúndum leiksins en mark hefði gulltryggt Íslendingum sæti í undanúrslitum.

Ef þú ættir tímavél og gætir upplifað lokakafla leiksins aftur, hefðir þú þá stigið fram og óskað eftir því að taka vítakastið sem Snorri Steinn Guðjónsson var sendur af bekknum til að taka?

„Ég hef hugsað það, já. En ég var ekki búinn að taka víti á þessum leikum og Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson voru í þessu hlutverki. Við settum öruggasta leikmanninn á vítalínuna á þessu augnabliki. Þetta er reynsla sem þroskar og er nokkuð sem við búum að. Við unnum Frakka og Svía í riðlakeppninni, liðin sem léku til úrslita á ÓL. Ferðalagið sem ég hef upplifað með landsliðinu undanfarin ár hefur verið stórkostlegt – ég hefði að sjálfsögðu viljað fá verðlaunapening. Það er enginn að benda fingri á einhvern og segja þú hefðir átt að gera þetta og einhver annar átti að gera þetta. Við vinnum leikina sem lið og töpum þeim sem lið – ekki sem einstaklingar.“

Það er ekki hægt að sleppa því að spyrja Guðjón út í „heitasta“ málið á nýju ári. Hvernig upplifði hann Áramótaskaupið og atriðið þar sem forseti Íslands hellti sér yfir leikmenn í búningsklefanum eftir tapleikinn gegn Ungverjum?

„Ég hef hitt marga sem voru afskaplega móðgaðir yfir þessu. Við erum alls ekki yfir það hafnir að það sé gert grín að okkur. Það má alveg gera grín að okkur eins og öllum öðrum. Það mátti alveg sleppa síðustu sekúndunum í leiknum, það var versta upplifun mín í þessum „skets“. Ég óska bara eftir því næst þegar við stöndum okkur ekki að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, komi í klefann og láti okkur heyra það. Reyndar er það ólíklegt að við stöndum þarna í búningnum með orðuna heftaða í brjóstið. Ég brosti alveg út í annað. Það er höfundanna að svara fyrir orðbragðið, ég svara ekki fyrir þá.“

### Ætla ekki strax út í þjálfun

Ertu farinn að sjá fyrir þér hvað tekur við eftir ferilinn?

„Mig langar að þjálfa og kenna. Ég held ég gæti það en mig langar það ekki alveg strax. Alfreð Gíslason sagði við mig þegar hann var þjálfari í Magdeburg og ég var í Essen að hann hefði alltaf séð eftir því að hafa farið heim til Íslands 32 ára frá Spáni. Hann var spilandi þjálfari hjá KA í fimm ár og stóð sig hrikalega vel. Þetta hefur fest aðeins í mér – en ég var bara 23 ára þegar hann sagði þetta. Mér finnst rosalega gaman að taka þátt í því að búa eitthvað til sem tekur langan tíma. Maður er fljótur að fá leið á einhverri stöðu sem er alltaf eins. En ég veit ekki hvað mig langar til að gera og ég veit ekki hvaða vitleysingur myndi ráða mig í vinnu – ég ætti erfitt með að sitja kyrr í stól í átta tíma. Ég spila kannski bara í 12-15 ár til viðbótar,“ segir Guðjón og leggur áherslu á að það sé ekkert að marka þá yfirlýsingu. „Það er ekki búið að setja síðasta söludaginn á mig en þegar maður er á þessum aldri veit maður aldrei hvað getur gerst. Mér finnst ekki líklegt að ég spili á Íslandi aftur, það hafa margir fyrrverandi leikmenn varað mig við því að gerast spilandi þjálfari.“

### Spennandi tímar hjá fjölskyldunni

Það er viðeigandi að alþingismaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson gangi fram hjá þegar talið berst að stjórnmálaskoðunum Guðjóns Vals. „Stjórnmál eru eins og að vera í íþróttaliði, nánast alveg eins, og þú værir fínn í slíku liði,“ segir Guðlaugur og heilsar Guðjóni. „Ég hef áhuga á að fólk taki réttar ákvarðanir, ég get verið sammála stjórn- ▶


**2012** Stúdentagarðar Sæmundargötu


**2010** Sundlaug Hofsósi


**1993** Fjölskyldugarðurinn


**2006** Íþróttahús Akranes


**2006** Ellingsen


**2010** Egilshöll

**Í tilefni 70 ára starfsafmælis Sveinbjörns Sigurðssonar hf. á árinu 2012** vilja eigendur fyrirtækisins þakka öllu starfsfólki, samstarfsfólki, birgjum, verkkaupum og öðrum sem starfað hafa hjá eða með fyrirtækinu síðastliðin 70 ár.

**Við erum stolt af því að hafa náð þessum áfanga og horfum björtum augum til framtíðar**

SS VERKTAKI

SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.

*70 ára - Við byggjum upp -*


**1977-87** Borgarleikhúsið


**2011** Lækjargata


**1969** Das 2


**1942** Bollagata


**2008** Guðríðar kirkja


**1999** Miklabraut

## STÓRMÓT GUÐJÓNS VALS SIGURÐSSONAR FJÖLDI MARKA

| Mót | Mörk | Í leik |
|---|---|---|
| EM Í KRÓATÍU 2000 | 7 | 1,8 Í LEIK |
| HM Í FRAKKLANDI 2001 | 15 | 2,5 Í LEIK |
| EM Í SVÍPJÓÐ 2002 | 21 | 2,6 Í LEIK |
| HM Í PORTÚGAL 2003 | 39 | 4,3 Í LEIK |
| EM Í SLÓVENÍU 2004 | 15 | 5,0 Í LEIK |
| ÓL Í APENU 2004 | 32 | 5,3 Í LEIK |
| HM Í TÚNIS 2005 | 31 | 6,2 Í LEIK |
| EM Í SVISS 2006 | 37 | 6,3 Í LEIK |
| HM Í ÞÝSKALANDI 2007 | 66 | 6,6 Í LEIK |
| EM Í NOREGI 2008 | 34 | 5,7 Í LEIK |
| ÓL Í PEKING 2008 | 43 | 5,4 Í LEIK |
| EM Í AUSTURRÍKI 2010 | 39 | 4,9 Í LEIK |
| HM Í SVÍPJÓÐ 2011 | 47 | 5,2 Í LEIK |
| EM Í SERBÍU 2012 | 41 | 6,8 Í LEIK |
| ÓL Í LONDON 2012 | 44 | 7,3 Í LEIK |







FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## MARKAMETIÐ EKKI ÞAÐ MIKILVÆGASTA

Markametið hjá landsliðinu er **1.571 mark** og það á Ólafur Stefánsson. Guðjón Valur hefur skorað alls **1.400 mörk** og þarf því að skora 172 mark til viðbótar ef hann ætlar að ná metinu af Ólafi.

„Það er erfitt fyrir mig sem fyrirliða að ætla að setja það sem markmið að ná markametinu hans Óla. Það væri heiður eftir ferilinn að ná slíku markmiði en ég er vinnudýr að eðlisfari; ég hleyp fyrir liðið og ég geri það sem mér er ætlað. Ef þetta met fellur ekki er Ólafur Stefánsson vel að því kominn að eiga það.“



▶ málaflokkum í einu máli og algjörlega ósammála í því næsta. Það er ólíklegt að ég muni hella mér út í stjórnmál eftir að ferlinum lýkur, og ég hef ekki hugleitt það,“ segir Guðjón og endurtekur að hann eigi yfirleitt erfitt með að sitja kyrr.

Guðjón Valur og eiginkona hans, Guðbjörg Þóra Þorsteinsdóttir, eiga dæturnar Dagbjörtu Ínu, sem er þrettán ára, og Jónu Margréti, sem er níu ára. Það ríkir spenna á heimilinu því þriðja barnið er á leiðinni. „Við eigum von á barni í lok febrúar eða byrjun mars, og við vitum að þetta er strákur. Fjölskyldan hefur tekið þátt í þessu atvinnumannabrölti mínu og stutt við bakið á mér. Stundum er maður með samviskubit yfir því að taka það frá dætrum mínum að fá að upplifa það að alast upp á Íslandi, þar sem meira frjálsræði ríkir t.d. í skólanum, og geta ekki skotist í heimsókn til afa og ömmu þegar þeim dettur í hug. Ég var að hugsa um slíka hluti þegar ég var ekki viss um hvort ég ætlaði að halda áfram með landsliðinu eftir Ólympíuleikana. Ég vildi fá tíma fyrir fjölskylduna. Við höfum öll lært mikið á þessum tíma sem við höfum búið erlendis, ég er til dæmis alveg ágætur í dönskunni núna,“ segir Guðjón og glottir enn og aftur. „Dætur mínar eru með þrjú tungumál alveg á hreinu, íslensku, dönsku og þýsku. Og sú eldri er einnig að læra frönsku í skólanum. Ég hefði ekki getað tekið strætó upp í Breiðholt þegar ég var þrettán ára gamall án þess að það væri skrifað niður fyrir mig. Það hefur verið sagt oft um mig að ég sé nánast orðinn Þjóðverji en ég berst gegn því. Það eru ekki allir eins. Ég er stundvís og ég er einbeittur og vinnusamur eins og þeir. En það er margt sem mér finnst þungt og þvingandi í Þýskalandi þrátt fyrir að mér líði vel þar.“

### Margir áhrifavaldar

Guðjón hefur kynnst fjölmörgum þjálfurum og leikmönnum í gegnum tíðina og hann er inntur eftir því hverjir hafi haft mest áhrif á hann sem handboltamann.

„Alfreð Gíslason hefur eflaust mótað mig mest í gegnum tíðina – ég hef alveg fengið góðar „hárblásara“-ræður frá Alla. Og ekki fengið að svara mikið fyrir mig á sama tíma,“ segir Guðjón og glottir, en Alfreð er núverandi yfirmaður hans hjá þýska stórliðinu Kiel.

Guðjón Valur fór út í atvinnumennsku frá KA árið 2001, 22 ára gamall, og þar komst hann í kynni við Iouri Chevtsov, sem var á þeim tíma þjálfari þýska liðsins Essen. „Chevtsov, sem er í dag þjálfari Hvíta-Rússlands, kenndi mér í raun alvöru handbolta þegar ég fór í atvinnumennskuna. Ég er búinn að vera með þjálfara frá Hvíta-Rússlandi, Króatíu, Svíþjóð og að sjálfsögðu Íslendinga sem þjálfara og hef lært af þeim öllum. Rússneski „skólinn“ er oft sagður þungur og leiðinlegur en ég fór í gegnum þetta allt saman og hafði gott af því. Margir af bestu handboltamönnum Íslands fóru í gegnum svipaða hluti hjá Boris Bjarna Akbachev hjá Val á sínum tíma og lærðu grunnatriði sem skipta öllu máli. Það bjó alltaf eitthvað á bak við það sem lagt var upp með og tímasetningar á hreyfingum og hlaupum voru fyrir fram ákveðnar. Ég vogaði mér t.d. ekki að gera bara eitthvað eftir mínu höfði undir stjórn Chevtsov. Ég hafði fengið að hlaupa af mér hornin í deildinni heima á Íslandi og ég var eflaust villtur leikmaður þegar ég kom út.

Ólafur Stefánsson er t.d. með ótrúlega hæfileika til að fá leikmenn til þess að trúa á sjálfa sig, hann er kannski ekki mikið að spá í taktík og slíkt. Þegar maður var hættur að trúa á sjálfan sig gat Óli alltaf komið því í lag með einhverjum hætti. Patrekur Jóhannesson hafði einnig mikil áhrif á mig – hann tók við mér í Þýskalandi og var samherji minn þar. Ótrúlega góður og hjartahlýr. Ég fékk mitt fyrsta glóðarauga frá „Patta“ á æfingu hjá Essen. Ég var ekkert ánægður með það og blótaði allsvakalega en eftir æfinguna kom Patti brosandi og klappaði á öxlina á mér og spurði hvort ég væri enn reiður. Svona hlutir og atvik kenndu mér að verða aðeins harðari af mér.

Oleg Velyky, fyrrum liðsfélagi minn hjá Essen, er líklega sá hæfileikaríkasti og einn sá eftirminnilegasti sem ég hef spilað með. Velyky var fæddur í Úkraínu en lék með þýska landsliðinu og hann var ótrúlegur. Ég hef alltaf sagt að maður þurfi að æfa gríðarlega mikið til að standa sig – en hann er algjör undantekning í því samhengi. Ég sá hann aldrei æfa almennilega en samt var hann alltaf langbestur. Hann fékk krabbamein og lést því miður langt fyrir aldur fram, aðeins 32 ára.

Kiel er besta liðið sem ég hef verið í en tími minn hjá AG í Kaupmannahöfn var það skemmtilegasta sem ég hef upplifað hingað til. Leikmannahópurinn var stórkostlegur og það sem gekk á í búningsklefanum var eins og atriði úr þáttunum Fóstbræðrum, eða Næturvaktinni. Það var alltaf eitthvað grín í gangi og ég man bara eftir mér hlæjandi. Það var gert grín að mönnum á góðan hátt – en þegar það var leikur eða einhver keppni í gangi var því öllu ýtt til hliðar. Ég hef aldrei skemmt mér jafn vel. Það var sorglegt og mikið áfall að fá þær fréttir að búið væri að leggja félagið niður í viðtali eftir leik í beinni sjónvarpsútsendingu á Ólympíuleikunum,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson.

### ➜ Stekkur Guðjón alla leið inn í markið?

Guðjón Valur hefur í gegnum tíðina skorað ógrynni af mörkum úr hraðaupphlaupum fyrir íslenska landsliðið. Fáir handboltamenn hlaupa hraðar eða stökkva lengra. Og allir Íslendingar þekkja „vörumerki“ Guðjóns þar sem hann svífur tignarlega inn í vítateiginn eftir hraðaupphlaup. Hefur Guðjón einhvern tíma íhugað það að stökkva bara alla leið inn í markið með boltann, fyrstur allra, og búa til nýyrðið „handboltatroðsla“?

„Ég efast um það, Jón Arnar Magnússon á Íslandsmetið í langstökki sem er 8 metrar, ég myndi kannski þora að prófa þetta í sandgryfju. Það væri ekkert sérstaklega gott að lenda í markinu og flækja sig í netinu. Það er slysahætta. Ég held ég hefði þurft að prófa þetta fyrr á ferlinum, þá var aðeins meiri kraftur í mér, þetta verður ekki síðasta markið hjá mér á ferlinum. Ég get lofað því. Jú, ég hlýt einhvern tíma að hafa getað þetta en það eru 6 metrar frá vítateignum og inn í markið. Það er töluverður spotti. Vandamálið er að blessaðir markverðirnir eru yfirleitt fyrir manni og erfitt að sveigja fram hjá þeim. Ég held ég láti „sirkusmörkin“ duga.“

### ➜ Varnarsinnaður miðjumaður hjá ensku fótboltaliði?

Guðjón Valur var í mörgum íþróttum sem barn og unglingur. Fótboltinn skipaði stóran þátt í lífi hans og það voru ekki allir sáttir þegar hann valdi þá leið að leggja handboltann fyrir sig. „Sigurður Helgason var þjálfarinn minn í fótboltanum og hann telur að ég hafi valið rangt. Siggi Helga er á þeirri skoðun að ég hefði endað sem varnarsinnaður miðjumaður hjá einhverju stórliði á Englandi. Það eru hans orð. Ég fór beint inn í meistaraflokkinn þegar ég átti að vera í 3. flokki. Gauti Grétarsson, sem var þjálfari liðsins á þeim tíma, gaf mér góð ráð. Ég var ekki nema rétt um 68 kíló. Á einu ári þyngdist ég um 13 kíló. Ég æfði mikið, og var oft einn á æfingum þegar ég var um 14 ára gamall. Þjálfarinn var markvörðurinn Alexander Ravine. Það eina sem ég gerði á þessum æfingum var að dúndra á markið og reyna að skora. Ég skoraði oftast ekki mark fyrr en eftir 20 mínútur. Mér fannst æðislegt að hafa atvinnumann í markinu og láta hann verja frá mér. Ég er ekki með bakgrunn eins og margir aðrir sem koma úr stærri félögum. Ég fór beint í meistaraflokk 15 ára. Þeir sem tóku á móti mér eiga hrós skilið. Þeir vildu mér allt hið besta, og vildu byggja mig upp.“

# ÚTSALA

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU



20% afsláttur

SIMONE - Sofia ákl. 230 cm kr. 212.000 nú kr. **169.600**



20% afsláttur

Fama 230 cm kr. 254.400 nú kr. **199.900**



20% afsláttur

ETERNA 230 cm kr. 192.300 nú kr. **153.800**



20% afsláttur

BIRMINGHAM sófi áður kr. 247.800 nú kr. **198.200**



50% afsláttur

MADISON glerskápuráður kr. 177.400
nú kr. **97.500**



**TILBOÐ**
HORNSÓFI 280x200 áður kr. 283.000
nú kr. **254.700**



30% afsláttur

STORY Hillur - raðast hver ofan á aðra 180x40
Grunnhilla kr. 36.700 nú kr. **25.690**
Hilla kr. 38.200 nú kr. **26.740**

**20 - 50% AFSLÁTTUR AF VALDRI SMÁVÖRU**



30% afsláttur

METRO leðurstóll áður kr. 121.900
nú kr. **85.330**

## LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16

## ÁRÁSIN Í DELÍ 16. DESEMBER

Um klukkan hálftíu að kvöldi **16. desember** tók 23 ára kona sér far með strætisvagni í Delí, næstfjölmennasta stórborgarsvæði Indlands. Hún var að koma af kvikmyndasýningu ásamt 28 ára gömlum vini sínum, sem fór með henni í strætisvagninn. Þau héldu að vagninn væri á áætlunarleið en svo reyndist ekki vera.

Um borð voru fimm vinir vagnstjórans sem réðust á parið, bundu manninn og börðu hann með járnstöng þar til hann missti meðvitund, en drógu stúlkuna aftast í vagninn þar sem þeir nauðguðu henni, börðu og misþyrmdu með járnstöng. Á meðan á þessu gekk hélt vagnstjórinn áfram akstrinum en að lokum hentu mennirnir parinu út meðan vagninn var enn á ferð.

Stúlkan var flutt á sjúkrahús í höfuðborginni Nýju-Delí og kom þar í ljós að ýmis líffæri í neðra kviðarholi hennar voru ónýt eftir misþyrmingarnar. Hún þurfti að gangast undir margar skurðaðgerðir og loks var hún flutt til Singapúr hinn **26. desember** á annað sjúkrahús, þar sem betri aðstæður voru til að græða í hana ný líffæri í stað hinna, sem ónýt voru. Þar lést hún að morgni **29. desember** og fór útför hennar fram daginn eftir.

## ÁRÁSARMENNIRNIR

Strax sólarhring eftir árásina tókst lögreglu að hafa hendur í hári nokkurra árásarmannanna og fimm dögum síðar höfðu þeir allir verið handteknir. Alls hafa sex manns verið handteknir. Fimm þeirra hafa verið ákærðir og verður farið fram á dauðarefsingu yfir þeim en sá sjötti er aðeins sautján ára og kemur fyrir unglingadómstól.

Vagnstjórinn heitir Ram Singh og er 33 ára gamall. Meðal árásarmannanna var bróðir vagnstjórans, Mukesh Singh, sem er 22 ára. Hinir eru Pavan Gupta, sem er aðeins 19 ára, Vinay Sharma, sem er tvítugur, og Akshay Sing, sem er 24 ára, en sá yngsti í hópnum heitir Muhammed Afroz, kallaður Raju.

Mennirnir höfðu hist fyrr um daginn, drukkið áfengi og ákveðið að fara í ökuferð á vagninum. Áður en þeir tóku parið upp í höfðu þeir tekið annan farþega, trésmið sem var rukkaður um fargjald en síðan rændur og hent út úr vagninum. Allir þekktust þeir vel nema Raju. Í sumum fjölmiðlum er fullyrt að Raju hafi verið aðgangsharðastur þeirra, og þess vegna ríki mikil reiði meðal almennings út af því að hann, vegna ungs aldurs, virðist ætla að sleppa með minnstu refsinguna.




**INDVERSKAR KONUR RÍSA UPP** Undanfarnar vikur hefur verið efnt til fjöldamótmæla, minningarstunda og jafnvel hungurverkfalla til að hvetja stjórnvöld til dáða. NORDICPHOTOS/AFP

# Vitundarvakning á Indlandi

Hrottaleg hópnauðgun ungrar konu um miðjan síðasta mánuð hefur vakið hörð viðbrögð á Indlandi og háværar kröfur um breytingar á rótgrónum viðhorfum til kvenna. Stjórnvöld hafa aldrei þessu vant brugðist við og lofa öllu fögru.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



Konur á Indlandi eiga ekki sjö dagana sæla. Um það virðast allir sem til þekkja sammála. Allt frá barnsaldri sæta þær illri meðferð af ýmsu tagi, fordómum, mismunun, vanrækslu og ofbeldi.

Þau viðhorf virðast harla rótgróin að konur geti sjálfum sér um kennt ef þær verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Algengt er að lögregla og dómsvald bregðist við kærum með því að hvetja konurnar til að giftast árásarmanninum.

„Þetta er menning sem trúir því að það versta við nauðganir sé niðurlæging fórnarlambsins, sem aldrei framar muni finna mann til að kvænast sér, og lausnin sé því að giftast nauðgaranum,“ segir indverski rithöfundurinn Sonia Faleiro í pistli á vefsíðu bandaríska dagblaðsins New York Times.

Hún bjó í 24 ár í Nýju-Delí, höfuðborg Indlands, þar sem kynferðisleg áreitni er að hennar sögn daglegt brauð fyrir konur: „Á unglingsárum lærði ég að verjast. Ég stóð aldrei einsömul ef ég gat komist hjá því, og ég gekk hratt, með hendur krosslagðar yfir brjóstið, og forðaðist að komast í augnsamband við fólk og brosa,“ segir hún.

### Fögur loforð

Karlar hafa vanist því að komast refsilaust upp með hvers kyns áreitni og ofbeldi gagnvart konum, en upp úr sauð á Indlandi nú fyrir jólin þegar sex karlar nauðguðu 23 ára konu í strætisvagni á götum Delí. Konan lést af völdum misþyrminga nærri hálfum mánuði síðar.

Fjölmargar indverskar konur hafa risið upp og látið í sér heyra og karlar hafa óspart tekið undir. Efnt hefur verið til fjöldamótmæla og minningarstunda og jafnvel hungurverkfalla. Skorað er á stjórnvöld að breyta þessu ástandi, sjá til þess að karlar komist ekki lengur refsilaust upp með athæfið og öryggi kvenna verði tryggt.

Stjórnvöld hafa brugðist við og lofa nú öllu fögru. Nú síðast sagði Sushilkumar Shinde, innanríkisráðherra landsins, að þjóðin þyrfti nú að ráðast gegn ofbeldinu með „járnhendi“ til að koma í veg fyrir nauðganir og aðra glæpi gegn konum.

### Vonir vakna

Það sem vekur vonir við þetta mál er að stjórnvöld hafa brugðist við. Lögregla hefur tekið málið föstum tökum og ríkisstjórnin lofar umbótum.

Þegar lík konunnar var flutt til Indlands frá Singapúr á gamlársdag lögðu bæði Manmohan Singh forsætisráðherra og Sonia Gandhi, leiðtogi stjórnarflokksins, leið sína út á flugvöll í Nýju-Delí og hittu þar ættingja konunnar.

Gandhi sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagði lát konunnar styrkja stjórnvöld í vilja sínum til að „berjast gegn þeim skammarlegu viðhorfum og hugarfari sem gegnsýra samfélagið og gera körlum kleift að nauðga og misþyrma konum án þess að óttast refsingu.“

„Við skulum vona að árið 2013 verði straumhvörf hvað varðar ofbeldi gegn konum á Indlandi og allar konur geti gengið frjálsar án ótta,“ sagði Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna. „Almenningur er að krefjast þess að kerfi sem mismunar gegn konum breytist í menningu þar sem borin er virðing fyrir sæmd kvenna bæði að lögum og í verki.“

### Rótgróin viðhorf

Miklar breytingar hafa orðið á indversku samfélagi síðustu tvo áratugina eða svo. Fjölmenn millistétt hefur efnast töluvert og ungt fólk í vel stæðum fjölskyldum er almennt menntaðra en áður þekktist. Þetta unga fólk tekur ekki hverju sem er þegjandi lengur.

Konur hafa reyndar mótmælt kynferðislegu ofbeldi á Indlandi áratugum saman, og náð ýmsum áföngum í rétta átt, til dæmis með lagasetningu og viðbragðsáætlunum af ýmsu tagi.

En þótt kröfurnar nú um enn frekari aðgerðir séu háværar er þó vart hægt að búast við róttækum breytingum á stuttum tíma. Til þess eru viðhorfin of rótgróin í menningunni.

„Ég held að konur ættu að giftast sextán ára, þannig að þær hafi eiginmann til að sinna kynferðislegum þörfum þeirra og þurfi ekki að leita annað,“ sagði Sube Singh, bæjarstjóri í litlu þorpi, sem hafði greinilega velt því fyrir sér hvernig komið yrði í veg fyrir kynferðisofbeldi: „Með þessu móti yrðu engar nauðganir.“

Þessi orð hans vöktu hörð viðbrögð en hætt er við að þau viðhorf sem hann tjáir verði viðloðandi harla lengi.



**MALALA YOUSUFZAI** Útskrifuð af sjúkrahúsinu í Birmingham. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## → Vitundarvakning í Pakistan

Síðastliðið haust vakti árás á fimmtán ára skólastúlku mikið uppnám í Pakistan, með nokkurri vitundarvakningu um hlutskipti stúlkna í landinu og háværum kröfum á hendur stjórnvöldum um að tryggja þeim öryggi og mannréttindi. Enn er óljóst hvort þær kröfur muni hafa einhver áhrif í raun, en stúlkan hefur náð sér merkilega vel og var í fyrradag útskrifuð af sjúkrahúsi í Birmingham á Englandi.

Malala Yousufzai var á skólalóð í heimaþorpi sínu í Pakistan hinn 9. október þegar ráðist var á hana. Hún var komin upp í skólabifreið sem átti að flytja hana og fleiri börn heim úr skólanum þegar maður réðst inn í bifreiðina vopnaður byssu og skaut á tvær stúlkur. Malala fékk skot í höfuðið og í fyrstu var óljóst hvort hún hefði orðið fyrir heilaskaða, en fljótlega eftir að hún var flutt á sjúkrahúsið í Birmingham sögðust sérfræðingar bjartsýnir á að hún myndi ná sér að mestu.

Þrátt fyrir ungan aldur var hún fyrir árásina vel þekkt í heimalandi sínu og víða um heim fyrir gagnrýni sína á kúgun og ofbeldi talibana og baráttu sína fyrir réttindum stúlkna og kvenna, ekki síst til menntunar. Af þeim sökum höfðu talibanar ítrekað hótað henni, og lýstu síðar yfir ábyrgð á árásinni.

Stjórnvöld í Pakistan hafa greitt fyrir sjúkrahúsmeðferð hennar í Englandi. Enn fremur hafa pakistönsk stjórnvöld ákveðið að greiða föður hennar laun sem menntamálafulltrúi þeirra í Birmingham næstu þrjú árin, þannig að öruggt þykir að Malala geti dvalist þar í landi að minnsta kosti þann tíma. Þrátt fyrir vitundarvakninguna í Pakistan þykir öryggi hennar ekki tryggt þar í landi næstu misserin hið minnsta.



TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ÚTSÖLUHELGI
Opið á milli kl. 10:00-16:00
alla helgina
NIKE
Flottir NIKE hlaupa- og leikfimisbolir fyrir karla og konur
NIKE Livestrong bolir og peysur á verulegum afslætti
Hlýrabolir 4.990 kr.
V-Hálsmál 6.990 kr.
Bolir með ermum 5.990 kr.
Nike Livestrong Legend tee 6.990 kr.
Nike Livestrong Element 12.990 kr.
Nike Livestrong Shorts 9.990 kr.
Nike Livestrong Pant 9.990 kr.
Nike Livestrong Womens Tee 5.990 kr.
Nike Livestrong element 12.990 kr.
BROOKS
NIKE
ZOOT SPORTS
Frábær verð á völdum Brooks, Nike og ZOOT æfinga- og keppnisskóm
ZOOT Ultra Race Þríþrautarskór/hlaupa 14.500 kr.
ZOOT Race Þríþrautarskór /hlaupa 11.995 kr.
Brooks Pure Grit mens 17.990 kr.
Brooks Pure Connect mens 15.990 kr.
Brooks Ghost 4 Mens 19.990 kr.
Brooks Cascadia 7 Mens 19.990 kr.
Brooks Cadence Mens 17.990 kr.
Nike Lunareclipse Mens 19.990 kr.
Nike Lunarglide Mens 19.990 kr.
Nike Zoom Elite Mens 21.990 kr.
Nike Lunaracer womens 19.990 kr.
ZOOT SPORTS
ZOOT Þríþautarfatnaður með verulegum afslætti
Zoot Ultra Tri Tank womens 19.990 kr.
Zoot Tri Tank Mens 11.990 kr.
Zoot ultra 6" Tri Short 14.990 kr.
Zoot Tri Short 11.990 kr.
Zoot Ultra Tri Tank womens 14.990 kr.
POLARIS
30% afsláttur af öllum Polaris hjólafatnaði sem er líka til fyrir börn
Zoot compression buxur og bolir á frábæru verði
Zoot compression recovery buxur 17.990 kr.
Zoot compression buxur 13.500 kr.
Zoot compression peysa 8.990 kr.
Zoot compression bolur 7.500 kr.
Ljós sem hægt er að setja á skólatöskurnar í skammdeginu
Verð 1.990 kr.
Tacx
Fáðu þér TACX trainer til að hjóla inni í vetur.
Frábær leið til þess að koma sér í form.
Hægt að notast við allar tegundir af hjólum með 26", 28" og 29" dekkjum.
Verðið er frá 69.990 kr. og "Sýndarveruleika" trainer er frá 129.990 kr.
Einfalt í notkun og uppsetningu....og hentar öllum sem líkamsræktartæki.
CUBE
Mörg góð tilboð á flottum CUBE gæðahjólum
CUBE AIM V-Brake
Verð: kr. 69.990
CUBE ANALOG V-Brake
Verð: kr. 84.990
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# ÆTLAÐI SÉR ALLTAF AÐ GERA ÞESSA MYND



**LANGUR MEÐGÖNGUTÍMI** Þór Ómar og Jón Atli hafa gengið með hugmyndina að Fölskum fugli í fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kvikmyndin Falskur fugl, sem byggir á skáldsögu Mikaels Torfasonar, verður frumsýnd 25. janúar. Þetta er fyrsta mynd leikstjórans, Þórs Ómars Jónssonar, í fullri lengd og aðdragandinn hefur verið langur og strangur.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Hver er bakgrunnur þinn sem leikstjóra, Þór Ómar? „Ég fór í kvikmyndanám til Bandaríkjanna rúmlega tvítugur. Var fyrst í rúmt ár í San Francisco en fór svo til Los Angeles þar sem ég gekk í skóla sem er mikið sóttur af Íslendingum. Ég var svo heppinn að fá vinnu um það leyti sem ég kláraði skólann en þá fékk maður sjálfkrafa árs atvinnuleyfi í BNA eftir að námi þar lauk.

Heppni minni lauk ekki þar því skömmu seinna vann ég græna kortið og þá byrjaði ballið. Þá var og hét fyrirtæki sem hét Palomar og ég komst í tengsl þar í gegnum Guðna Gunnars jógameistara. Hann kynnti mig fyrir ungri konu sem var að vinna þar í lausamennsku sem framleiðandi. Í gegnum hana datt ég inn í auglýsinga- og tónlistarmyndbandabransann og vann fyrir fullt af stórum flottum nöfnum.

Í gegnum Palomar fékk ég vinnu sem hlaupastrákur við mína fyrstu bíómynd og þá byrjaði boltinn að rúlla. Ég fékk smám saman meiri ábyrgð og fór að vinna sem aðstoðarleikstjóri auk þess að vera alltaf að reyna að potast eitthvað sjálfur. Byrjaði fljótlega að gera auglýsingar og tónlistarmyndbönd sjálfur og var í þessum bransa í fjögur ár, þangað til ég flutti heim árið 1997.“

## Löng og erfið fæðing

Hvað hefurðu svo verið að gera síðan þú komst heim? „Ég byrjaði að frílansa í bransanum hér heima og komst fljótlega í lausamennsku hjá Sagafilm við að leikstýra auglýsingum. Fljótlega eftir það fór ég að vinna með Ingvari og Balta við gerð myndarinnar Popp í Reykjavík þar sem ég var ráðinn aðstoðarleikstjóri. Það leiddi til þess að ég varð aðstoðarleikstjóri í 101 Reykjavík en eftir það tók ég þá ákvörðun að ég þyrfti að móta mér einhverja stefnu og fór að einbeita mér að því að leikstýra sjónvarpsauglýsingum og tónlistarmyndböndum. Seinna komst ég í samband við umboðsskrifstofu úti í Þýskalandi og fór að fá eina og eina litla mynd til að gera úti.“

Hvað varð svo til þess að þú ákvaðst að ráðast í gerð heillar bíómyndar? „Draumurinn var auðvitað alltaf að gera alvöru mynd og þessi tiltekna mynd á rætur sínar að rekja til þess að ég kynntist Jóni Atla Jónassyni við gerð Popps í Reykjavík. Við ákveðum það í sameiningu að gera mynd, helst í einum grænum. Mikael Torfason gaf okkur leyfi til að gera mynd upp úr bókinni Fölskum fugli og Jón Atli hjólaði í það að skrifa handrit sem við skiluðum til Kvikmyndasjóðs með beiðni um styrk. Viðbrögðin þaðan voru hins vegar ekki jákvæð, svo vægt sé til orða tekið. Við fengum þau skilaboð að þetta handrit gæti aldrei orðið að bíómynd, til þess væri það alltof ofbeldisfullt og skelfilegt. Við vorum samt ekkert á því að gefast upp heldur skröltum áfram með þetta, sendum inn endurskrifað handrit á hverju ári og ætluðum okkur alltaf að gera þessa mynd með einhverju móti.“

## Enn eitt handrit og annað til

Og það tókst sem sagt að lokum? „Já, á einhverjum tímapunkti, sennilega 2002, kemur Snorri Þórisson hjá Pegasus að þessu með okkur og þá fáum við Mikka sjálfan til að setjast niður og semja handrit upp úr eigin bók. Hann skrifaði einar þrjár, fjórar útgáfur sem við sóttum um styrk til að filma en niðurstaðan var alltaf sú sama: þetta væri ekki alveg boðlegt fyrir fólk að horfa á. Þannig að hugmyndin var sett í dvala í nokkur ár en við gleymdum henni samt ekkert og 2009 förum við Jón Atli enn af stað. Þá tókum við allt annan pól í hæðina, hann endurskrifaði handritið einu sinni enn en við ákváðum að nota bara bókina sem grunn og reyna að gera handritið að sjálfstæðri sögu sem byggði á grunnhugmynd bókarinnar og karakterum. Þessi útgáfa hugnaðist Kvikmyndasjóði betur þannig að loks fengum við smá byr undir báða vængi. Einhvern tímann síðastliðinn vetur tókst mér svo að nurla saman smá aurum og við ákveðum að skella okkur í tökurnar, klára þær og sækja svo bara um eftirvinnslustyrk.“

## Ungir og efnilegir leikarar

Þú ert með óþekkta leikara í aðalhlutverkunum, auk þekktra leikara, hvernig voru þeir valdir? „Styr Júlíusson sem leikur Arnald er í MH og hefur leikið eitthvað þar og víðar. Jón Atli hafði séð til hans og mælti með að við reyndum hann í hlutverkið. Við hittum hann og mér fannst hann klárlega vera málið. Ég sé svo sannarlega ekkert eftir því. Hann stóð sig alveg hreint ótrúlega vel. X-ið auglýsti síðan fyrir okkur áheyrnarpróf og við fundum nánast alla krakkana í gegnum það, fyrir utan þau Ísak Hinriksson, Rakel Björk Björnsdóttur og Hjalta Rúnar Jónsson sem okkur var bent á eftir öðrum leiðum. Varla nokkurt þeirra hafði staðið fyrir framan myndavél áður og þetta var auðvitað ögrun bæði fyrir mig sem leikstjóra í fyrsta skipti og fyrir þau. Það fór mikill tími í æfingar og yfirlestur sem á endanum skilaði sér, held ég. Þau tóku ótrúlegum framförum á þessum tíma og ég varð eiginlega bara hálf undrandi þegar upp var staðið hvað þau gerðu þetta vel. Reynsla atvinnuleikaranna skilaði sér líka til þeirra og ég er mjög ánægður með útkomuna.“

> **Við fengum þau skilaboð að þetta handrit gæti aldrei orðið að bíómynd, til þess væri það alltof ofbeldisfullt og skelfilegt.**
> *Þór Ómar Jónsson leiksstjóri*

Þetta er orðinn langur meðgöngutími, heil fimmtán ár. Hvernig tilfinning er það að horfa fram á frumsýningu eftir nokkrar vikur? „Ég er bara spenntur og algjörlega sáttur. Þessi prósess hefur staðist allar mínar væntingar. Ég hef oft upplifað það að þegar verkefnum er lokið þá stendur maður uppi með að það er ekki nákvæmlega eins og maður sá það fyrir sér í byrjun, en það er svo skrítið að Falskur fugl er alveg nákvæmlega eins og ég sá hana fyrir mér. Það finnst mér vera merki um það að maður hafi fylgt eigin sannfæringu og ekki bognað á leiðinni. Sagan er dálítið óvenjuleg að því leyti að Arnaldur er andhetja og ekki allra þannig að það skipti gríðarlega miklu máli að við skiluðum honum þannig til áhorfenda að þeir bæru einhverjar taugar og tilfinningar til hans. Mér finnst það hafa tekist og er sannfærður um að áhorfendur verða tilbúnir að sitja með honum í tvo tíma og fylgjast með sögu hans þróast.“

## Vissi hvað hann vildi

Styr Júlíusson, sem leikur Arnald í Fölskum fugli, ákvað snemma að verða leikari. Í Fréttablaðinu 4. september 2006 er viðtal við Styr, þá fjórtán ára gamlan, þar sem hann greinir frá því að hann hafi notað fermingarpeningana sína til að sækja leiklistarnámskeið í New York. Grípum niður í viðtalið við þennan unga leiklistaráhugamann:

„Styr hefur leikið í nokkrum auglýsingum hér heima en lítið staðið á sviði. Í Stagedoor Manor hlaut hann hlutverk þjóns á heimili Bennett-fjölskyldunnar í Hroka og hleypidómum eftir Jane Austen, en alls voru sett upp þrettán leikrit á námskeiðinu. „Hlutverk þjónsins er allt öðruvísi og stærra í leikritinu en það er í myndinni, hann er allt öðruvísi karakter,“ útskýrir Styr.

Í lok námskeiðsins heldur skólinn verðlaunaafhendingu sem gengur undir nafninu Óskarinn, þar sem þátttakendur eru verðlaunaðir fyrir frammistöðu sína. Styr hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi leik í leikriti.

Styr segist nú ætla að halda ótrauður áfram. „Ég ætla að reyna að komast aftur út næstu ár. Svo langar mig að fara í áheyrnarprufur fyrir leikrit og reyna að fá að gera einhverjar talsetningar,“ segir hann.“

HIN EINA SANNA

# INTERSPORT ÚTSALA HEFST Í DAG

## LÁGMARK 30% AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

30% Afsláttur

40% Afsláttur

50% Afsláttur

60% Afsláttur

70% Afsláttur

KOMDU Á ALVÖRU ÚTSÖLU

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18

**LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 **SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16

EXPO - www.expo.is

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 250.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50.000 kr. afslætti
**Sjálfvirkar kaffivélar með allt að 130.000 kr. afslætti**
1400sn og 7kg Whirlpool þvottavél með
íslensku stjórnborði á aðeins kr. 89.995

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

SJÓNVÖRP BÍLTÆKI

DVD SPILARAR FERÐATÆKI

MP3 SPILARAR MAGNARAR

ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ

HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ

STRAUJÁRN RAKVÉLAR

RYKSUGUR

**Uppþvottavélar í úrvali með miklum afslætti**
Whirlpool ofnar, helluborð og háfar
á frábærum verðum
**Nuddtæki með allt að 50% afslætti**
AIDA búsáhöld með 50% afslætti
**40" sjónvörp frá 89.995**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ ALLA HELGINA**
**Á SUÐURLANDSBRAUT**
LAU. 11-18 – SUN. 13-18

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool



**PRIYANKA THAPA** „Ég hef sótt um ríkisborgararétt og ef ég fengi hann væri það upphaf nýs ferðalags,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Besti staðurinn til að vera á

Hin nepalska Priyanka Thapa fékk tímabundið dvalarleyfi hér á landi á síðasta ári af mannúðarástæðum. Nú lærir hún lyfjafræði við HÍ og brillerar á prófum, auk þess að sinna fötluðum samnemanda sínum sem einnig gengur vel í náminu.




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Hálkan er svo gríðarleg í Norðlingaholtinu þegar Fréttablaðsfólk fer þangað að hitta Priyönku Thapa að bíllinn skransar út í skafl. Með góðri hjálp og lagni kemst hann þó aftur á rétta braut. Þarna býr Priyanka hjá Guðjóni Reykdal og foreldrum hans og aðstoðar hann við daglegt líf því hann er bundinn hjólastól. „Ég byrja klukkan sjö á morgnana að aðstoða Guðjón með dagleg störf svo sem að klæða hann í peysuna og finna til matinn. Þetta er gleðileg og mjög skemmtileg vinna vegna þess að hann er með mér í skólanum,“ segir hún.

Priyanka og Guðjón eru bæði að læra lyfjafræði í Háskóla Íslands og stunda námið stíft. „Við förum í skólann á morgnana og lærum síðan allan daginn,“ lýsir hún. „Ég skrifa niður fyrir okkur bæði það sem kennarinn segir og þar sem kennslan er öll á íslensku fæ ég aðstoð frá Guðjóni með að fara yfir fyrirlestrana. Kennararnir eru líka mjög góðir og hika ekki við að hjálpa mér.“

### Stefnir á doktorsnám

Priyanka er 24 ára. Hún ólst upp í Katmandú í Nepal, yngst fjögurra systkina. Faðirinn yfirgaf fjölskylduna þegar Priyanka var tveggja ára en móðirin og elsti bróðirinn unnu fyrir heimilinu en bróðirinn lést af slysförum árið 2008. Faðir hennar er líka dáinn. Þegar dvalarleyfi Priyönku rann út hér á landi fyrir rúmu ári óttaðist hún að verða neydd til að giftast einhverjum karli sem gæti séð fjölskyldunni farborða ef hún færi aftur til heimalandsins. Þau eru örlög margra kynsystra hennar þar. Hún vildi umfram allt vera áfram á Íslandi og það vill hún enn. „Þetta er besti staðurinn sem ég gæti óskað mér að vera á,“ segir hún. „Ég hef sótt um ríkisborgararétt og ef ég fengi hann væri það upphaf nýs ferðalags.“

Priyanka talar ljómandi góða íslensku þótt hún hafi ekki dvalið hér á landi nema rúm þrjú ár. Hún kom upphaflega til landsins sem barnfóstra til Þórólfs Gunnarssonar framkvæmdastjóra og Önnu Láru Steingrímsdóttur lyfjafræðings og barna þeirra. Þau eru hennar nýja fjölskylda. Meðfram starfinu stundaði hún nám við verk- og raunvísindadeild Háskólabrúar Keilis. Þar sýndi hún og sannaði að hún er mikil lærdómsmanneskja og í nýafstöðnum jólaprófum í lyfjafræðinni kveðst hún hafa fengið góðar einkunnir enda hafi hún lagt mikið á sig. „Maður uppsker eins og maður sáir,“ segir Priyanka, sem kveðst búin með eitt og hálft ár í lyfjafræðinni og annað eins sé eftir af BS-náminu. Því næst taki við tvö ár í MS-námi. „Svo stefni ég á doktorsnám (Ph.D) að því loknu,“ tekur hún fram.

Spurð hvað hún geri í frístundum svarar Priyanka: „Yfirleitt hef ég ekki mikinn frítíma því námið og vinnan taka nær allan minn tíma. En ég hef mjög gaman af því að elda og prufa eitthvað nýtt í þeim efnum. Mér þykir líka skemmtilegt að skrifa sögur og ljóð.“ Síðastliðið sumar kveðst hún hafa ferðast talsvert. „Ég fór til Akureyrar og Mývatns, líka til London, Svíþjóðar og Danmerkur. Svo fór ég í flúðasiglingu og gekk mikið um í Reykjavík til að kynnast höfuðborginni betur.“



**LÆRA SAMAN** Guðjón og Priyanka fylgjast að í lyfjafræðináminu og hjálpa hvort öðru.

### Sakna er ekki nógu sterkt orð

Öðru hverju kveðst Priyanka hafa samband við fólkið sitt í Nepal, þó sjaldan vegna þess hve dýrt það er að hringja á milli landa. „Systkini mín eru ekki með netsamband en stundum fara þau á netkaffihús og geta haft samband við mig þannig,“ útskýrir hún. „Fjölskyldan hefur það fínt og ég vona að hún skilji nú hvað ég vil gera við líf mitt. Upp á síðkastið hef ég sent henni smá peninga og veit að hún er ánægð.“ Langar hana ekki í heimsókn? „Jú, auðvitað, en ég er svo hrædd um að mér yrði ekki hleypt aftur hingað. Með nepölsku vegabréfi er ekki öruggt að ég kæmist aftur frá Nepal vegna vandamála þar í landi.“

Priyanka segir orðið sakna ekki nærri nógu sterkt til að lýsa því hversu sárt hún sakni fólksins síns. „Stundum hugsa ég hvað ég sé ólánsöm að vera svona langt frá mömmu og systkinum mínum en aftur á móti gerir það mig glaða að vera hér þegar ég lít á það sem ég hef í dag og það sem ég mun hafa í framtíðinni. Ég á líka góða fjölskyldu á Íslandi, hér er skólinn minn og vinir mínir. Allir sem ég kynnist hvetja mig til að ná því besta út úr lífinu og líf mitt í dag er það besta sem ég gæti óskað mér.“

**„Stundum hugsa ég hvað ég sé ólánsöm að vera svona langt frá mömmu og systkinum mínum en aftur á móti gerir það mig glaða að vera hér þegar ég lít á það sem ég hef í dag**

Priyanka er enn í jólafríi og hún og Guðjón ætla að nota tækifærið þennan daginn og skreppa austur á Selfoss að hitta nepalska stúlku sem er nýflutt til landsins. Guðjón er á sérútbúnum bíl sem hann ekur sjálfur og er sestur undir stýri þegar Fréttablaðsfólk skreiðist aftur af stað út í hálkuna.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 62415 12/12

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is



# Njóttu lífsins á nýju ári

**Nýtt ár og þú ætlar að huga að heilsunni.** Hvort sem þú ætlar að taka þig á eða vilt viðhalda góðri heilsu þá er mikilvægt að vita hvar þú stendur. Komdu til okkar í **Lyfju Lágmúla** eða á **Smáratorgi** og við mælum:

- blóðþrýsting
- blóðrauða (hemóglóbín)
- útöndun
- blóðfitu og blóðsykur
- beinþéttni
- súrefnismettun í blóði

Í samræmi við niðurstöður mælinganna leiðbeinir starfsfólk Lyfju þér við kaup á bætiefnum og vítamínum. **Kynntu þér hjúkrunarþjónustu Lyfju á www.lyfja.is**

**Afslættir gilda til 20. janúar**

## Solaray bætiefnalínan
### – inniheldur besta hráefni sem kostur er á

**20%**
**afsláttur+**




*Kynning:*
*Lyfja Lágmúla* *7. jan. kl. 14.00–17.00*

## Jillian Michaels Maximum Strength Fat Burner™

**20%**
**afsláttur+**

Töflur sem innihalda einstaka blöndu af náttúrulegum efnum sem er sérstaklega hönnuð til að hjálpa líkamanum að brenna fitu.




*Kynning:*
*Lyfja Keflavík* *5. jan. kl. 14.00–16.00*

## Konjak

**20%**
**afsláttur+**

**Konjak** hjálpar þér að stilla matarlystina og koma jafnvægi á sykurþörf. Náttúrulegt grenningarefni, viðurkennt af EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu).




*Gígja Þórðardóttir sjúkraþjálfari kynnir KONJAK sem hér segir:*
*Lyfja Smáralind* *5. jan. kl. 12.00–15.00*
*Lyfja Smáratorgi* *7. jan. kl. 14.00–17.00*

## NOW – hágæða GMP vottuð bætiefni án óæskilegra fyllingar- og aukaefna

**20%**
**afsláttur+**




**Mysuprótein frá NOW** – vanillu, súkkulaði og án bragðs. Tilvalið í þeytinginn og eftir æfinguna til að tryggja endurnýjun amínó-sýrubirgða.
**CLA Extreme fitusýrur** sameina kosti L-Carnetin, Guarana og græns tes. Upplagt fyrir íþróttafólk.

*Kynning:*
*Lyfja Lágmúla* *5. jan. kl. 14.00–18.00*

Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík



**MORGUNSTUND GEFUR GULL Í MUND** Valdimar Örnólfsson stjórnaði morgunleikfimi í útvarpinu um árabil. Þessi mynd er tekin árið 1962. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**LEIKFIMI Í LAUGARDAL** Konur í leikfimi á gervigrasvellinum í Laugardal undir stjórn Jónínu Benediktsdóttur íþróttakennara árið 1985.

# Frúarleikfimi og líkamsrækt

Að loknu jólafríi með tilheyrandi veisluhöldum fyllist fólk gjarnan fítonskrafti og skundar í ræktina. Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur er að finna margar myndir sem bera líkamsræktaráhuga fyrri tíma vitni. Hér eru nokkrar frá þeim tíma er líkamsrækt fyrir almenning var að festa sig í sessi.



**LEIKFIMI** Hópur kvenna gerir leikfimisæfingar undir stjórn Eddu Guðgeirsdóttur árið 1983. Myndin er tekin í íþróttahúsi Háskóla Íslands.



**POLFIMI TIL SÝNIS** Jónína Ben stóð fyrir þolfimisýningu á skemmtistaðnum Broadway í febrúar árið 1984.



**Í UPPHAFI ÁRS** Myndin var tekin 1. janúar 1985 í líkamsræktinni Brautarholti 22. Í því húsi er í dag karatefélagið Þórshamar.



**SKOKKAÐ Í ÁRBÆNUM** Íbúar í Árbæjarhverfi skokka á vegum íþróttafélagsins Fylkis. Mynd úr tökunni birtist í Vísi en þar sagði: „Konurnar og krakkarnir hlaupa 1 km, þarna upp að rauða húsinu og til baka. Karlarnir hlaupa aftur á móti einn hring, sem er um það bil 2½ kílómetri. Þetta sagði skokkfólk í Árbæjarhverfi, sem í framtíðinni ætlar að hittast tvisvar í viku við stíflubrúna á Elliðaánum og hlaupa saman, sér til líkamlegrar og andlegrar upplyftingar."



**FRÚARLEIKFIMI** Leikfimisbolir og sokkabuxur voru staðalútbúnaður í svonefndri frúarleikfimi sem kennd var hjá Júdódeild Ármanns árið 1977.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KERTASNÍKIR KVEÐUR

**Þrettándinn er á morgun og þá fer síðasti jólasveinninn, Kertasníkir, aftur til fjalla. Á þessum degi er mikil gleði hjá álfum og tröllum, kveikt er í brennum og flugeldum skotið á loft og sungnir áramóta- og álfasöngvar.**


Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér
NÁMSAÐSTOÐ
til að styrkja grunninn. Öll skólastig.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233




**LÍÐUR BETUR** „Ég mun því halda áfram að taka Bio-Kult Candéa reglulega, þar sem það virkar mjög vel fyrir mig," segir Íris B. Jack. MYND/ANTON

# LAUS VIÐ RÓSROÐA MEÐ HJÁLP BIO-KULT

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Candéa vörurnar minnka kláða og sykurlöngun. Þær fást í öllum apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaða.*

Íris B. Jack hafði verið með rósroða og alltaf mjög pirruð í húðinni í andlitinu yfir veturinn. Fyrir vikið þurfti hún oft að fara á sýklalyfjakúr vegna þess. „Ég hafði lesið reynslusögur um Bio Kult Candéa en ákvað að taka því öllu með fyrirvara. Samt fann ég að mig langaði til að prófa þetta til að athuga hvort þetta virkaði fyrir mig."

Eftir einn og hálfan mánuð á Bio-Kult Candéa hylkjunum snarbatnaði Írisi í húðinni. „Það var lítill sem enginn kláði. Ég hef verið með exem í hársverðinum og augabrúnum og það lagaðist alveg. Ég fann engan kláða og engar auka húðflögur. Kláði hefur líka snarminnkað á hinum ýmsustu stöðum, sem er alveg gífurlegur plús."

Íris segist hafa verið rosalegur sykurfíkill í mörg ár en það hafi breyst ótrúlega mikið við inntöku á Bio-Kult Candéa. „Áður fyrr mátti ég ekki eiga súkkulaði heima án þess að borða það allt upp til agna en í dag er þetta svo sannarlega allt annað mál. Eftir að ég var búin að taka þessa þrjá pakka kom tími þar sem ég átti ekki hylkin í tvær vikur. Þá fann ég hvernig öll fyrri einkennin komu upp aftur. Kláði í andliti og húð kom aftur og exemið kom fljótt aftur. Reyndar kom sykurlöngunin ekki aftur af sama styrkleika og hún hafði verið áður. Ég byrjaði á að taka fjögur hylki á dag í tvær vikur og svo tvö hylki á dag eftir það. Þannig tók ég þrjá pakka í röð og sleppti ekki úr degi, sem hefur reynst mér best. Takk fyrir að bjóða upp á Bio-Kult Candéa! Ég mun því halda áfram að taka Bio-Kult Candéa reglulega, þar sem það virkar mjög vel fyrir mig."

Bio-Kult Candéa fæst í öllum apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is og Facebook, þar sem hægt er að taka þátt í léttum leik.




**ÚRVALS VARA** Bio-Kult Candéa vörurnar fást í öllum apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaða. MYND/ÚR EINKASAFNI




Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Barnadansar
Argentískur Tangó
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Frístundakortið
ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.
Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@danskoli.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill Save the Children á Íslandi

VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ



699 kr. 550 kr. 320 kr. 387 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
Opið: mán - föst Kl. 11 - 21 lau - sun Kl. 12 - 21



1.250 kr 1.350 kr 1.250 kr
PHO víetnamskur veitingastaður / Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

EITT FJALL Á MÁNUÐI MEÐ FÍ

**Kynningarfundur** 10. janúar kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6 **– allir velkomnir**
Umsjónarmenn verkefnis eru hinir einstöku fjallabræður Örvar og Ævar Aðalsteinssynir. • **Sjá nánar á www.fi.is**
FÍ
**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**



**HUGLEIÐSLUÆFING Í KYRRSTÖÐU**
Hér er Qing að gera æfingu úr Heilsu-Qigong. Æfingin heitir Zhi zhan mudan. MYND/ANTON

# OPINN DAGUR HJÁ HEILSUDREKANUM

**HEILSUDREKINN KYNNIR** *Dong Qing Guan tekur á móti fólki á opnum degi Heilsudrekans í dag milli 9 og 16. Kynning verður á Kungfu, Heilsu-Qigong, Taichi, hugrænni teygjuleikfimi og annarri starfsemi Heilsudrekans.*

Við höldum reglulega opið hús. Þá getur fólk kynnt sér fjölbreytta og öfluga heilsuræktarstarfsemi Heilsudrekans. Við reynum að svara spurningum sem brenna á vörum fólks og aðstoðum það eftir fremsta megni," segir Qing, eigandi Heilsudrekans, um opna daginn í dag.

Þar gefst gestum kostur á að líta inn í opna tíma, taka þátt eða horfa á og átta sig þannig betur á hvað gæti hentað þeim. Meðal annars getur þar að líta Taichi, Heilsu-Qigong, Kungfu fyrir krakka og unglinga og hugræna teygjuleikfimi. „Hugræn teygjuleikfimi er til að mynda mjög slakandi og róandi æfingakerfi byggt á aldagamalli kínverskri hefð sem hentar breiðum hópi fólks. Við höfum kennt hana í 18-19 ár og hún vinnur gegn mörgum algengum kvillum, svo sem vöðvabólgu, gigt og uppsafnaðri spennu og stirðum liðamótum."

Í Taichi er unnið með kínverskar bardagaaðferðir sem henta öllum aldurshópum. „Taichi einkennist af afslöppuðum og mjúkum hreyfingum sem þjálfa bæði líkama og huga. Ekki má svo gleyma Kungfu, bæði fyrir fullorðna og fyrir krakka og unglinga."

Heilsudrekinn er í samstarfi við Íþróttaháskólann í Peking og er kennari á vegum hans starfandi hjá Heilsudrekanum að kenna Kungfu. „Kungfu er fjölbreytt íþrótt sem eflir bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði. Tilvalið er að koma með krakkana og leyfa þeim að sjá hvernig Kungfu virkar. Það er uppfullt af einbeitingar- og samhæfingaræfingum sem eru mjög krefjandi og þroskandi fyrir börn og unglinga."

Einkatímar eru líka í boði hjá Heilsudrekanum þar sem sér æfingakerfi er sniðið fyrir fólk eftir þörfum. Þá eru heilsumeðferðir að verða æ vinsælli ásamt ýmsum gerðum heilsutes.

Áhugasömum er bent á að kynna sér starfsemina með því að líta inn hjá Heilsudrekanum í Skeifunni 3 í dag. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.heilsudrekinn.is eða á Facebook-síðu hans, Heilsudrekinn.

**TEYGJULEIKFIMI**
Hugræn teygjuleikfimi er til að mynda mjög slakandi og róandi æfingakerfi byggt á aldagamalli kínverskri hefð sem hentar breiðum hópi fólks.


Við skutlum Júlíu heim
Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu
Póstdreifing
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN
Heimili og skóli
www.saft.is

Útsala Útsala Útsala Útsala Útsala
Verðdæmi:
Borðstofustólar 4.900
Tungusófar 75.400
Kommóður 15.000
Höfðagaflar 5.000
Náttborð 5.000
Heilsukoddar Sófasett Púðar Hornsófar Borðstofustólar Sjónvarpsskápar Borðstofuhúsgögn Túngusófar Rúm Fjarstýringavasar Hægindastólar Kommóður Höfðagaflar
40% 70% 20% 10% 30% 50% 70% 30% 60% 30%
Patti HÚSGÖGN
Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Sími: 557 9510 | Vefsíða: www.patti.is

# ÚTSALA




## 20-60% AFSLÁTTUR

### af öllum teppum







*Persía*

**Opið sunnudaginn 6. janúar kl. 13-17**

**Opið kl. 11-18 • laugardaga kl. 11-16 • www.persia.is**

**TEPPAGALLERÍ • Bæjarlind 16 • Sími 568 6999**

FRUM

# ÁKVAÐ AÐ GERA ÞETTA BARA SJÁLF

**GAF ÚT DISK** *Sigríður Anna Einarsdóttir ólst upp við að halda áramót og þrettánda hátíðleg í sveitinni undir Eyjafjöllum. Fyrir áramótin 2011 gaf hún út veglegan geisladisk með lögum, sögum, ljóðum og leikþætti sem öll eiga það sameiginlegt að snúast um áramóta- og þrettándagleði.*

Sigríður Anna Einarsdóttir starfar sem fjölskyldu- og félagsráðgjafi. Um áramótin 2009-2010 ákvað hún að gefa út hljómdisk með áramótalögum. „Vinnan við diskinn fór fram á árinu 2011 og kom út sama ár. Móttökurnar hafa verið mjög góðar sem segir mér að hugmyndin hafi verið hárrétt,“ segir Sigríður Anna um upphaf ævintýrisins í kringum útgáfu disksins Áramóta- og þrettándagleði.

**ÁLFAR OG TALANDI KÝR**

Fyrstu minningar Sigríðar Önnu eru úr sveitinni undir Eyjafjöllum þar sem hún ólst upp. „Þegar ég var lítil í sveitinni söfnuðum við krakkarnir saman eldiviði í þrettándabrennu, kveiktum í og dönsuðum í kringum eldinn og kveiktum á stjörnuljósum. Við ímynduðum okkur að kýrnar töluðu og að álfar flyttust búferlum þarna uppi í fjöllunum.“

**FÉLAGSRÁÐGJAFI GEFUR ÚT DISK**

En hvað fékk hana til þess að fara út í svona stórt verkefni? „Mig langaði að fylla heimilið af meiri stemmningu í kringum þrettánda og áramót og langaði líka að hlúa að þjóðararfinum. Ég beið þess alltaf að einhver gæfi út hljómdisk sem innihéldi áramótalög, en ekkert gerðist. Á endanum ákvað ég því bara að gefa út þennan disk sjálf.“ Í fyrstu áttu bara að vera áramóta- og þrettándalög á honum en það breyttist fljótt og við bættust þjóðsögur, nýársljóð, erindi um áramótin og að lokum nýársleikþáttur sem Jón Hjartarson skrifaði sérstaklega fyrir þessa útgáfu. „Þá fannst mér viðeigandi að láta syngja „Nú árið er liðið“ af nokkrum kynslóðum. Ég setti saman kór sem ég kalla Kynslóðakór og syngur hver hópur sitt erindi. Allt að áttatíu ára munur er á milli kynslóðahópanna í kórnum. Það er ákaflega hugljúft að hlusta á þennan flutning og auðvitað hlustar maður bara með hjartanu.“

**ALLT LAGT Í ÚTGÁFUNA**

Hljómdiskurinn er tveggja diska útgáfa og mjög eigulegur. „Ég fékk til liðs við mig frábært fólk. Allir voru boðnir og búnir að leggja hönd á plóg og ég á hlýjar og góðar minningar frá samstarfinu. Verð ég öllu þessu fólki ævinlega þakklát.“ Vel yfir hundrað flytjendur komu að gerð plötunnar; kórar, einsöngvarar, lúðrasveit, hljóðfæraleikarar, leikarar og doktor í menningarsögu. Páll Orri Pétursson sá um upptökuna. „Þetta var ótrúlega mikil vinna og krefjandi en ég sé ekki eftir einu einasta augnabliki. Það er sérstök stemmning sem fylgir því að hlusta á diskana. Ég vildi gera hann þannig að hann yrði partur af hátíðinni og skapaði áramótastemmningu á hverju heimili, líkt og jóladiskarnir skipta máli fyrir jólastemmninguna. Á viðbrögðum fólks heyrist mér að það hafa tekist, og það gleður mig ómælt.“ Á þrettándanum ætlar Sigríður Anna svo að fara á brennu, borða góðan mat og skjóta upp flugeldum. „Svo set ég diskinn á og læt hann færa mér þrettándastemmningu og hlakka mikið til,“ segir Sigríður Anna og hlær.

■ **vidir@365.is**



**DANSAÐ KRINGUM ELDINN** „Þegar ég var lítil í sveitinni söfnuðum við krakkarnir saman eldiviði í þrettándabrennu, kveiktum í og dönsuðum í kringum eldinn og kveiktum á stjörnuljósum,“ segir Sigríður Anna.
MYND/ANTON






## 2013 GEFUR MARGA AUKAFRÍDAGA

**Það er misjafnt eftir árum hversu marga aukafrídaga vinnandi fólk fær. Árið 2013 verður eðalár á þessu sviði því fjórtán hátíðardagar á árinu lenda á virkum vinnudögum. Það eru tveimur fleiri en árið 2012 og fjórum dögum fleiri en árið 2011. Það er þó ekki víst að vinnuveitendur séu sama sinnis þótt vissulega fái þeir frí líka. Þessir fjórtán dagar eru fyrir utan sumar- og vetrarfrí. Þetta er aukabónus sem vert er að gleðjast yfir á dimmum janúardögum.**

- **Nýársdagur (þriðjudagur)**
- **Skírdagur (28. mars) (alltaf fimmtudagur)**
- **Föstudagurinn langi**
- **Annar í páskum**
- **Sumardagurinn fyrsti (25. apríl)**
- **Uppstigningardagur (9. maí)**
- **1. maí (miðvikudagur)**
- **Annar í hvítasunnu (20. maí)**
- **17. júní (mánudagur)**
- **Frídagur verslunarmanna**
- **Aðfangadagur jóla (þriðjudagur)**
- **Jóladagur (miðvikudagur)**
- **Annar í jólum (fimmtudagur)**
- **Gamlársdagur (þriðjudagur)**


Stjörnuljós
Flugeldasala
50 %
Afsláttur
Sýningin þín
hefst hjá okkur
Dalbrekku 17 Kópavogi
Einn flottasti sölustaður landsins með frábært
úrval gæðaskotelda á góðu verði.
Opið 12 - 20
föstudag laugardag
og sunnudag
www.stjornuljos.is






Fólk og forynjur með logandi kyndla á þrettándagleði í Sólheimum um jólin í fyrra.

# *Jólin kvödd í Sólheimum*

Grýla, Leppalúði, jólasveinarnir og jólin verða kvödd í samfylgd álfa, trölla, huldufólks og annarra vætta í Sólheimum í Grímsnesi á morgun, þrettándanum. Gleðin hefst í íþróttaleikhúsi Sólheima klukkan 16 þar sem gestum verður boðið að velja sér gervi, fá andlitsmálun og klæðast fjölbreyttum búningum í eigu Sólheima.

Þegar klukkan slær 17 leiða álfakóngur og álfadrottning blysför að brennustæði Sólheima við undirleik trommusláttar, söngs og sprells. Kveikt verður í tilkomumiklum bálkesti klukkan 17.10 og sungið og kveikt á blysum við þrettándabrennuna. Skemmtun á sviði hefst klukkan 17.30 og dagskráin endar með flugeldasýningu.

Í Grænu könnunni verður boðið upp á ljúffenga Leppalúðasúpu og nýbakað lífrænt nornabrauð á foreldravænu verði. Rjúkandi heitt kakó og brakandi piparkökur verða einnig á boðstólum í anda jóla.

Allir eru hjartanlega velkomnir í Sólheima. Margir hafa fyrir sið að koma einnig við á þrettándagleði Selfyssinga í bakaleiðinni, en blysför verður farin frá Tryggvaskála klukkan 20 að brennustæði við tjaldstæði Gesthúsa þar sem kveikt verður í þrettándabálkesti og jólin kvödd með glæsilegri flugeldasýningu í félagsskap álfa og trölla.

Sé veðurútlit tvísýnt er rétt að athuga hvort dagskrá breytist áður en haldið er af stað. Sjá heimasíðurnar solheimar.is og arborg.is.



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Íslandsstofa er vettvangur markaðs- og kynningarmála landsmanna á erlendri grund og stuðlar að því að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með því að efla markaðssókn Íslendinga erlendis. Sjá nánar á **www.islandsstofa.is.**

# „Vits er þörf // þeim er víða ratar“

Íslandsstofa óskar eftir að ráða áhugasaman og drífandi verkefnastjóra sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi. Markmið starfsins er að auka áhuga á íslenskum vörum og þjónustu erlendis með sérstaka áherslu á sjávarafurðir. Starfið heyrir undir forstöðumann markaðssóknar vöru og þjónustu.

**Helstu verkefni:**
- Skipulagning og stjórnun verkefna og markaðsaðgerða
- Þátttaka í gerð markaðsáætlana, vinna úr gögnum og markaðsupplýsingum
- Þátttaka í gerð á kynningarefni
- Undirbúningur og þátttaka í vörusýningum og viðburðum erlendis
- Samskipti við hagsmunaaðila innanlands og erlendis

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði markaðs- eða sjávarútvegsfræða
- Reynsla af alþjóðasamskiptum, markaðssetningu eða sölu á erlendum mörkuðum skilyrði
- Þekking á matvælageiranum í Evrópu eða Bandaríkjunum og framleiðslu innanlands æskileg
- Góð enskukunnátta skilyrði, þýska, spænska eða franska kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti og reynsla af notkun vefmiðla í markaðsstarfi
- Samskipta- og skipulagshæfileikar, framsækni og hugmyndaauðgi

**Upplýsingar veita:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar nk. Æskilegt er að ráðning verði sem fyrst.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is ásamt fylgigögnum.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Upplýsingatækni - áhugaverð tækifæri

## .NET forritun
Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða .NET forritara sem langar að leita nýrra tækifæra. Nýútskrifaðir koma einnig til greina.

## SQL sérfræðingar
Óskum eftir að komast í samband við SQL gagnagrunnssérfræðinga og reynda Microsoft kerfisstjóra með góða SQL þekkingu.

## Kerfisfræðingur - innleiðing o.fl.
Leiðandi þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni m.a. í útflutningi eigin hugbúnaðarlausna óskar að ráða kerfisfræðing í öflugan og samheldinn hóp. Starfið felst í ráðgjöf, uppsetningu og samþættingu kerfa. Haldgóð SQL þekking auk góðrar Microsoft þekkingar ásamt framúrskarandi þjónustulund er mikilvæg.

## .NET forritun - störf í Sviss
Öflugt og traust upplýsingatæknifyrirtæki í Sviss, sem býr til lausnir fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki, óskar að ráða reynda .NET forritara. Íslendingar sem starfa hjá fyrirtækinu hafa staðið sig vel. Reynsla af krefjandi .NET verkefnum og árangursríkur starfsferill er skilyrði.

## SharePoint forritun - störf í Sviss
Öflugt og traust upplýsingatæknifyrirtæki í Sviss sem þjónustar og býr til lausnir fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki óskar að ráða reynda SharePoint forritara. Reynsla af krefjandi SharePoint verkefnum er skilyrði.

## C++ forritun
Óskum eftir að komast í samband við C++ forritara sem hafa sannað sig í kröfuhörðu umhverfi. Spennandi tækifæri og góð laun í boði.

## Java forritun
Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða Java forritara sem hafa náð góðum árangri í starfi og langar að leita nýrra tækifæra. Nýútskrifaðir koma einnig til greina.

## SAP forritun
Leiðandi stórfyrirtæki óskar að ráða SAP forritara í tölvudeild. Til greina kemur að mennta efnilegan tölvunarfræðing frá grunni í SAP. Dugnaður, samviskusemi og brennandi áhugi á forritun er skilyrði sem og hæfni í samskiptum og teymisvinnu.

## Hugbúnaðarprófanir
Óskum eftir að komast í samband við reynda hugbúnaðarprófara sem vilja leita nýrra tækifæra. Helst er leitað eftir tölvunarfræðingum eða einstaklingum með sambærilega menntun. Reynsla af forritun er æskileg. Forritarar sem vilja sérhæfa sig í prófunum koma einnig til greina.

## Dynamics AX forritun
Óskum eftir að komast í samband við reynda Dynamics AX forritara sem langar að leita nýrra tækifæra. Góð störf í boði.

## Dynamics AX ráðgjöf
Óskum eftir að komast í samband við reynda Dynamics AX ráðgjafa sem langar að leita nýrra tækifæra. Góð störf í boði.

## Microsoft Dynamics NAV forritun
Óskum eftir að komast í samband við reynda Navision / Microsoft Dynamics NAV forritara sem langar að leita nýrra tækifæra. Góð störf í boði.

## Linux sérfræðingur
Óskum eftir að komast í samband við Linux sérfræðing. Starfið felst í uppsetningu, rekstri og breytingum á Linux kerfum.

*Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.*** *Umsókn með ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is fyrir 14. janúar nk.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# Ertu í leit að nýrri áskorun?

## Dohop leitar að sölu- og markaðsstjóra.

Við þurfum öflugan liðsmann í hópinn til þess að hjálpa okkur að sækja fram í sölu og markaðsmálum og ná enn meiri árangri.

Helstu verkefni:

- Markaðssetning Dohop
- Myndun og viðhald viðskiptatengsla
- Ferðir á ráðstefnur og til viðskiptavina
- Verkefnastjórnun

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölu hugbúnaðar
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð
- Reynsla af markaðssetningu
- Mjög gott vald á ensku
- Frumkvæði og drifkraftur
- Háskólagráða

Umsóknarfrestur er til **14.janúar 2013**. Fyrirspurnir og umsóknir berist til **starf@dohop.com**
Nánari upplýsingar um okkur má nálgast á **about.dohop.com**

Dohop er kraftmikið íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki. Um 90% þeirra sem heimsækja dohop.com eru erlendir neytendur í leit að flugmiðum, hótelum og bílaleigubílum. Félagið var stofnað á Íslandi árið 2005, einu skrifstofur þess eru í Reykjavík og hjá félaginu starfa 10 manns. Félagið er rekið með hagnaði og hefur frá stofnun vaxið um þriðjung á ári hverju.

Dohop ehf. • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • www.dohop.is

dohop

## Sölufulltrúi óskast

**Nýleg fasteignasala óskar eftir að ráða reyndan, kraftmikinn og ábyrgan sölumann í fullt starf.**
Um er að ræða fasteignasölu sem leggur metnað sinn í fagmennsku, traust og framsækni.
Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá á box@frett.is merkt **„Fasteignasala“**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Félagsmiðstöðin Klakinn**
- Forstöðumaður

**Leikskólinn Lundaból**
- Sérkennsla

**Leikskólinn Akrar**
- Sérkennsla

**Hofsstaðaskóli**
- Námsráðgjafi

**Leikskólinn Holtakot**
- Sérkennslustjóri
- Leikskólakennari/leiðbeinandi

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## SAFFRAN

opnar NÝJAN stað í Hafnarfirði! → á NÝJU ári!
jeijjj!

Því vantar okkur NÝTT og frábært starfsfólk í eftirfarandi störf:

Í SAL: Vaktstjóri - fullt starf
Afgreiðsla og salur - fullt starf
Afgreiðsla og salur - hlutastarf

Í ELDHÚS / GRILL: Vaktstjóri - fullt starf
Fullt starf í eldhús
Hlutastarf í eldhús

Hæfniskröfur:
19 ára eða eldri, með metnað og hæfni til að vinna undir álagi. Góð íslenskukunnátta ef sótt er um starf í sal - enskukunnátta ef sótt er um í eldhúsi. Engir skartgripir í andliti, góð þjónustulund og snyrtimennska. Ekki er verra að kunna nokkra Hafnfirðingabrandara (grín!)

SAFFRAN
↖ HOLLT, FERSKT OG FRAMANDI

IN ENGLISH:
Saffran is opening a new place in Hafnarfjörður! yeah!
We are looking for Floor Managers in the kitchen as well as full-time and part-time positions in the kitchen.

Icelandic is necessary if you want to work as a waiter!

SAFFRAN er nú starfrækt á þremur (4) stöðum á höfuðborgarsvæðinu og býður upp á ferskan, hollan, framandi alþjóðlegan mat.

Umsóknareyðublöð er að finna á umsokn.foodco.is

Nánari upplýsingar veitir Herwig atvinna@foodco.is

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Í RÍKI VATNAJÖKULS WOW!

**Ríki Vatnajökuls óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri í starfi.**

**Starfssvið:**
- Dagleg stjórnun og rekstur félagsins
- Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana og eftirfylgni þeirra
- Virk þátttaka í stefnumörkun um starfsemi félagsins og framkvæmd hennar
- Umsjón með markaðs- og kynningarmálum, þar með heimasíðu félagsins
- Samskipti við fyrirtæki, hagsmunasamtök og stofnanir innan félagsins sem utan

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstrar- og markaðsmálum
- Stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla úr ferðaþjónustu kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta sem og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni

Ríki Vatnajökuls ehf er ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasi Suðausturlands. Félagið er samstarfsvettvangur fyrirtækja og stofnana í ferðaþjónustu og tengdum greinum með það að markmiði að efla heilsársferðaþjónustu á grunni náttúru, matvæla og menningu svæðisins. Starfssvæði félagsins nær yfir Sveitarfélagið Hornafjörð og skrifstofan er á Höfn. Heimasíða Ríkis Vatnajökuls er www.visitvatnajokull.is.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLU

HAFNARFJÖRÐUR

**Hafnarfjarðarbær auglýsir stöðu sviðstjóra stjórnsýslu lausa til umsóknar. Hér er um fjölbreytta og krefjandi stjórnunarstöðu að ræða. Leitað er að reyndum stjórnanda sem hefur metnað og vilja til að byggja upp og þróa þjónustu bæjarfélagsins með hagsmuni og þarfir íbúa þess að leiðarljósi.**

Hlutverk stjórnsýslusviðs er að þjónusta bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, bæjarráð og önnur ráð stjórnsýslunnar. Auk þess að veita innri þjónustu á sviði mannauðsmála, fjármála, bókhalds, skjalastjórnunar, innkaupa, upplýsingatækni, lögfræðimála og árangurs – og gæðamála ber stjórnsýslusvið ábyrgð á verkefnum á sviði menningarmála, ferðamála, atvinnumála, kynningarmála og þjónustuvers. Stjórnsýslusvið gegnir þannig lykilhlutverki í þjónustu og upplýsingagjöf til bæjarbúa, fyrirtækja, bæjarfulltrúa og starfsmanna.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á rekstri, stjórnun og þjónustu sviðsins
- Tryggja faglegan undirbúning mála sem koma fyrir bæjarstjórn
- Hefur yfirumsjón með Stjórnsýslu, veitir ráðgjöf um almenna stjórnsýslu bæjarins og ber ábyrgð á samræmingu stjórnsýsluhátta
- Þátttaka og forysta í ýmsum verkefnum f.h. Hafnarfjarðarbæjar í samstarfi við önnur sveitarfélög og við ríkið
- Stýrir þverfaglegum stoðteymum innan stjórnsýslunnar og ber ábyrgð á að þau styðji við önnur starfssvið bæjarins
- Ábyrgð á þjónustuveri bæjarins
- Ábyrgð á skilvirkri innri og ytri upplýsingagjöf, samskiptum og skýrslugerð
- Mótun, innleiðing og viðhald verkferla sviðsins
- Vera staðgengill bæjarstjóra við ýmiss tækifæri

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri og mannaforráðum
- Leiðtoga- og skipulagshæfni
- Víðsýni, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Ögun í vinnubrögðum og góð skipulagshæfni
- Reynsla og þekking á mótun og innleiðingu verkferla
- Rík samskipta- og samvinnuhæfni ekki síst í þverfaglegum teymum
- Hæfni til að takast á við og vinna undir álagi
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í tali og rituðu máli á íslensku og ensku

**Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

BRAMMER
www.brammer.is

# Rekstrarstjóri vöruhúss

## Brammer er leiðandi dreifingaraðili í Evrópu á vörum fyrir iðnaðarviðhald, viðgerðir, enduruppgerðir og þjónustu.

Meðal helstu vara eru legur, vélrænar skiptingar, loftþrýstikerfi, vökvaþrýstikerfi og verkfæri ásamt heilsu- og öryggisbúnaði. Helsta þjónusta Brammer er að skoða birgðakerfi í heild og finna út sparnaðarleiðir fyrir fyrirtæki. Brammer kom til landsins árið 2005 vegna uppbyggingar Fjarðaáls í Reyðarfirði. Árið 2010 var ákveðið að fara í frekari fjárfestingar og byggja upp íslenskt fyrirtæki. Reynslan af samvinnu Alcoa og Brammer hérlendis hefur verið nýtt í verkefnum í norskum álverum og mun sú þekking einnig vera notuð hjá verksmiðjum Alcoa í Evrópu.

**Starfssvið**:
- Dagleg stjórnun vöruhúss
- Mannauðsstjórnun
- Mikil samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Mikil samskipti við aðrar deildir fyrirtækisins
- Þróun og endurbætur á ferlum
- Samskipti við birgja
- Mikil greiningarvinna í Excel

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Haldbær stjórnunarreynsla
- Reynsla af mannaforráðum
- Reynsla og skilningur á starfsemi vöruhúsa
- Mikið frumkvæði og geta til að finna lausnir
- Mikil þjónustulund og góð samskiptahæfni
- Mjög góð Excelkunnátta
- Reiprennandi íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af störfum í alþjóðlegu umhverfi æskileg

Búseta á Austurlandi er skilyrði

**Upplýsingar veita:**

Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



Dalvíkurbyggð er sveitarfélag við Eyjafjörð, um 40 km norðan við Akureyri. Sveitarfélagið er framsækið og leggur metnað sinn í að veita íbúum, ekki síst börnum og ungmennum, góða þjónustu. Þar er blómlegt menningarlíf og fjölbreyttir möguleikar til íþróttaiðkunar og útivistar.

Að búa í Dalvíkurbyggð er kjörið fyrir fólk á öllum aldri, barnafjölskyldur, útivistarfólk og þá sem vilja njóta nálægðar við náttúruna. Sjá frekari upplýsingar á www.dalvikurbyggd.is

# Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs

Sviðsstjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar. Í því felst m.a. ábyrgð á því að unnið sé og þjónusta veitt í samræmi við lög og reglur sem gilda um verkefni sviðsins. Helstu verkefni á umhverfis- og tæknisviði eru: Byggingamál og eftirlit byggingafulltrúa, skipulagsmál, brunavarnir, almannavarnir, umferðarmál, umhverfismál þ.m.t. úrgangsmál, málefni landbúnaðar og umsjón eignasjóðs. Sviðsstjóri er ásamt umhverfisráði ráðgefandi við bæjarstjórn um þessa málaflokka.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með gerð fjárhags-, starfs- og verkáætlana fyrir verkefni á sviðinu
- Samningagerð og uppgjör við verktaka
- Stýring útgjalda og samþykktir reikninga
- Þátttaka í reglulegum samráðsfundum með bæjarstjóra og öðrum sviðsstjórum
- Undirbúningur og fundarseta þeirra fagráða sem starfa á umhverfis- og tæknisviði
- Fylgja eftir afgreiðslu ráða, bæjarráðs og bæjarstjórnar á málefnum á umhverfis- og tæknisviði
- Samskipti við Umhverfisstofnun vegna umsjónar með Fólkvangi í Böggvisstaðafjalli og Friðlandi Svarfdæla
- Sviðsstjóri annast önnur verkefni sem bæjarstjóri felur honum

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsháskólamenntun æskileg
- Starfsreynsla innan stjórnsýslunnar æskileg
- Reynsla af skyldum störfum
- Þekking á helstu tölvuforritum sem nauðsynleg eru vegna verkefna á sviðinu
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Ríkir skipulagshæfileikar
- Geta til að vinna undir álagi

**Nánari upplýsingar veita:**
Inga S. Arnardóttir,
inga@hagvangur.is og
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



# Sérfræðingur í öryggismálum og starfsmaður við gufuveitur

**Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.**

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störfin. Umsjón með ráðningunni hefur Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri OR **(birna.bragadottir@or.is)**. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur; **http://www.or.is/** Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og færð rök fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2013. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

## Sérfræðingur á sviði öryggismála

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru öryggismál forgangsmál. Markmiðið er að enginn slasist né bíði heilsutjón af vinnu sinni.

Hlutverk öryggismála er að vinna að eflingu öryggisvitundar hjá starfsmönnum og verktökum OR með því að aðstoða þá við að koma auga á, greina og ná stjórn á áhættum sem eru til staðar í vinnuumhverfi. Orkuveita Reykjavíkur fylgir OHSAS18001 öryggisstaðlinum.

Öryggismál OR óska eftir að ráða sérfræðing á sviði öryggismála. Leitað er eftir áhugasömum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni, frumkvæði og skipulagshæfni.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Gæðahandbók öryggismála
- Upplýsingagjöf
- Áhættugreiningar
- Fræðsla- og þjálfun starfsmanna í öryggismálum
- Umsjón með skráningu atvika, greining orsaka og umbætur

### Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla í öryggis- og heilsuverndarmálum er æskileg

## Starfsmaður við gufuveitur

Virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði og Nesjavöllum óska eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með viðhaldi og rekstri á gufuveitu. Leitað er eftir vinnusömum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og er sjálfstæður í vinnubrögðum.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Eftirlit og viðhald með gufuborholum og gufuveitum Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjana
- Umhirða og viðhald á vélum, tækjum og búnaði er tilheyra gufuveitum ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum
- Reglubundnar mælingar á borholum. Snjómokstur innan svæðis og á vegum að virkjunum þegar þörf krefur

### Menntunar- og hæfnikröfur:
- Sveinspróf í málmiðnaði
- Reynsla úr málmiðnaði
- Vinnuvélaréttindi æskileg

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 62459 01/13

# Umbrotsmann vantar til starfa á Fréttablaðinu



Óskað er eftir vönum umbrotsmanni sem einnig hefur gott vald á grafík vinnu. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu á InDesign, Illustrator og Photoshop. Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir miklu álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt er upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

**Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Ingibergsdóttir, framleiðslustjóri, kolbrun@frettabladid.is.**
**Sótt er um starfið á vef 365 miðla: www.365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

365

## Rafmagnsverkfræðingar óskast til starfa í Noregi

**West Elektro**

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun sem Rafmagnsverkfræðingur
- 3 - 5 ára reynsla
- Reynsla í að stjórna verkefnum
- Reynsla í rafmagni í skipum og húsum
- Gott að hafa reynslu í olíu og gasi
- Tala norsku, sænsku eða dönsku eða allavega mikill vilji til að læra norsku
- Flytja til Kristiansund

**VISSIR ÞÚ ÞETTA?**

West Elektro er leiðandi rafmagnsfyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi. Við erum að verða öflugri í olíu- og gasiðnaði.
West Elektro er staðsett í Kristiansund sem er bær á vesturströnd Noregs. Bærinn samanstendur af fjórum eyjum og er umkringdur sjó og fjöllum.
Í Kristiansund búa um 60 Íslendingar.

**STARFSVIÐ:**

- Verkefni tegnd rafmagni í iðnaðar-, skipa-, gas- og olíugeiranum
- Hafa umsjón yfir verkefnum

**VILTU VITA MEIRA?**

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2013. Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa B. Möller (harpamoller@gmail.com) í síma 0047 95218338. Ferilskrá óskast. Atvinnuviðtöl verða tekin á Íslandi. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

**LÖÐUR**
miðstöð bílaunnenda

## Starfsmenn óskast

Löður auglýsir eftir starfsmönnum Í þvottastöð fyrirtækisins á Fiskislóð.
Hluti af starfinu er samskipti við viðskiptavini og er því nauðsynlegt að viðkomandi tali góða íslensku, sé jákvæður, þjónustulundaður og sjálfstæður í vinnubrögðum
Leitað er eftir starfsmanni sem er eldri en 25 ára og er tilbúin/n að vinna einhverja yfirvinnu.
Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.lodur.is/is/fyrirtaekid/atvinnuumsokn.



# Áskorun
## í upphafi árs

**Aukin verkefni kalla á fleira fólk og því leitar Advania að metnaðarfullum einstaklingum í fjölbreytt og spennandi störf. Ef þú hefur áhuga á að vinna í skemmtilegu umhverfi, meðal fagfólks í fremstu röð, þá ættir þú að lesa áfram:**

**Microsoft sérfræðingur**
Leitað er að aðila með þekkingu og reynslu af Exchange, Lync og HyperV. Starfið felst í rekstri á miðlurum í hýsingu hjá Advania, ásamt ráðgjöf og almennum rekstri. Kostur ef viðkomandi hefur Microsoft vottanir og 2-5 ára starfsreynslu í faginu.

**Sölusérfræðingur miðlægra lausna**
Um er að ræða starf sölusérfræðings til að sinna sölu á netþjóna-, net- og gagnageymslulausnum. Við leitum að einstaklingi með söluhæfileika, þekkingu á miðlægum lausnum og brennandi áhuga á upplýsingatækni.

**Hugbúnaðarsérfræðingur fyrir Dynamix Ax**
Starfið felst í forritun á lausnum í Microsoft Dynamics AX fyrir viðskiptavini Advania. Menntun sem nýtist og reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.

**Sérfræðingur í netlausnum**
Hér erum við að tala um að veita viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu ásamt því að koma að rekstri og framþróun á netkerfi Advania. Þekking og reynsla á rekstri Cisco netbúnaðar er mikilvæg.

**Sérfræðingur í afritun**
Starfið felur í sér þátttöku í rekstri og þróun á afritunarkerfi Advania. Leitum að aðila með reynslu af rekstri Windows eða Linux umhverfa.

**Hugbúnaðargerð og ráðgjöf**
Við leitum að starfsfólki með reynslu eða góða menntun í hugbúnaðargerð sem er tilbúið til þess að bæta við sig þekkingu með markvissri þjálfun og takast á við fjölbreytt verkefni. Starfið felst í hugbúnaðargerð og ráðgjöf til viðskiptavina.

**Sérfræðingur í sýndarumhverfum**
Starfið snýr að rekstri og uppbyggingu sýndarumhverfa Advania. Leitum að aðila með reynslu af Linux, VMware og diskalausnum.

**Hugbúnaðarsérfræðingur**
Starfið felst í forritun og þróun á lausnum í öflugu teymi sem fæst við verkefni á sviði banka- og verslunarlausna, öryggismála, snjalltækja o.fl. Mikill kostur ef viðkomandi hefur reynslu og góða þekkingu á .NET forritun og gagnagrunnsforritun.

Advania er stærsta þekkingarfyrirtæki Íslands með 1.100 starfsmenn í fjórum löndum og höfuðstöðvar í hjarta Reykjavíkur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðri vinnuaðstöðu og skemmtilegum vinnufélögum, þá finnurðu það hjá okkur. Í bónus færðu frábært félagslíf og eitt dekraðasta mötuneyti Norður-Evrópu. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um störfin á **www.advania.is/atvinna.** Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um störfin. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar.

Nánari upplýsingar veitir Jónína Guðmundsdóttir, nina@advania.is eða í síma 440 9000.

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

**advania**
Welcome to IT

# Við erum Intellecta



**1957** Leikfélag Kópavogs er stofnað.

**1968** Vorið í Prag hefst.

**2010** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, synjar lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave-skuldbindinga staðfestingar.



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN HEIÐAR GUÐJÓNSSON**
**Skarðshlíð 36d, Akureyri,**

lést laugardaginn 29. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 8. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu Akureyri og Krabbameinsfélag Akureyrar.



**Elsa Hlín Axelsdóttir**
**Guðjón Páll Jóhannsson**
**Björk Jóhannsdóttir**
**Valborg Inga Guðjónsdóttir**
**Steinþór Guðmundsson**
**barnabörn og systkini hins látna.**

✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og sýnda vináttu við andlát og útför

**GUNNARS REYNIS MAGNÚSSONAR**

sem lést á Landakoti miðvikudaginn 5. desember sl.



**Sigurlaug Zophoníasdóttir**
**Anna Soffía Gunnarsdóttir**
**Guðný Gunnarsdóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir**
**Emilía María Gunnarsdóttir**
**Hákon Gunnarsson**
**Björn Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Ólafur Kvaran**
**Friðþjófur K. Eyjólfsson**
**Valþór Hlöðversson**
**Eyjólfur Guðmundsson**


ALLT Á AÐ
SELJAST
LAGERHREINSUN
LAGER-
HREINSUN!
4.-19. JANÚAR 2013
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
Vnr. 78001000
Hefilbekkur,
152x62x85 cm.
9.990 kr.
FULLT VERÐ: 19.990 kr.
ÞÚ SPARAR 3.500 KR.
Vnr. 65103019
KHG SHINEY
ryksuga, 1400W.
5.490 kr.
FULLT VERÐ: 8.990 kr.
ÞÚ SPARAR 20.000 KR.
Vnr. 10702130
Akrýl baðkar, 170x70 cm,
með fótum, án svuntu.
19.989 kr.
FULLT VERÐ: 39.989 kr.
ÞÚ SPARAR 7.000 KR.
Vnr. 15333202
GROHE EUROSMART
eldhústæki með
hárri sveiflu.
14.900 kr.
FULLT VERÐ: 21.900 kr.
Vnr. 74092400
SKIL rafhlöðuborvél,
10,8V, 2 rafhlöður.
ÞÚ SPARAR 8.000 KR.
11.990 kr.
FULLT VERÐ: 19.990 kr.
ÞÚ SPARAR 4.005 KR.
Vnr. 59633101
KÄRCHER WV50+
gluggasköfusett.
5.990 kr.
FULLT VERÐ: 9.995 kr.
ÞÚ SPARAR 6.000 KR.
Vnr. 74092390
SKIL 1470AA multi-
sög, 200W, slípi- og
skurðarfylgihlutir.
8.990 kr.
FULLT VERÐ: 14.990 kr.
Vnr. 51353210-2
Halogen pera, GU10, 230V.
25W, 35W eða 50W.
90 kr./stk.
FULLT VERÐ: 290 kr.
ÞÚ SPARAR 729 KR./M²
Vnr. 0113478
RUGGED OAK
plastparket,
192x1285 mm.
1.790 kr./m²
FULLT VERÐ: 2.519 kr./m²
ÞÚ SPARAR 1.500 KR.
Vnr. 41100105
Matar- og kaffistell
með gylltu mynstri,
4 manna, 20 stk.
4.690 kr.
FULLT VERÐ: 6.190 kr.
ÞÚ SPARAR 4.960 KR.
Vnr. 51355120
Útiljós á vegg, LED,
stál, IP44, 2,4W.
4.990 kr.
FULLT VERÐ: 9.950 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Gildir meðan birgðir endast.
EXPO · www.expo.is



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**NJÁLL HARALDSSON**

sem lést sunnudaginn 30. desember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 8. janúar kl. 13.

**Ingigerður Karlsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**Árskógum 8,**

lést fimmtudaginn 3. janúar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg systir mín,

**KRISTJANA ÓLÖF SVEINSDÓTTIR**
**teiknari,**
**Fjölnisvegi 13,**

andaðist að kveldi Þorláksmessu sl. á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför Kristjönu Ólafar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 8. janúar og hefst athöfnin kl. 13.

**Grímur Þ. Sveinsson**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur stuðning og samúð vegna andláts og útfarar

**RANNVEIGAR HÁLFDÁNARDÓTTUR**
**Akranesi.**

**Ólafur H. Þórarinsson** **Sigríður B. Ásgeirsdóttir**
**Þórgunna Þórarinsdóttir**
**Kristín S. Þórarinsdóttir** **Unnþór B. Halldórsson**
**Þórunn R. Þórarinsdóttir** **Kristján Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁSGEIR PÁLSSON**
**fv. yfirkennari,**

sem lést 27. desember, verður jarðsunginn frá Seljakirkju í Reykjavík miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Jón P. Ásgeirsson**
**Rósa Ásgeirsdóttir** **Björn Gunnlaugsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR GUNNAR SAMPSTED**
**prentari,**
**Hraunbæ 70,**

lést 28. desember sl. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 8. janúar 2013.

**Bryndís Óskarsdóttir**
**Gunnhildur Amelía Óskarsdóttir** **Gunnar Antonsson**
**Elísabet S. Albertsdóttir** **Hörður S. Friðriksson**
**Viktoría Dröfn og Albert Óskar**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRLAUG JÚLÍUSDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 1,**
**Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 3. janúar. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Sverrir B. Valdemarsson**
**Brynhildur Sverrisdóttir** **Atli Guðmundsson**
**Júlíus Atlason** **Lilja Björk Einarsdóttir**
**Jórunn Atladóttir** **Albert Steinn Guðjónsson**
**Sóley Birna, Björgvin Atli, Bjarki Marinó og Gabríela.**



**BAKTUS OG KARÍUS** Ágústa Eva Erlendsdóttir og Friðrik Friðriksson í hlutverkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skemmtilegri á sviði en í munni

## Leikritið um Karíus og Baktus eftir Thorbjörn Egner frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í dag.

Sagan um Karíus og Baktus kom fyrst út á bók árið 1949 og síðan þá hafa þessir litlu þrjótar notið fádæma vinsælda meðal barna víða um heim enda skemmtilegri á sviði en í munni, eins og segir í fréttatilkynningu leikhússins.

Þeir hafa skotið upp kollinum víða, meðal annars í brúðukvikmynd, á hljómplötu og í leikhúsi. Nú um helgina birtast þeir á sviðinu í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu en Karíus og Baktus er annað tveggja leikrita sem Þjóðleikhúsið setur upp í vetur til að fagna aldarafmæli höfundarins, Thorbjörns Egners.

Í verkinu segir frá tannálfunum Karíusi og Baktusi sem hafa komið sér fyrir í munninum á drengnum Jens. Þar lifa þeir sældarlífi, enda er Jens helst fyrir að borða alls kyns sætindi og hann notar tannburstann lítið. Þessir tveir hrappar skemma tennurnar í Jens og þegar þeir gerast of aðgangsharðir verður Jens að fara til tannlæknis. Í kjölfarið þurfa Karíus og Baktus að glíma við tannbursta og bor.

Friðrik Friðriksson leikur Karíus en Ágústa Eva Erlendsdóttir Baktus og leikstjórn er í höndum Selmu Björnsdóttur. Sýningin, sem verður frumsýnd í dag, tekur rúman hálftíma í flutningi.

# Húsið iðar af mannlífi

## Íris Daníelsdóttir viðskiptafræðingur hefur verið ráðin framkvæmdastjóri menningarhússins Bergs á Dalvík. Hún segir fjölbreytt starf þar fyrir alla aldurshópa.

„Þetta er þriðji dagurinn minn í starfi og ég er bara að koma mér inn í málin, taka við að stjórna þeim viðburðum sem búið er að skipuleggja á næstunni og horfa lengra fram á við,“ segir Íris Daníelsdóttir, nýr framkvæmdastjóri menningarhússins Bergs á Dalvík. Hún er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri með áherslu á markaðsmál.

Íris segir ótrúlega fjölbreytt starf í húsinu fyrir alla aldurshópa, miðað við smæð samfélagsins. „Hér er Bókasafn Dalvíkurbyggðar, kaffihús og fjölnotasalur sem tekur 160 manns í sæti og er mikið notaður fyrir hvers kyns viðburði. Þetta vinnur allt vel saman og húsið iðar af mannlífi flesta daga,“ segir Íris og tekur fram að á sumrin séu þar aðgengilegar upplýsingar fyrir ferðamenn á svæðinu.

Menningarhúsið Berg var formlega tekið í notkun 5. ágúst 2009. Það stendur í hjarta bæjarins og úr anddyrinu er fallegt útsýni yfir höfnina og út á Eyjafjörðinn. Íris segir þar gott fyrir fólk að setjast niður, fá sér kaffi þegar kaffihúsið er opið, lesa blöðin og fara á netið. Það sé líka upplagt fyrir minni sýningar og móttökur. En er kaffihúsið ekki alltaf opið? „Kaffihúsareksturinn hefur verið í höndum annarra aðila en menningarhússins. Þeir hættu í nóvember. Nú er verið að stækka eldhúsið og vonandi fáum við nýja rekstraraðila í febrúar,“ svarar hún. En hvað er næst á dagskrá á menningarsviðinu, fyrir utan þetta daglega? „Um aðra helgi, 12. janúar, hefst ný tónleikaröð sem nefnist Klassík í Bergi. Þá halda Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari og Sam Armstrong píanóleikari fyrstu tónleikana í þeirri röð.“

Er Íris búsett á Dalvík? „Hér hef ég búið allt mitt líf,“ segir hún. „Bara skroppið að heiman nokkrum sinnum en alltaf komið aftur.“ - gun



**FRAMKVÆMDASTJÓRI BERGS Á DALVÍK** „Hér hef ég búið allt mitt líf. Bara skroppið að heiman nokkrum sinnum en alltaf komið aftur,“ segir Íris.



✝

Okkar ástkæri,

**BJÖRN KOLBEINSSON**
**lögfræðingur hjá EFTA,**

lést af slysförum föstudaginn 28. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag til styrktar langveikum börnum.

**Kolbeinn Sigurðsson** **Aðalheiður Ingvadóttir**
**Sigurður Kolbeinsson**
**Jóhannes Ingi Kolbeinsson** **Andrea Kristín Jónsdóttir**
**Friðdóra Dís Kolbeinsdóttir**
**Þórhildur Þórhallsdóttir** **Pétur Jónsson**
**Elías Þórhallsson** **Berglind Inga Árnadóttir**
**Hrafnhildur Þórhallsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**BJARNI DAGBJARTSSON**
**Eirhömrum, Mosfellsbæ,**

lést á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 2. janúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. janúar nk. kl. 15.00.

**Aðalheiður Bjarnadóttir** **Kristján Þór Ingvarsson**
**Dagbjartur Bjarnason** **Guðrún Steinþórsdóttir**
**Guðbjörg Bjarnadóttir** **Viðar Sigurðsson**
**Margrét Þyri Sigurðardóttir** **Jónas Eydal Ármannsson**
**Jóhann Haukur Sigurðsson** **Guðrún Leósdóttir**
**Hjálmtýr Dagbjartsson** **Hjördís Bogadóttir**
**Jón Sverrir Dagbjartsson** **Þóra M. Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# selecta

mánudagar og fimmtudagar eru

## ávaxtadagar



***Í boði eru þrír valkostir:***

*Tilvalið fyrir fyrirtæki og stofnanir sem hafa hollustuna í fyrirrúmi*



**Fjórar til fimm tegundir af ferskum og girnilegum ávöxtum**
Bananar, epli, appelsínur, perur, kiwi.
Getur verið árstíðabundið, samtals 3 kg.

Ávaxta**karfa 1**



**Fjórar til fimm tegundir af ferskum og girnilegum ávöxtum**
Bananar, epli, klementínur/mandarínur, vínber. Getur verið árstíðabundið, samtals 3 kg.

Ávaxta**karfa 2**



**Þrjár tegundir af niðursneiddum ávöxtum**
Ananas, melóna Cantaloupe, melóna gul.
Getur verið árstíðabundið, samtals 2,1 kg.

Ávaxta**karfa 3**
Suðrænt og seiðandi

***Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 585 8585***
***eða sendið fyrirspurn á selecta@selecta.is***

*Sala og dreifing er á höfuðborgarsvæðinu*

selecta

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** klink, **6.** eftir hádegi, **8.** sigti, **9.** holufiskur, **11.** tveir eins, **12.** hroki, **14.** fjöldi, **16.** tveir eins, **17.** hagsýn, **18.** fyrirboði, **20.** skst., **21.** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak, **3.** þys, **4.** ófrægðarpappír, **5.** skítur, **7.** sjampó, **10.** yfirbreiðsla, **13.** raus, **15.** innyfla, **16.** hylli, **19.** málmur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mynt, **6.** eh, **8.** sía, **9.** nál, **11.** ðð, **12.** dramb, **14.** skari, **16.** áá, **17.** séð, **18.** spá, **20.** fr, **21.** talk.
**LÓÐRÉTT: 1.** lend, **3.** ys, **4.** níðbréf, **5.** tað, **7.** hársápa, **10.** lak, **13.** mas, **15.** iðra, **16.** ást, **19.** ál.






# Allt upp á einn söfnunardisk

**BAKPANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur



Í amerískum bíómyndum má stundum sjá skörðóttar skálar ganga í sunnudagsmessum milli safnaðargesta sem láta fé af höndum rakna í diskinn sem síðan fer til kirkjustarfsins, til viðhalds kirkjubyggingum eða til líknarstarfs. Slíkir söfnunardiskar í kirkjum eru mikil þarfaþing í samfélögum þar sem kirkjur og söfnuðir eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki en eru ekki hluti af ríkisrekstri.

**MIKIÐ** hefur verið rætt undanfarið um þá ætlun Þjóðkirkjunnar að standa fyrir fjársöfnun til að bæta úr brýnni neyð Landspítalans fyrir nýjan tækjakost. Þetta er fallega hugsað af forsvarsmönnum stofnunar sem þekkir erfiða fjárhagsstöðu af eigin raun og mættu fleiri ríkisstofnanir taka sér hana til fyrirmyndar í þessum efnum.

**ÞANNIG** gæti Landsdómur tekið á móti áheitum til bókakaupa fyrir skólabókasöfnin, Þjóðminjasafnið gæti staðið fyrir söfnunni „Holað innan tré“ fyrir viðhaldskostnaði staðalbúnaðar Sinfó og í Hörpunni gætu verið baukar undir frjáls framlög fyrir gleðipillur handa Mannanafnanefnd. Svo gætu stjórnmálaflokkar hafið mikla fjársöfnun á bensínstöðvum fyrir heimilin í landinu.

**ÞAÐ VIRKAR** traustvekjandi að fá stóra aðila með vítt skipulagsnet til að standa fyrir söfnunum meðal almennings og þeir sem hafa eitthvað aflögu í vasanum taka eflaust vel við sér. Söfnunardiskar í þjóðkirkjum landsins fyllast vafalaust fljótt.

**EN ER** Þjóðkirkjan réttur vettvangur fyrir slíka söfnun? Passar það að stofnun sem rekin er fyrir skattfé almennings biðji þennan sama almenning um fé til handa annarri ríkisstofnun? Ef stofnun sem er rekin fyrir ríkisfé vill leggja annarri stofnun sem rekin er fyrir ríkisfé lið, væri þá ekki nærtækara að færa bara milli reikninga? Það hlýtur að vera einhver fídus í bókhaldskerfi ríkisins fyrir svoleiðis.

**VÆRU** skattgreiðendur, sem með sköttum sínum standa undir rekstri bæði Þjóðkirkjunnar og Landspítalans, spurðir í hvað aukafjárveitingar úr ríkissjóði ættu að fara myndu þeir vafalaust flestir velja ný tæki á Landspítalann enda vitað að þar er þörfin brýn. Einhverjir þeirra myndu styrkja kirkjuna sína, aðrir ekki, enda líta ekki allir á Þjóðkirkjuna sem sína kirkju.

**OG SUMUM** fyndist kannski nær að auka föst framlög til Landspítalans en hafa aukafjárveitingar til Þjóðkirkjunnar upp á það sem safnast á söfnunardiska í sunnudagsmessu?

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Opnunartímar
Laugardagur 5. jan. 12-18
Sunnudagur 6. jan. 12-18
Bombur sem bæta geð!
Víkurhvarfi 6 Kópavogi!
Þrusaðu þrettándann út
BOMBA.IS
STÆRSTU
flugeldatertur landsins!
Ummæli viðskiptavina
Eingöngu tertur!
Stephen Hawking: Terturnar hans Arnar gera gat í hvaða svarthol sem er
Albert Einstein: Afstæðiskenningin hefur fengið nýja vídd
Bogi róni: Nú erum við í góðum málum (Trallalala la)
50% afsláttur
Örfáar tertur eftir sem seldar verða með 50% afslætti... tryggðu þér eintak af fallegustu skottertum landsins á hálfvirði
Litrík og falleg
MORO E DORO
BOMBA.IS
FLATEY
Voldug eins og jökullinn sjálfur
50% afsláttur
BOMBA.IS
VATNAJÖKULL
Hljóðhimna hvað? Ha...?
50% afsláttur
BOMBA.IS
STÓRI HVELLUR - TITANÍUM
MADE IN CHINA
BOMBA.IS
EYJAFJALLA-JÖKULL
Vinsælasta terta síðasta árs



**HAFDÍS BJARNADÓTTIR** Verk hennar Krónan er á efnisskrá tónleika Caput hópsins ásamt verkum eftir sex önnur tónskáld af yngri kynslóðinni.

# Ungskáld í öndvegi hjá Caput

## Caput rekur smiðshöggið á tónleikaröð í tilefni loka 25 ára starfsafmælis.

Yngsta kynslóð íslenskra tónskálda verður í aðalhlutverki á tónleikum Caput í Kaldalóni í Hörpu í dag. Þar með rekur hópurinn smiðshöggið á þriggja tónleika röð í Kaldalóni, sem haldnir voru í tilefni loka 25. starfsárs hans en á fyrri tónleikunum voru leikin verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Atla Ingólfsson.

Á tónleikunum í dag verða leikin verk eftir sjö ung tónskáld: Árna Frey Gunnarsson, Finn Karlsson, Hafdísi Bjarnadóttur, Halldór Smárason, Hauk Þór Harðarson, Petter Ekman og Þórunni Grétu Sigurðardóttur.

Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa lært hjá Atla Ingólfssyni við Tónsmíðadeild Listaháskóla Íslands. Í tilkynningu frá Caput segir að þótt þau hafi lært af sama kennara sé ekkert þeirra steypt í sama mót og megi því búast við fjölbreyttri tónlist.

Caput hópurinn sérhæfir sig í flutningi nútímatónlistar. Hann var stofnaður 3. janúar 1988 og sigldi því inn í 26. starfsár sitt nú um mundir. Tónleikarnir hefjast klukkan 17. Stjórnandi er Guðni Franzson.

Elskar þú kaffi?



**Karl K. Karlsson ehf, óskar eftir starfskrafti á kaffisvið fyrirtækisins.**
Um er að ræða nýtt starf í sölu og þjónustu vegna aukinna umsvifa LavAzza á Íslandi. Áhugasamir eru beðnir um að senda ferilskrá á netfangið **atlih@karlsson.is** í síðasta lagi 11.janúar 2013 með kynningarbréfi um þig og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**
· Skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt.
· Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
· Góð almenn tölvukunnátta.
· Reynsla af sölustörfum er æskileg.
· Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir almennri kunnáttu og áhuga á kaffi og hafi getu til að útbúa helstu kaffidrykki.

**Starfssvið:**
· Heimsóknir til núverandi viðskiptavina.
· Öflun nýrra viðskiptatengsla og eftirfylgni þess.
· Umsjón með kaffiskóla LavAzza á Íslandi.
· Almenn sölustörf ásamt ýmsum öðrum tilfallandi störfum.

*Í boði er fjölbreytt starf í skemmtilegum hópi fólks hjá spennandi fyrirtæki.*

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE
KARL K. KARLSSON

# Saga af hestasveini og hórusmala

BÆKUR ★★☆☆☆



**Töfrahöllin**
Böðvar Guðmundsson
**UPPHEIMAR**

Jósep Malmholm situr á flugvellinum í Frankfurt þegar sagan hefst. Hann lætur hugann reika og rifjar upp æsku sína og lífshlaup meðan hann bíður þess sem verða vill. Sögutíminn er líklega 2008, rétt eftir hrunið stóra, en Jósep er þá um fimmtugt. Hann segir sögu sína frá fæðingu, af samskiptum við foreldra sína og ýmsa velgjörðarmenn og af konunum í lífi sínu.

Einn af stærstu áhrifavöldum í lífi aðalpersónunnar er Kormákur Cooltran, athafnamaður sem ásamt öðru rekur Varghól, veiðihús fyrir erlenda stóreignamenn. Jósep er ungur ráðinn þangað sem hestasveinn og hórusmali (eins og hann orðar það sjálfur) en starfsemi Varghóls miðar að því að halda viðskiptavinunum ánægðum og koma bílar, hestar, lax, hórur og kókaín þar mjög við sögu. Allt til þess að Kormáki takist ætlunarverk sitt, sem afhjúpað er undir lok bókarinnar.

Lengst af er Jósep sannkölluð andhetja. Hann er litlaus og óspennandi karakter sem sífellt þráir viðurkenningu annarra. Hann tekur aldrei afgerandi frumkvæði í sínu lífi, heldur sveiflast bara með, er undirlægja þeirra sem sterkari eru en hann. Hugsjónir hans og skoðanir (ef hann hefur einhverjar) eru ekki frá honum komnar heldur apaðar upp eftir afa hans, Símoni frænda á Stóra-Háfi eða Kormáki Cooltran. Hann virðist gersamlega vængbrotinn án kvenna og gerir ótal tilraunir til að höndla hamingjuna í kvenmannslíki, en það gengur brösuglega. Jósep er enn fremur á köflum ansi ógeðfelld persóna, fullur af fordómum og mannfyrirlitningu. Lýsing hans á sjálfum sér þegar hann í örvæntingu sinni hugsar um að leita sér kvonfangs á netinu er nokkuð nákvæm:

„Rúmlega fertugan mann vantar góða konu sem vill eiga með honum börn. Reglusamur og í góðri vinnu. Engin börn frá fyrri hjónaböndum eða samböndum. – Og hvað meira? Þolir ekki lykt af fólki, þolir helst ekki að konan hafi komið nálægt öðrum manni, ósjálfstæður, áhugalaus og áhrifagjarn. Las einu sinni ljóð og spilaði á píanó. Löngu hættur hvoru tveggja.

Hvaða lifandi manneskja mundi hafa áhuga á slíkum manni?“ (298-299)

Því miður hittir Jósep hér naglann á höfuðið. Persóna hans er lítt áhugaverð og vekur aldrei samúð lesandans. Styrkur hans liggur einkum í samskiptum hans við þau Símon og Siggu á Stóra-Háfi, en þau eru langgeðfelldustu persónur sögunnar. Dyggðum prýtt sveitafólk sem reynist Jósep vel alla hans ævi og þau laða það besta fram í honum. Afinn Jósep er annar elskulegur karakter og skemmtilegur, þótt hann byggi á öllum sósíalistaklisjum sem til eru, blindur af aðdáun á Sovétríkjunum og leiðtogum þeirra.

Töfrahöllin fjallar um stórmennskudrauma og mikilmennskubrjálæði á borð við þá sem leiddu af sér hrunið, en líka um leit manneskjunnar að viðurkenningu og samastað í tilverunni.

Það er ef til vill ekki mjög gæfulegt að skrifa þetta í umsögn um bækur, en hér á það vel við: Þessi bók er allt of löng. Efnið er rýrt en það er teygt yfir rúmar 400 síður, sem gerir Töfrahöllina að einhverju besta svefnmeðali jólavertíðarinnar.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Löööng saga um stórmennskudrauma og leit manneskjunnar að samastað.



Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is



GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN
PANTAÐU Í SÍMA 575-8115
SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000
WWW.ELKO.IS
AÐEINS Í NOKKRA DAGA
ÚTSALA
Ferða DVD spilarar allt að 40% afsláttur
Verð áður: 11.995
5.995
Verð áður: 9.995
5.995
Rafmagns-pönnur 40% afsláttur
Sjónvörp allt að 30% afsláttur
70% afsláttur
56% afsláttur
Logitech þráðlaus mús
Verð áður: 4.495
1.995
MP3 spilarar allt að 50% afsláttur
Heyrnartól m.hljóðnema
Verð áður: 1.495
444
Heyrantól allt að 50% afsláttur
Íslensk tónlist allt að 60% afsláttur
Vöfflujárn allt að 40% afsláttur
Minnislykill 8GB
Verð áður: 2.495
1.495
Flakkari 500GB
Verð áður: 14.995
9.995
33% afsláttur
40% afsláttur
DVD myndir
Verð áður: 2.495
1.495
Þvottavélar og uppþvottavélar verð frá 49.995
ELKO
Á útsölunni eru valdar vörur á lækkuðu verði
– vöruúrval mismunandi milli verslana
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

# Töfrafjallið eftir Thomas Mann

**BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU**

Eiríkur Guðmundsson rithöfundur og gagnrýnandi



„Ég er ekki viss um að bækur geti breytt lífi manns nema þegar maður er mjög ungur, ómótaður og í vissum skilningi ekki neitt. Seinna sannfærir maður sig um að þær hafi skipt sköpum við mótun þeirrar myndar sem maður vill draga upp af sjálfum sér. Það má hins vegar tala um endurfæðingar. Þær hafa verið nokkrar í mínu tilfelli, og tengst jafn ólíkum verkum og fyrstu skáldsögum Einars Más þegar ég var barnungur, ljóðum eftir Fernando Pessoa og Rilke, og skáldsögum Faulkners, Dostójevskís, Kawabatas, og Leyndardómum Hamsuns. Nýjasta endurfæðingin stendur yfir andspænis síðustu verkum japanska rithöfundarins Yukio Mishima, kvartett sem lokið var þann 25. nóvember árið 1970, daginn sem höfundurinn svipti sig lífi eins og að var stefnt. Yfir þessu dauðans verki endurfæðist ég á hverjum degi nú í myrkri aðventunnar. Ég held mig þó til einföldunar við Töfrafjallið, ógleymanlega skáldsögu eftir þýska rithöfundinn Thomas Mann frá árinu 1924. Hvað er fallegra en „elskendur“ sem skiptast á röntgenmyndum? Og er hægt að kynna persónu betur til sögunnar en svona: „Þetta er Madame Chauchat [...] Hún er svo kærulaus.“ Ástin vaknar nær samstundis. Töfrafjallið er ein þeirra bóka sem manni finnst að rúmi allt. Ég reyni ekki einu sinni að lýsa henni. Hún rak mig fyrir löngu út á snævi þaktar svalir með þríarma kertastjaka og nokkur Álafossteppi og hafði varanleg áhrif. Síðan þá hef ég aldrei fest rætur á flatlendinu.“







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 05. JANÚAR 2013**

### Fundir



**11.00** Edda Björgvinsdóttir talar á laugardagsfundi Heilaheilla í Síðumúla 6. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir og aðgangur ókeypis.

**13.30** Fundur Félags kennara á eftirlaunum verður haldinn á Grand-Hóteli. Margrét Sveinbjörnsdóttir flytur erindi um Þingvallasveit á 20. öld klukkan 15. Erindið er undir yfirskriftinni Afdalasveit í alfaraleið.

### Uppákomur

**16.00** Myndbandsverkið The Shades of Blue eftir Mariko Takahashi verður sýnt í Bókabúðinni – verkefnarými í Skaftafelli – miðstöð myndlistar á Austurlandi.

**17.00** Svissnesku listamennirnir Livia Salome Gnos og Stephan Perrinjaquet hafa dvalið í gestavinnstofu Skaftfells frá því í desember og ljúka nú dvöl sinni með því að opna vinnustofuna fyrir gestum.

### Tónlist

**16.00** Hrafnhildur Árnadóttir sópran og Matthildur Anna Gísladóttir píanisti flytja þekktar aríur úr óperubókmenntum í Þjóðmenningarhúsinu. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir nemendur og ellilífeyrisþega.

**SUNNUDAGUR 06. JANÚAR 2013**

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge tvímenningur er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**18.00** Þrettándabrenna verður haldin á Ægisíðunni við KR-heimilið.

### Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félaga í FEB í Reykjavík og 1.800 fyrir aðra gesti.

### Tónlist



**14.30** Dúó Stemma spilar á stokka og steina á lokadegi sýningarinnar Teikning – þvert á tíma og tækni í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis. Seinni skemmtun verður klukkan 15.30.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Ókeypis aðgangur.

**17.00** Þrettánda/nýárstónleikar verða haldnir í Þjóðmenningarhúsinu. Spiluð verður tónlist eftir Inga Bjarna Skúlason og ef til vill fleiri. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# DÓMAR 29.12.2012 → 4.1.2013

### TÓNLIST
★★★★☆
**Samúel Jón Samúelsson**
**Big band**
Flottur kokkteill af afróbíti, fönki og djassi frá Stórsveit Samma. - tj

### DANS
★★★☆☆
**Já, elskan**
**Steinunn Ketilsdóttir**
Skýrt og flott verk en það hefði mátt reyna meira á flytjendurna til að ná aukinni dýpt og styrk. - sgm

### LEIKHÚS
★★★★☆
**Macbeth**
**Þjóðleikhúsið**
Ágeng sýning og skiljanleg sem áhugafólk um stríð, frið og leikhús ætti ekki að láta fram hjá sér fara. - eb

★★★★☆
**Mýs og menn**
**Borgarleikhúsið**
Alvörustórsýning á klassísku verki. Svona á jólagóðgæti atvinnuleikhúss að vera. - aþ

### TÓNLEIKAR
★★★☆☆
**Síðasti sjens**
**Retro Stefson í Vodafonehöllinni**
Frábærir tónleikar hjá skemmtilegustu sveit landsins. Ný lög í bland við þau gömlu virkaði vel á áhorfendur sem dönsuðu og sungu hástöfum með. Sveitin var í miklu stuði sem og áhorfendur. - hh

★★★☆☆
**Jólaóratóría Bachs, fyrri hluti**
**Alþjóðl. barokksveitin í Haag ásamt Mótettukór Hallgrímsk. og einsöng.**
Margt gott en líka margt síðra, og heildarhljómurinn var einkennilegur. - js



### BÍÓ
★★★☆☆
**Hobbitinn**
Skemmtilegri sögu gerð nokkuð góð skil. - hva

### BÆKUR
★★★★☆
**Ísland í aldanna rás 2001-2010**
**Björn Þór Sigbjörnsson og Bergsteinn Sigurðsson**
Frábær vettvangsrannsókn um öld öfganna. Reyfarakennd lesning sem slær Arnaldi við. - ss

★★★★☆
**Nútíminn er trunta**
**Jennifer Egan**
Magnað verk sem endurspeglar samtímann með áhrifaríkum hætti. - fsb

## APP VIKUNNAR



### RunKeeper

Á nýju ári strengja margir áramótaheit. Erfitt getur verið að halda þessi áramótaheit og drífa sig út að hlaupa ef engin hvatning er fyrir hendi nema aukakíló og slen. Þá er ráð að kynnast fjölmörgum æfinga- og hlaupaöppum fyrir snjallsíma.

Endalaust úrval er af þessum öppum en hér er aðeins tekið fyrir eitt og er það RunKeeper, sem skráir upplýsingar um æfinguna þína um leið og þú ferð út að hlaupa, hjóla eða ganga. Appið virkir GPS-staðsetningarkerfi símans og merkir hlaupaleiðina inn á kort, skráir hversu hratt þú hljópst hvern kílómetra og mælir jafnvel brenndar kaloríur. Hlustir þú á tónlist á meðan þú hleypur lætur hvetjandi rödd þig reglulega vita hversu langt þú hefur hlaupið og á hversu löngum tíma.

Appið er einfalt í notkun og krefst ekki neinna upplýsinga um þig nema tölvupóstfangs svo þú getir skráð þig inn sem notandi. Þú getur síðan stillt hverju þú deilir með öðrum notendum forritsins, sem telja meira en tólf milljónir manns um heim allan. Appið heldur síðan utan um allar æfingarnar þínar svo að hægt er að nálgast gömul hlaup og hlaupatíma aftur í tímann. Ef maður skráir sig síðan inn á vefsíðu RunKeeper má nálgast allar upplýsingar um hlaupin sín á vefnum. Einnig má skoða upplýsingar annarra notenda þar.

Nýlega kynnti framleiðandi forritsins nýjung í uppfærslu þar sem hægt er að setja sér markmið. Appið lætur þig svo vita hversu vel þér gengur að ná settum markmiðum. Einnig má nálgast í nýrri uppfærslu appsins nokkrar æfingaáætlanir sem settar hafa verið saman af reyndum þjálfurum. Þar er appið búið að gera æfingadagskrá fyrir þig, fyrir næstu vikur og mánuði. Það er tilvalið fyrir þá sem til dæmis dreymir um að hlaupa 10 kílómetra, hálfmaraþon eða maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst.

Fleiri álíka forrit má finna í verslunum snjallsímanna. Má þar nefna **Endomondo,** sem er einnig vinsælt meðal Íslendinga. Þar má til dæmis hlaupa eftir fyrir fram ákveðnum hlaupaleiðum sem notendur hafa skráð.

**Skýringar:**
App fyrir Apple-tæki
App fyrir Android-tæki
App fyrir Windows

LAUGARDAGSKAFFIÐ
MEÐ ATLA FANNARI OG HAUK MORÐINGJA
SVART OG SYKURLAUST
KL. 15 - 17








1



2



3

➜ Ferskan aspas er hægt að kaupa stóran og lítinn. Sá litli er hentugur til að nota í matarboð. Ótrúlega góður réttur og fljótlegur sem kemur öllum á óvart sem ekki hafa notað ferskan aspas áður.

# FERSKUR ASPAS, HUMAR OG ANANAS

Hugmynd að réttum sem passa vel saman í létta og góða máltíð eða óformlegt matarboð, jafnvel á þrettándanum. Ferskur aspas í forrétt, pasta með humri í aðalrétt og ferskir ávextir í eftirrétt.

**Halla Bára Gestsdóttir**
**Gunnar Sverrisson**
homeanddelicious.com

### 1. Ferskur aspas með smjöri, eggi og parmesan

Ferskan aspas er hægt að kaupa stóran og lítinn. Sá litli er hentugur til að nota í matarboð. Ótrúlega góður réttur og fljótlegur sem kemur öllum á óvart sem ekki hafa notað ferskan aspas áður.

- ferskur aspas, lítill, um 8–10 stönglar á mann, stór 4-6 á mann
- egg, 1 á mann
- smjörklípa eða góð ólífuolía
- rifinn parmesanostur
- salt og pipar ef vill

Snyrtið aspasinn, það þarf að skera trosnaða enda af honum að neðan. Sjóðið í nokkrar mínútur í saltvatni en suðutími fer algjörlega eftir stærð stönglanna. Sjóða þarf aspasinn þar til hann er mjúkur þegar stungið er í hann með oddhvössum hníf.

Sjóðið egg, frekar lítið svo rauðan springi yfir aspasinn. Athugið að hér má fara einfaldari leið og spæla egg í staðinn. Þerrið aspasstönglana og setjið heita á disk. Smjör og olíu yfir. Þá egg og nóg af parmesanosti. Salt og pipar ef þið viljið.

### 2. Spagettí með humarsósu

- 600 g kirsuberjatómatar
- 1 rautt chili, fræhreinsað og skorið smátt
- ½ laukur eða 2 skalottlaukar, saxaðir
- 1 hvítlauksrif, saxað
- 50 g smjör
- salt og pipar
- 1½ dl hvítvín
- 400 g spagettí
- 750 g humar, skelflettur og hreinsaður, skorinn í munnbita
- 1 dl rjómi
- hnefi fersk basilíka, söxuð

Látið tómata, chilipipar, lauk, hvítlauk og smjör malla á pönnu á vægum hita í 10 mínútur eða þar til laukurinn er mjúkur. Kremjið tómatana á pönnunni. Saltið og piprið. Hellið víninu yfir og látið malla í 5 mínútur eða þar til vínið hefur gufað upp.

Sjóðið spagettíið á þessu stigi eldamennskunnar.

Hellið rjómanum út í sósuna og hrærið saman. Setjið humarinn út í heita sósuna og látið malla í 2–3 mínútur eða þar til hann er heitur og eldaður í gegn.

Blandið sósunni saman við spagettíið. Stráið basilíku yfir áður en borið er fram. Sumir vilja strá parmesanosti yfir en ekki eru allir á því að nota hann með fiski, svo ykkar er valið.

### 3. Grillaður ananas með Nutella-súkkulaðisósu

Frábær leið til að nýta sér kosti fersks ananass.

- 1 ferskur ananas, skorinn í sneiðar
- ½ bolli hnetur að eigin vali, pistasíur og heslihnetur eru góðar, saxaðar
- ¼ tsk. vanilludropar
- 1/3 bolli mascarpone-ostur við stofuhita
- 1/3 bolli Nutella-súkkulaði í krukku
- 3 msk. rjómi

Afhýðið ananasinn og skerið í sneiðar. Kjarnhreinsið. Gott er að brúna á þessu stigi, á pönnu eða í ofni, þær hnetur sem þið veljið að nota í réttinn.

Hrærið vanilludropana saman við mascarpone-ostinn og mýkið ostinn vel. Gott er að láta hann standa við stofuhita í nokkurn tíma svo betra sé að eiga við hann.

Hitið Nutella og rjóma saman í potti við vægan hita.

Grillið ananassneiðarnar á útigrilli eða grillpönnu þar til hann er heitur í gegn, um 3 mínútur á hlið. Snúið sneiðunum bara einu sinni svo fallegar grillrákir myndist. Setjið tvær sneiðar á disk. Dreypið Nutella-sósu yfir, setjið mascarpone-klípu í miðjuna og stráið hnetum yfir. Berið fram heitt.

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

## Allt að 60% afsláttur

### Öll húsögn með 20-60% afslætti

**HÚSGÖGN OG SMÁVARA**

SÓFAR+SÓFABORÐ+HNÍFAPÖR +ELDHÚSBORÐ+LAMPAR+ BORÐSTOFUBORÐ+STÓLAR +RÚM+SLOPPAR+HANDKLÆÐI+ HILLUR+KERTI+GLÖS +SERVÍETTUR+BLÓMAVASAR+ MATARSTELL+KAFFISTELL +JÓLASKRAUT+JÓLAVÖRUR+ OG FLEIRA OG FLEIRA...

FABRIKAN auglýsingastofa

habitat

TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400


KRÓNAN
1898 kr. kg
Lambahryggur
35% afsláttur
1998 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
1298 kr. kg
Kjúklingur með lime & rósmaríni
1498 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Grísalundir, erl., frostnar
1398 kr. kg
Lambalæri
699 kr. pk.
FP pizza bolognese, 3 stk.
Ódýrt í matinn!
1280 kr. tvennan
Grillaður kjúklingur og Pepsi
eða Pepsi Max, 2 lítrar
Ódýrt!
899 kr. pk.
Bebiko bleiur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
GJAFAKORT
KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is

# ÚRVAL AF KONFEKTI Á FRÁBÆRU VERÐI!

## 50% afsláttur

– komdu og gerðu frábær kaup!





KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# ÍSLENSKA TÓNLISTARÁRIÐ



Fimm íslenskar plötur fengu fimm stjörnur hjá gagnrýnendum Fréttablaðsins árið 2012. Þar af voru þrjár safnplötur. Hér fylgir yfirlit stjörnugjafar um íslenskar plötur sem voru dæmdar í Fréttablaðinu, alls 96. Næstum helmingur fékk fjórar stjörnur, eða 44. Aðeins einn einnar stjörnu dómur birtist.

★★★★★
**Enter 4**
**Hjaltalín**
Hjaltalín hugsar hlutina upp á nýtt á frábærri plötu. tj

★★★★★
**Stafnbúi**
**Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson**
Tónlist Hilmars Arnar fellur sérstaklega vel að rímnasöng Steindórs Andersen. tj

★★★★★
**Spilaðu lag fyrir mig**
**Valgeir Guðjónsson**
Öll þekktustu lög Valgeirs Guðjónssonar í preföldum afmælispakka. tj

★★★★★
**Sumarliði, hippinn og allir hinir**
**Bjartmar**
Langþráð safn bestu laga Bjartmars Guðlaugssonar. tj

★★★★★
**Astralterta**
**Stuðmenn og Grýlurnar**
Djúsí terta bökuð af Stuðmönnum og Grýlunum. tj

★★★★
**Elabórat**
**GP!**
Guðmundur Pétursson gítarleikari fer um víðan völl á frábærri sólóplötu. tj

★★★★
**Halftime**
**Introbeats**
Frekar mjúk og þægileg tónlist og ætti að höfða til margra. tj

★★★★
**Kominn heim**
**Helgi Júlíus**
Kominn heim er frábær plata. tj

★★★★
**Hljómskálinn**
**Ýmsir flytjendur**
Flott útgáfa sem hefði mátt innihalda efnismeiri DVD. tj



★★★★
**Töf**
**Náttfari**
Flott plata þrátt fyrir tíu ára töf. tj

★★★★
**Room**
**Eivør**
Eivør og eiginmaðurinn Tróndur með frábæra plötu. tj

★★★★
**LP**
**Futuregrapher**
Fyrsta plata Futuregraphers er skemmtileg útfærsla á trommu- & bassatónlist tíunda áratugarins. tj

★★★★
**Sculpture**
**Sudden Weather Change**
Strákarnir í SWC fylgja frumsmíðinni eftir með þyngri og dimmari plötu. tj

★★★★
**Ásgeir Trausti**
**Ásgeir Trausti**
Hinn tvítugi höfundur lagsins Sumargestur á greinilega fullt af flottum lögum. tj

★★★★
**Stelpurokk**
**Andrea Gylfadóttir**
Andrea Gylfadóttir gerir upp ferilinn á flottri safnplötu. tj

★★★★
**Cheek Mountain Thief**
**Cheek Mountain Thief**
Frábær plata frá fyrrum meðlimi Tunng og íslenskum meðspilurum. tj

★★★★
**Ojba Rasta**
**Ojba Rasta**
Hin stóra reggíhljómsveitin á Íslandi með frábæra frumsmíð. tj

★★★★
**Retro Stefson**
**Retro Stefson**
Sjömenningarnir í Retro Stefson með flott framhald af síðustu plötu. tj

★★★★
**Architecture of Loss**
**Valgeir Sigurðsson**
Þriðja sólóplata Valgeirs Sigurðssonar er gæðagripur. tj

★★★★
**The Box Tree**
**Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson**
Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson taka upp spunaþráðinn tíu árum seinna. tj

★★★★
**Born to be Free**
**Borko**
Borko snýr aftur fjórum árum seinna með fína plötu. tj

★★★★
**Um stund**
**Valdimar**
Valdimar klárar plötu númer tvö með stæl. tj

★★★★
**Þar sem himin ber við haf**
**Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Þorlákshafnar**
Jónas Sigurðsson gerði góða ferð til Þorlákshafnar. tj

★★★★
**Vélrænn**
**Friðrik Dór**
Friðrik Dór fylgir Allt sem þú átt eftir með flottri plötu. tj

★★★★
**Börn Loka**
**Skálmöld**
Skálmöld snarar út rokkóperu númer tvö. tj

★★★★
**Okkar menn í Havana**
**Sigurður Guðmundsson og Memfismafían**
Flott latín-plata gerð með Tómasi R. og kúbverskum tónlistarmönnum. tj

★★★★
**Bastards**
**Björk**
Þrettán ólíkar en áhrifamiklar endurgerðir af lögum af Biophiliu. tj

★★★★
**Twosomeness**
**Pascal Pinon**
Tvíburasysturnar hæfileikaríku úr Vesturbænum með frábæra jaðarpoppplötu. tj

★★★★
**God's Lonely Man**
**Pétur Ben**
Sterk og persónuleg rokkplata frá Pétri Ben. tj

★★★★
**Megas raular lögin sín**
**Megas**
Glæsilegur fjórfaldur safnpakki með bestu lögum Megasar og áður óútgefnu efni. tj

★★★★
**Division of Culture and Tourism**
**Ghostigital**
Einar Örn og Curver fá hjálp frá David Byrne, Alan Vega og fleiri góðum gestum á nýju plötunni. tj

★★★★
**Önnur Mósebók**
**Moses Hightower**
Önnur Mósebók gefur snilldarplötunni Búum til börn ekkert eftir. tj

★★★★
**Í blómabrekkunni**
**Mannakorn**
Fleiri frábær lög og textar frá Magga Eiríks og Pálma Gunn. tj

★★★★
**Himinbrim**
**Nóra**
Metnaðarfyllri og kraftmeiri Nóra. tj

★★★★
**Porpið**
**Bubbi**
Bubbi og Sólskuggarnir með enn þá betri plötu en síðast. tj

★★★★
**Kiriyama Family**
**Kiriyama Family**
Vönduð og fjölbreytt plata frá nýrri íslenskri popphljómsveit. tj

★★★★
**Fearless**
**Legend**
Nýjasta hljómsveitin hans Krumma með frábæra plötu. tj

★★★★
**Valtari**
**Sigur Rós**
Sigur Rós tekur stóra beygju með rólegri og hrífandi plötu. tj

★★★★
**Múgsefjun**
**Múgsefjun**
Hugmyndaríkt og skemmtileg þemaplata. tj

★★★★
**Matur fyrir tvo**
**Melchior**
Fjölbreytt og fáguð fullorðinspoppplata frá þessari gömlu MR-sveit. tj

★★★★
**Kveldúlfur**
**Myrra Rós**
Fyrsta plata Myrru Rósar er gæðagripur. tj

★★★★
**Slaves**
**Muck**
Muck stimplar sig inn með pottþéttri rokkplötu. tj

★★★★
**Low Roar**
**Low Roar**
Kaliforníumaðurinn og Reykvíkingurinn Ryan Karazija með firnasterka frumsmíð. tj

★★★★
**Dream Central Station**
**Dream Central Station**
Dúett sem púllar að vera með sólgleraugu innandyra með flotta plötu. bt


Landsvirkjun

Styrkir til náms og rannsókna

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar styrkir námsmenn og rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Til úthlutunar 2013 eru 60 milljónir króna.

**Styrkir til efnilegra nemenda** í meistara- eða doktorsnámi á sviði umhverfis- eða orkumála.

**Styrkir til rannsókna** á sviði umhverfis- og orkumála, veittir til að mæta kostnaði vegna vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema og öðrum útgjöldum.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar eru á www.landsvirkjun.is.

Umsóknum ásamt fylgigögnum má skila rafrænt á orkurannsoknasjodur@lv.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

**Athugið að umsóknarfrestur er til 7. janúar 2013.**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

★★★★
**Í tíma**
Magnús og Jóhann
Óhætt að mæla með Í tíma fyrir alla, sjálfbærar kynslóðir sem og aðrar. bt

★★★★
**Prammi**
Stafrænn Hákon
Prammi lætur lítið yfir sér en er fín viðbót í flóru íslenskrar indítónlistar. bt

★★★★
**Blússinn í fangið**
Skúli Mennski
Plata sem er vel yfir meðallagi frá frambærilegum blúsara. Blúsaðdáendur ættu að gæða sér á skífunni hið snarasta. bt

★★★★
**Star Crossed**
Þórunn Antonía
Þórunn Antonía blaktir á flunkufínni poppplötu. kg

★★★★
**Exorcise**
Tilbury
Stórfín frumraun, stappfull af grípandi popplögum og forvitnilegum textum. kg

★★★
**Synopsis**
Stereo Hypnosis & Pulse tj

★★★
**Open a Window**
Solla Soulful tj

★★★
**Einfaldlega flókið**
Hallgrímur Oddsson tj

★★★
**Hvað ef himininn brotnar?**
Blágresi tj

★★★
**Distance**
Steve Sampling tj

★★★
**Víkartindur**
Hamlette OK tj

★★★
**Songs From the Top of the World**
Hot Eskimos tj

★★★
**Human Woman**
Human Woman tj

★★★
**Haustlauf**
Helgi Júlís tj

★★★
**If You Fall You Fly**
Beatmakin Troopa tj

★★★
**Óbyggðir**
Klaufar tj

★★★
**Vetur**
Egill Ólafsson tj

★★★
**Ég sé Akureyri**
Ýmsir flytjendur tj

★★★
**Bara grín!**
Ýmsir flytjendur tj

★★★
**Cast a Light**
Vicky tj

★★★
**Wild & You**
My Bubba & Mi tj

★★★
**Love in Times of Repetition**
Asonat tj

★★★
**Á ferð og flugi**
Dætrasynir tj

★★★
**Reykjavík er ömurleg**
Innvortis tj

★★★
**Voyage**
Vintage Caravan tj

★★★
**Dúettar**
Raggi Bjarna tj

★★★
**All We Can Be**
Biggi Hilmars tj

★★★
**EP**
The Pollock Brothers tj

★★★
**Eftir langa bið**
Hreimur tj

★★★
**Latínudeildin**
Ingvi Þór Kormáksson og ýmsir flytjendur tj

★★★
**Heimþrá**
Elíza Newman tj

★★★
**Tree of Life**
Herbertson tj

★★★
**Moment**
Lára tj

★★★
**Early Birds**
Múm tj

★★★
**Gálan**
Gálan tj

★★★
**Ölduslóð**
Svavar Knútur tj

★★★
**The Inescapable Decay of My Heart**
Yagya tj

★★★
**Í huganum heim**
Magni bt

★★★
**Ylja**
Ylja bt

★★★
**I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright**
Þórir Georg bt

★★★
**Blackout**
Retrobot bt

★★
**Hughrif**
Raggi Dan tj

★★
**State of Mind**
Arnar Ástráðsson tj

★★
**Pretty Red Dress**
Contalgen Funeral tj

★★
**Til í tuskið**
Grasasnar tj

★★
**Outside the Ring**
Friðrik Ómar tj

★★
**Vegferð**
Þormar Ingimarsson tj

★★
**Dans á rósum**
Dans á rósum tj

★★
**Lost in Paradise**
Joddi´s Dream tj

★★
**Walking up the Wall**
Ingo Hansen tj

★★
**In the Silence**
Greta Salóme bt

★
**Fallið lauf**
Sverrir Bergmann bt




## BORGIN MÍN HAVANA

**ERPUR EYVINDARSON RAPPARI OG SJÓNVARPSSTJARNA**

# Absolút að taka einn háklassa mafíósadag

Rapparinn og sjónvarpsstjarnan Erpur Eyvindarson hefur ítrekað dvalist langdvölum í höfuðborg Kúbu, Havana. Hann segir landið vera eitt það blandaðasta í heiminum út frá kynþáttum og menningu enda þekkist kynþáttafordómar varla þarna.



**Búðir** Ég hata að versla og visna alveg upp að innan þegar ég er dreginn í búðir. Það eru búðir í miðborginni með þessum helstu merkjum, en enginn fer til Kúbu til að kaupa sér Adidas-skó. Það eru milljón markaðir þarna þar sem er hægt að kaupa allt og alveg fáránlega ódýrt. Það borgar sig samt að nota Moneda Nacional gjaldmiðilinn, sem er sá sami og Kúbverjar fá útborgað í og nota, í stað túrista-pesóans. Þó að Kúba sé alltaf ódýr er hún miklu ódýrari með þessum gjaldmiðli og það er ekkert rangt eða ólöglegt fyrir ferðamenn að nota hann.

**Matur** Venjulegum kúbverskum mat svipar til creolematar og er ekkert spennandi. Hann er ekkert vondur en það er bara ekkert að gerast og hann er frekar ómerkilegur. Það er samt auðvelt að finna góðan mat þarna en ég mæli með því að fara í Kínahverfið aðallega upp á grín. Þar er hægt að fá þennan creole-mat líka, nema það er bætt á hann sojasósu. Það er samt hæpið að sjá Kínverja í Kínahverfinu en þar er til dæmis auðvelt að finna tveggja metra háa blökkumenn í Kínagöllum. Þeir eiga eflaust kínverska forfeður, Kúba er mest blandaða land í heimi og kynþáttafordómar þekkjast varla.

**Afþreying** Það er mjög gaman að taka sveitt kúbverskt djamm með heimamönnum. Á La Rampa er til dæmis mjög skemmtilegur jazzstaður en svo er gaman að leita upp neðanjarðarstaði. Það er mikið um hip-hop hittinga í úthverfum, til dæmis Alamar sem er bara lauflétt strætóferð frá Havana. Svo er algjört absolút að taka einn háklassa mafíósadag þar sem ekið er um á Chevrolet 53 módeli og gist á mafíósahóteli, til dæmis Hotel Riviera sem var stjórnað af Frank Sinatra sem var auðvitað suddalegur mafíósi. Eða á Hotel Nacional sem var eitt aðal mafíugrenið fyrir byltingu. Þar er hljómsveitin Buena Vista Social Club hálfgert húsband og spilar vikulega.



**KÚBA ALLTAF ÓDÝR** Erpur segir alltaf vera ódýrt að lifa og versla í Kúbu en það borgi sig samt að nota sama gjaldmiðil og heimamenn, Moneda Nacional.





SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 1 (TILBOÐ) - 4 - 6 L
THE HOBBIT 3D KL. 1 (TILB.) - 3.40 - 4.30 - 7 - 8 - 10.20
THE HOBBIT 3D LÚXUS KL. 1 - 4.30 - 8 12
LIFE OF PI 3D KL. 5.15 - 8 - 10.45 10
LIFE OF PI 2D KL. 8 - 10.45 10
GOÐSAGNIRNAR FIMM KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 7
NIKO 2 KL. 1 (TILBOÐ) L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 3.40 (TILBOÐ) - 6 L
THE HOBBIT 3D KL. 3.20 (TILB.) - 5.40 - 6.40 - 9 - 10
LIFE OF PI 3D KL. 3.15 (TILBOÐ) - 6 - 9 10
CLOUD ATLAS KL. 9 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 3 (TILBOÐ) 12

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
THE HOBBIT 3D KL. 3.20 (TILB.) - 6.30 - 10
LIFE OF PI 3D KL. 8 - 10.20 10
HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 4 (TILB.) - 6 L

GLEÐILEG NÝTT BÍÓÁR 2013




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
THE HOBBIT 3D (48 ramma) 2, 6, 10 12
THE HOBBIT 3D 4, 7.30, 11 12
HVÍTI KÓALABJÖRNINN 2, 4, 6 - ISL TAL 7
LIFE OF PI 3D 8, 10.30 10
NIKO 2 - ISL TAL 2 L




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
SINISTER KL. 8 - 10:20 - 11:30 16
SINISTER VIP KL. 11:30 VIP
HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 3D KL. 1 - 4:30 - 8 12
HOBBIT: UNEXPECTED KL. 4 - 6 - 10 12
HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY VIP KL. 1 - 4:30 - 8 VIP
THE IMPOSSIBLE KL. 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 12
SAMMY 2 ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 L
SAMMY 2 ÍSL TAL 3D KL. 1:30 L
RED DAWN KL. 10:50 12
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 L
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 3:40 L
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 1:30 L

SAMBÍÓIN AKUREYRI
SINISTER KL. 10:20 16
THE IMPOSSIBLE KL. 10:20 12
RED DAWN KL. 8 12
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 2 - 4 L
RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL KL. 6 L
SAMMY 2 ÍSL TAL KL. 2 - 4 - 6 L

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SINISTER KL. 10:40 16
HOBBIT: AN UNEXPECTED JOURNEY 3D KL. 1 - 4:40 - 8 - (11:20 (LAU) 12
HOBBIT: UNEXPECTED 2D KL. 3:40 - 7 - 10:20 12
LIFE OF PI 3D KL. 1 - 3 - 5:20 - 8 10
THE IMPOSSIBLE KL. 5:30 - 8 - 10:30 12
SAMMY 2 ÍSL TAL 3D KL. 1 L
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1 - 3 L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI Númeruð sæti
LES TROYENS ÓPERA KL. 17:00 (LAU) L
JACK REACHER FORSÝND KL. 10:40 (LAU) 12
SINISTER KL. 5:40 - 8 - 10:20 - (10:40 (LAU) 16
THE IMPOSSIBLE KL. 5:30 - 8 - (10:30 (SUN) 12
LIFE OF PI 3D KL. 8 10
SAMMY 2 ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:30 L
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 L
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL KL. 1:10 (SUN) - 3:20 (SUN) L
SKYFALL KL. 10:40 12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
SINISTER KL. 10 16
HOBBIT: UNEXPECTED 3D KL. 6 12
THE IMPOSSIBLE KL. 8 - 10:20 12
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1:30 - 3:40 L
SAMMY 2 ÍSL TAL KL. 2 - 4 - 6 L










MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

LAUGARDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00
SUNNUDAGUR: ÞRJÚBÍÓ: CITY LIGHTS (L) 15:00 ■ SVARTIR SUNNUDAGAR: SOLARIS (16) 20:00 ■ CHICKEN WITH PLUMS (14) 15:00, 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 15:00, 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 15:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

# Ostwald Helgason þótti best

Tískuljósmyndarinn Tommy Ton taldi hálfíslenska tískumerkið til nýliða ársins.

Tískuljósmyndarinn Tommy Ton fór yfir tískuárið 2012 á vefsíðunni Style.com. Honum þótti ýmislegt bera af á árinu og nefndi meðal annars hálfíslenska tískumerkið Ostwald Helgason til nýliða ársins. Rússnesku tískuíkonin Miroslava Duma og Anya Ziourova voru oft myndaðar í hönnun Ostwald Helgason. Ingvar Helgason og Susanne Ostwald standa að baki merkinu, sem hefur verið á mikilli siglingu undanfarið ár.



**RÚSSNESKT TÍSKUTÁKN** Tískublaðamaðurinn Miroslava Duma verður áberandi þegar tískuvikurnar renna í hlað. Hún er mikill aðdáandi tískumerkisins.



**RÚSSNESKUR AÐDÁANDI** Anya Ziourova er tískuritstjóri rússneska Tatler. Hún er einnig aðdáandi Ostwald Helgason.





**OSTWALD HELGASON** Hönnunartvíeykið Ingvar Helgason og Susanne Ostwald býr og starfar í London. Þau hafa slegið í gegn með hönnun sinni. NORDICPHOTOS/GETTY



**VILL VERA ANASTASIA** Leikkonan Krysten Ritter gæti hugsað sér að taka að sér hlutverk Anastasiu Steele. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill vera Steele

Leikkonan Krysten Ritter hefur verið orðuð við hlutverk Anastasiu Steele, söguhetju bókanna Fifty Shades of Grey, í kvikmynd sem byggð verður á bókinni. Ritter er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Jane Margolis í sjónvarpsþáttunum Breaking Bad.

Aðrar leikkonur sem orðaðar hafa verið við hlutverkið eru Mila Kunis, Emma Watson, Anne Hathaway og Ashley Greene. Ritter þakkaði fyrir áhugann á Twitter-síðu sinni með orðunum: „Takk, ég væri til í þetta.“ Leikararnir Ryan Gosling, Alexander Skarsgaard og Ian Somerhalder þykja fýsilegir í hlutverk viðskiptajöfursins Christian Grey.



**ÁSTFANGIN** Jennifer Lopez segir kærasta sinn vera sinn besta vin. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kærastinn er besti vinurinn

Söngkonan Jennifer Lopez segir kærasta sinn, dansarann Casper Smart, vera sinn besta vin.

„Hann er dásamlegur og er minn besti vinur. Ég get sagt honum allt, frá vanlíðan minni og gleði minni. Hann veitir mér mikinn stuðning, endalausa ást og stuðning,“ sagði Lopez um ástmann sinn í viðtali við Harper´s Bazaar.

Lopez segist einnig hafa orðið hissa þegar hún fagnaði fertugsafmæli sínu. „Þegar ég varð fertug hugsaði ég: Ha? En ég er sáttari við sjálfa mig núna.“



# Ný byrjun Cole hefst gegn Man. Utd

Joe Cole hefur seinni hluta ferilsins með West Ham gegn toppliði Englands.

**FÓTBOLTI** Það verður ekkert leikið í ensku úrvalsdeildinni um helgina enda er bikarkeppnin á dagskrá. Þá fer fram þriðja umferð keppninnar, sem er 64 liða úrslit. Það eru ekki margir stórleikir á dagskrá en í þessari umferð fá litlu liðin tækifæri til þess að stríða stóru liðunum.

Þó eru fjórir úrvalsdeildarslagir á dagskrá og þar ber hæst leik West Ham og Manchester United.

Joe Cole mun væntanlega spila sinn fyrsta leik fyrir West Ham eftir að hann var fenginn til félagsins frá Liverpool. Cole er búinn að skrifa undir 18 mánaða samning við West Ham og mun bera númerið 26 sem hann var með á sínum tíma hjá félaginu.

Cole á góðar minningar frá því að spila með West Ham gegn Man. Utd í bikarnum, en hann var unglingur í liði West Ham sem vann óvæntan sigur á Manchester-liðinu árið 2001. Andy Carroll getur ekki spilað með West Ham vegna meiðsla og sömu sögu er að segja af Wayne Rooney, framherja United. Darren Fletcher kemur líklega inn í lið Man. Utd.

Swansea er með ágætis tak á Arsenal og hefur unnið síðustu tvo leiki liðanna. Swansea hefur þess utan gengið vel á heimavelli og aðeins tapað tveimur af síðustu þrettán heimaleikjum sínum. **- hbg**



**GAMLIR FÉLAGAR** Michael Carrick og Joe Cole eru hér ungir á mála hjá West Ham. Þeir mætast í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

**Í BEINNI Á SPORTSTÖÐVUNUM**

Laugardagur:

| | |
|---|---|
| 12.20 | Brighton - Newcastle |
| 14.45 | Southampton - Chelsea |
| 17.00 | West Ham - Man. Utd |

Sunnudagur:

| | |
|---|---|
| 13.20 | Swansea - Arsenal |
| 15.00 | Mansfield - Liverpool |
| 15.55 | Real Madrid - Real Sociedad |
| 17.55 | Barcelona - Espanyol |

**DOMINO'S-DEILD KARLA**

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK - SNÆFELL | 70-101 |
| GRINDAVÍK - TINDASTÓLL | 89-74 |
| STJARNAN - FJÖLNIR | 95-87 |
| KR - KFÍ | 104-87 |
| ÞÓR - SKALLAGRÍMUR | 72-76 |

Leikur ÍR og Keflavíkur í Breiðholti tafðist um klukkustund vegna bilaðrar leikklukku. Honum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**STAÐAN**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 11 | 9 | 21085:953 | 18 |
| Snæfell | 11 | 8 | 31084:944 | 16 |
| Stjarnan | 11 | 8 | 31025:957 | 16 |
| Þór Þ. | 11 | 8 | 31031:926 | 16 |
| KR | 11 | 7 | 4952:932 | 14 |
| Keflavík | 10 | 5 | 5848:857 | 10 |
| Skallagrímur | 10 | 4 | 6831:854 | 8 |
| Njarðvík | 11 | 4 | 7934:970 | 8 |
| Fjölnir | 11 | 4 | 7907:1000 | 8 |
| ÍR | 10 | 3 | 7836:888 | 6 |
| KFÍ | 11 | 2 | 9924:1101 | 4 |
| Tindastóll | 10 | 2 | 8804:879 | 4 |

## Ingimundur og Ólafur meiddir

**HANDBOLTI** Ingimundur Ingimundarson og Ólafur Bjarki Ragnarsson ferðast ekki með íslenska landsliðinu í æfingaleikinn gegn Svíum sem fram fer ytra á þriðjudag. Landsliðsmennirnir eru meiddir og ljóst að þeir verða ekki í 16 manna HM-hópnum sem landsliðsþjálfarinn, Aron Kristjánsson, tilkynnir á sunnudag.

Leikur Ísland og Svíþjóðar í Helsingborg á þriðjudagskvöldið verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. **- ktd**

# Hverjir eru nógu ruglaðir?

Hryggjarsúlan úr karlaliði ÍBV í fótbolta er horfin á braut. Hermann Hreiðarsson, nýr þjálfari Eyjamanna, á strembið verkefni fyrir höndum en Eyjapeyjar hafa hafnað í þriðja sæti efstu deildar undanfarin þrjú ár.

**FÓTBOLTI** „Það eru nokkrir leikmenn farnir en það var svo sem búist við því og ekkert við því að gera. Það er enn þá ágætishópur hérna og við verðum að bíða og sjá hvernig það kemur út. Það kemur alltaf maður í manns stað. Þetta er aukin áskorun," segir Hermann Hreiðarsson, þjálfari Eyjamanna.

Óhætt er að segja að lykilmenn hafi horfið á braut allt frá aftasta manni á vellinum til þess fremsta eins og sjá má hér til hliðar. Hermann, sem tók við liði ÍBV í haust, viðurkennir að erfitt verði að fylla í skörðin.

„Abel, Gummi, Tryggvi og Rasmus voru náttúrulega búnir að vera saman og komnir ákveðinn kjarni í liðið. Þetta verður auðvitað aðeins erfiðara þegar það eru margir nýir. Það er langt í mót og margir leikir fram að móti. Auðvitað hefði maður valið að missa aðeins færri en maður hefur ekki alltaf valið."



**PAULREYNDUR** Hermann spilaði með sjö liðum á Englandi. Síðustu leikir hans voru með Coventry. NORDICPHOTOS/GETTY

### Unnið í málunum dag frá degi

Hermann segir að brottför lykilmannanna hafi ekki komið sér í opna skjöldu.

„Ég vissi svo sem hverjir væru með lausa samninga og hverjir ætluðu að fara eitthvað. Ég ræddi við flesta leikmennina eftir Íslandsmótið. Þetta er ekkert sem maður veltir sér upp úr. Maður heldur bara áfram og sér hvernig hinir koma allir út. Ég er enn þá með ágætismannskap. Það verður bara að sjá hvernig það kemur út í þessum leikjum á næstunni," segir Hermann sem reiknar með því að halda flestum þeim sem eftir séu.

„Maður veit þó aldrei. Það er verið að vinna í þessu dag frá degi, þannig séð, að sjá hverjir verða örugglega áfram og hverjir gætu hugsanlega komið. Það ætti að koma einhver mynd á það í lok mánaðarins," segir Hermann, sem spilaði í fimmtán ár sem atvinnumaður á Englandi. Hann þekkir því vel til á Englandi og horfir þangað eftir liðstyrk.

„Ég er búinn að heyra í nokkrum mönnum og fer aðeins út, í námsferðir í rauninni. Að fylgjast með hjá einhverjum stjórum og sjá hvað er verið að gera. Sjá hvort það sé ekki hægt að plata einhverja menn til Íslands. Við sjáum til hverjir eru nógu ruglaðir að koma til Íslands að klára þetta," segir Hermann.

### Futsal til tilbreytingar

Karlalið ÍBV mætir Valsmönnum í undanúrslitum Íslandsmótsins í Futsal í Laugardalshöll í dag. Hermann gæti því landað sínum fyrsta titli með Eyjaliðið þótt enn séu rúmir fjórir mánuðir í að Íslandsmótið hefjist.

„Þetta er ákveðin tilbreyting. Undirbúningstímabilið er langt og það er bara gaman að þessu. Þetta er allt annað en líka fín tilbreyting. Við höfum haft gaman af leikjunum hingað til og gerum það áfram," segir Hermann óviss hvort hann muni reima á sig skóna.

„Ég veit það ekki. Það fer eftir því hvort við náum í lið eða ekki," sagði Hermann á léttu nótunum.

kolbeinntumi@365.is

## FARNIR Á BROTT



Markvörðurinn
Abel Dhaira



Akkerið í vörninni
Rasmus Christiansen



Leikstjórnandinn á miðjunni
Guðmundur Þórarinsson



Markahæstur sumarið 2012
Christian Steen Olsen



Markahæstur í sögu félagsins
Tryggvi Guðmundsson



HAFRALÓNSÁ

Laus veiðileyfi

Laus veiðileyfi í einni rómuðustu stórlaxaá landsins.
Stórbrotið umhverfi, sex stangir og stórir laxar!

- *1.- 4. sept., 40.000 kr. pr. dag*
- *4.- 7. sept., 38.000 kr. pr. dag*
- *7.- 10. sept., 35.000 kr. pr. dag*



Veiðimenn sjá um eigin kost en geta fengið máltíðir sé þess óskað.

**Pantanir og nánari upplýsingar fást í síma 696 1130 og gisli@lax.is**

**VESTURÁRDALUR ehf.**

# NBA ætlar til Evrópu

David Stern sér fyrir sér fimm NBA-lið í Evrópu.

**KÖRFUBOLTI** Það er enn rúmt ár í að David Stern stígi niður af stóli sínum sem yfirmaður NBA-deildarinnar. Hann ætlar að nýta það ár vel og leggja jarðveginn fyrir komandi landvinninga deildarinnar sem hann hefur stýrt svo lengi.

Stern hefur afrekað mikið síðan hann tók við stjórninni í NBA-deildinni og hefur hún vaxið mikið undir hans stjórn. Stern er þó alls ekki saddur og draumur hans er að lið í NBA-deildinni verði staðsett í Evrópu.

NBA-lið hafa verið að spila sýningarleiki í Evrópu undanfarin ár. Það hefur gengið vel og vakið mikla athygli.

„Ég sé fyrir mér nokkur alþjóðleg NBA-lið á næstu 20 árum. Á innan við 20 árum verður klárlega komið NBA-lið í Evrópu," sagði Stern en hann er talinn vilja sjá fyrsta liðið vera í London. Hann sér einnig fyrir sér lið í Barcelona, Berlín, Madríd, París og Róm.

„Ég held að það sé ekki vænlegt til árangurs að vera bara með eitt lið í Evrópu. Það gengur ekki upp. Við þurfum að hafa fimm lið í Evrópu. Það á eftir að gera margt. Það vantar hús fyrir liðin, eigendur, sjónvarpsbúnað og annað."



**LÉTTIR** Stern er hér ásamt LeBron James, leikmanni Miami Heat. NORDICPHOTOS/GETTY

NBA-deildin er afar vinsæl um allan heim en yfir 90 lönd eru með sýningarrétt á deildinni. Um tíma var daðrað við að hafa lið í Kína en Stern hefur sett þá hugmynd til hliðar. **- hbg**



**SKILNINGSRÍKUR** Mancini hefur mikla þolinmæði gagnvart Balotelli. NORDICPHOTOS/GETTY

## Balotelli þarf að breytast

**FÓTBOLTI** Það sauð upp úr á milli Roberto Mancini, stjóra Manchester City, og leikmanns félagsins, Mario Balotelli, í vikunni. Lentu þeir í léttum handalögmálum og varð að skilja þá að.

„Mario sparkaði í liðsfélaga. Ég bað hann að fara af velli. Hann neitaði, ég reif í skyrtuna hans og ýtti honum af vellinum. Ekkert merkilegt og engin slagsmál," sagði Mancini.

„Ég mun gefa honum 100 tækifæri til viðbótar ef á þarf að halda. Hann þarf þá að vilja breytast. Stundum er ég ósáttur við hann. Drengurinn er samt 22 ára og gerir eðlilega mistök." **- hbg**


ÚTSALAN
er hafin
30-50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
Flott merki á lækkuðu verði - hver vill missa af því?
DIESEL G-STAR SAMSØE SAMSØE NUDIE JEANS SOLID JUNK DE LUXE VITO CONVERSE HUMÖR MAÓ BOBBIE BURNS
LIBERTINE LIBERTINE RELIGION GOLDIE LONDON ILLUSTRATED PEOPLE JUST FEMALE SISTERS POINT ICHI NÜMPH MOSS
ELEVEN PARIS MINIMUM CHEAP MONDAY EVIL TWIN COTTONFIELD ELVINE BULLBOXER PRIM I AM
galleri sautján
Kringlunni | Smáralind
Kíkið á okkur á ntc.is eða á facebook

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR



### Naomi Watts

„Ég elska að vera í félagsskap kvenna. Þar snýst allt um góðar samræður og frábært vín.“

*Leikkonan er greinilega með það á hreinu hvernig á að njóta lífsins. Hún fer með aðalhlutverkið í dramamyndinni Mother and Child sem er sýnd á RÚV í kvöld klukkan 21.25.*

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 kl. 20.10
### Sjálfstætt fólk

Jón Ársæll byrjar nýja árið með flottum fulltrúum bændastéttarinnar í Sjálfstæðu fólki. Þetta eru bræðurnir Ástþór, Kristinn og Guðmundur Antonssynir á Glæsistöðum í Vestur-Landeyjum. Skemmtilegir náungar kíkja í heimsókn til þeirra bræðra, þar á meðal var Árni Johnsen sem var svo almennilegur að taka upp gítarinn og spila með þeim félögum í eldhúsinu. Glæsistaðir hafa verið verðlaunaðir fyrir snyrtimennsku og er það svo sannarlega til eftirbreytni. Ilmur af soðnum bjúgum, fjósalykt og önnur sveitaangan í Sjálfstæðu fólki.



## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **07.25** Leynifélagið **08.00** Morgunfréttir **08.05** Hoppa álfar hjarni á **09.00** Fréttir **09.03** Sunnudagsspjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Girni, grúsk og gloríur **11.00** Guðsþjónusta í Seljakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Skapalón - Skugga-Sveinn **14.00** Víðsjá **15.00** Orð um bækur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Kveikjan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Listin að ferðast **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Af álfum var þar nóg **20.30** Okkar á milli **21.10** Ó, þú tæra lind **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Sagnaslóð **23.00** Höldum gleði hátt á loft - Jólin dönsuð út **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.40 Ævintýri Merlíns** *(8:13) (The Adventures of Merlin IV) (e)*
**11.30 Áramótaskaup 2012** *(e)*
**12.30 Nýárstónleikar í Færeyjum 2012** *(Nýggjárskonsert 2012) (e)*
**14.50 Bikarkeppnin í körfubolta** BEINT frá leik Stjörnunnar og ÍR í átta liða úrslitum.
**16.30 Stofnfruman og leyndardómar hennar** *(e)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Poppý kisuló**
**17.40 Teitur**
**17.51 Skotta Skrímsli**
**17.56 Hrúturinn Hreinn og verðlaunaféð**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Basl er búskapur** *(1:12)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Downton Abbey** *(8:9)*
**21.25 Sunnudagsbíó - Móðir og barn** *(Mother & Child)* Þetta er saga þriggja kvenna, fimmtugrar móður og dóttur hennar sem hún gaf frá sér 35 árum áður og þeldökkrar konu sem er að reyna að ættleiða barn. Meðal leikenda eru Naomi Watts, Annette Bening, Kerry Washington, Jimmy Smits og Samuel L. Jackson.
**23.20 Ólgandi ástríður** *(Consuming Passion)* Mynd gerð í tilefni af aldarafmæli ástarsagnanna frægu frá Mills og Boon. Sagðar eru sögur þriggja kvenna á ólíkum tímum: Mary, eiginkonu annars stofnenda forlagsins; Janet sem er sveimhuga rithöfundur á 8. áratugnum; og bókmenntakennarans Kirstie.
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**10.35 A Family Thanksgiving**
**12.05 Fantastic Mr. Fox**
**13.30 Nothing Like the Holidays**
**15.10 A Family Thanksgiving**
**16.40 Fantastic Mr. Fox**
**18.05 Nothing Like the Holidays**
**19.45 The Holiday**
**22.00 New Year's Eve**
**00.00 Titanic**
**03.10 The Holiday**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.05 2 Broke Girls** *(4:24)*
**13.30 Áramótabomban**
**14.45 Steve Jobs - Billion Dollar Hippy** Afar áhugaverð heimildarmynd um Steve Jobs og söguna á bak við það hvernig Apple varð eitt af stærstu fyrirtækjum heims á hans vakt.
**15.35 The Newsroom** *(1:10)*
**16.50 MasterChef Ísland** *(3:9)*
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Um land allt**
**19.25 Ísland á HM 2013** Skemmtilegur þáttur um Strákana okkar í íslenska handboltalandsliðinu og möguleika liðsins fyrir HM í handbolta á Spáni í janúar 2013. Þorsteinn J. fór til Þýskalands og hitti þar helstu landsliðsmenn Íslands og þjálfara í þýska handboltanum.
**20.10 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.
**20.45 The Mentalist** *(6:22)* Fimmta þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.
**21.30 Boardwalk Empire** *(7:12)* Þriðja þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson. Sá réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.
**22.30 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.
**23.15 Mildred Pierce** *(1:5) (2:5) (3:5)*
**02.25 All Hat**
**03.55 The Mentalist** *(6:22)*
**04.35 Steve Jobs - Billion Dollar Hippy**
**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.30 FA bikarinn:** Southampton - Chelsea
**11.10 FA bikarinn:** West Ham - Man. Utd.
**12.50 FA bikarinn - upphitun**
**13.20 FA bikarinn:** Swansea - Arsenal BEINT
**15.45 FA bikarinn:** Mansfield - Liverpool BEINT
**17.50 Spænski boltinn:** Barcelona - Espanyol BEINT
**20.00 Spænski boltinn:** Real Madrid - Real Sociedad Leikurinn er í beinni á Sport 3 klukkan 15.55.
**21.40 FA bikarinn:** Swansea - Arsenal
**23.20 FA bikarinn:** Mansfield - Liverpool
**01.00 Spænski boltinn:** Barcelona - Espanyol

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 PL Classic Matches:** Man Utd - Leeds, 1998
**14.30 PL Classic Matches:** Liverpool - Newcastle, 1995
**15.00 Season highlights 2004 - 2005**
**15.55 Premier League World**
**16.25 Arsenal - Newcastle**
**18.05 Everton - Chelsea**
**19.45 Pep Guardiola** Magnaðir þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar
**20.10 Season Highlights 2005/2006**
**21.05 PL Classic Matches:** Blackburn - Chelsea, 2003
**21.35 PL Classic Matches:** Arsenal - Everton, 2001
**22.05 FA bikarinn: QPR - Liverpool**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsett barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Njósnaskólinn** *(9:13) (10:13)*
**08.55 Ofurmennið**
**09.35 Villingarnir**
**10.00 Könnuðurinn Dóra**
**10.45 Svampur Sveinsson**
**11.35 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.45 Latibær** *(9:18) (10:18)*
**12.35 Ofurhundurinn Krypto**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**17.20 Íslenski listinn**
**17.45 Sjáðu**
**18.10 The Cleveland Show** *(20:21)*
**18.35 American Dad** *(1:16)* Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**19.00 Friends** *(10:23)* Chandler þarf að eyða jólunum í Tulsa út af vinnunni og Monicu líst ekkert á það, sérstaklega þar sem hinn gullfallegi vinnufélagi Chandlers, Wendy, verður þar líka. Selma Blair leikur Wendy.
**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(13:23)* Hómer ákveður að breyta nafninu sínu þegar heimskuleg sjónvarpspersóna sem heitir Hómer verður fræg.
**19.45 The Cleveland Show** *(20:21)*
**20.10 Suburgatory** *(21:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.35 The O.C** *(2:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
**21.20 American Dad** *(1:16)*
**21.45 The Cleveland Show** *(20:21)*
**22.10 Suburgatory** *(21:22)*
**22.35 The O.C** *(2:25)*
**23.20 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.20 Doctors** *(100:175)*
**19.00 Ellen** *(68:170)*
**19.40 Viltu vinna milljón?**
**20.25 Cold Case** *(13:23)*
**21.45 The Sopranos** *(8:13)*
**22.40 Viltu vinna milljón?**
**23.25 Cold Case** *(13:23)*
**00.45 The Sopranos** *(8:13)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.50 Rachael Ray** *(e)*
**11.10 Dr. Phil** *(e)*
**11.55 Once Upon A Time** *(1:22) (e)*
**12.45 Top Chef** *(4:15) (e)*
**13.30 The Bachelor** *(8:12) (e)*
**15.00 Die Another Day** *(e)*
**17.15 30 Rock** *(20:22) (e)*
**17.40 House** *(16:23) (e)*
**18.30 Last Resort** *(6:13) (e)*
**19.20 Survivor** *(10:15)* Í þessari þáttaröð verða keppendur að þrauka á Samóaeyjum, allt þar til einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.10 Top Gear 2012 Special** *(e)*
**21.10 Law & Order:** Special Victims Unit *(18:24)*
**22.00 Dexter** *(9:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Dexter reynir að hafa upp á manninum sem virðist fylgja honum um hvert fótmál.
**23.00 Combat Hospital** *(3:13)* Spennandi þáttaröð um líf og störf lækna og hermanna í Afganistan. Þáttunum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Private Practice.
**23.50 My Big Fat Fetish** *(e)*
**00.40 House of Lies** *(11:12) (e)*
**01.05 Excused** *(e)*
**01.30 Combat Hospital** *(3:13) (e)*
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** Tournament of Champions **2013** *(2:4)* **12.15** Golfing World **13.05** Tournament of Champions **2013** *(2:4)* **16.20** Tournament of Champions **2013** *(2:4)* **19.35** Inside the PGA Tour *(1:47)* **20.00** Tournament of Champions **2013** *(3:4)* **03.00** ESPN America

## ÍNN

**14.00** Áramótauppgjör **14.30** Áramótauppgjör **15.00** Áramótauppgjör **15.30** Áramótauppgjör **16.00** Hrafnaþing **17.00** Svartar tungur **17.30** Svartar tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Hrafnaþing **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Jólatónlist **22.00** Hrafnaþing **23.00** Gestagangur hjá Randver **23.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
NEW YORK OBSERVER

Myndin sem allir eru að tala um!

100/100
„Ógnvænlega vel gerð.“
VARIETY

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
Komin í bíó
SAMBÍÓIN

# SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L

Hjá BL Sævarhöfða 2 er að finna eitt landsins mesta úrval af sparneytnum bílum í öllum stærðar- og verðflokkum. Komdu í heimsókn og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í notaða bílinn þinn og reikna út eftirstöðvar.




## RENAULT MEGANE SPORT TOURER

**DÍSIL SJÁLFSKIPTUR**

**4,2** L/100 KM*

VERÐ **3.890.000 KR.**

RENAULT

NISSAN SHIFT_

## NISSAN QASHQAI DÍSIL

**4,6 L / 100 KM***

**VERÐ**
**5.090.000 kr.**



SUBARU
Confidence in Motion

## SUBARU XV

Aðeins **6,6 l/100 km**
í blönduðum akstri

**Verð 5.590.000 kr.**
sjálfskiptur




## Dacia Duster dísil

DACIA

Nýr sportjeppi á hrikalega góðu verði
**Kr. 4.090.000 kr.**
Eyðsla 5,3 l / 100 km*



**VIDSKIPTAVINIR BL ATHUGID!**

**LÉTTSKOÐUN**
**ER YKKUR AÐ KOSTNAÐARLAUSU**

**LÉTTSKOÐUN ER:**

Hringið í síma 525-8000
eða pantið tíma á www.bl.is



# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR



**> Stöð 2 kl. 20.15**

**Áramótabomban**

*Logi Bergmann mætir til leiks á Stöð 2 í kvöld með Áramótabombuna. Þetta er stórskemmtilegur þáttur þar sem allt árið 2012 er gert upp með skemmtilegum spurningum. Í þessari háðsútgáfu af „Bombunni“ verða þrjú lið sem keppa auk þess sem skemmtilegir gestir skjóta upp kollinum og taka þátt í fjörinu.*

## Í KVÖLD



**Once Upon a Time**

**SKJÁR 1 KL. 21.15** Þá hefst önnur þáttaröðin um ævintýraheiminn í Storybrook. Ill drottning flutti nokkrar persónur úr sígildum ævintýrum inn í raunverulega heiminn þar sem þau reyna að aðlagast, án þess að vita um uppruna sinn. Ginnifer Goodwin, Emilie de Ravin og Josh Dallas eru á meðal leikenda.

TV.COM 8,6 IMDb 8,3



**Chocolat**

**RÚV KL. 21.25** Árið er 1959 og einstæða móðirin Vianne flytur með sex ára dóttur sína í franskt sveitaþorp. Þar opnar hún súkkulaðibúð og falla bæjarbúar fyrir súkkulaðinu einn af öðrum, kaþólskum ráðamönnum til mikils ama. Juliette Binoche og Johnny Depp fara með aðalhlutverkin.

Rotten Tomatoes 63% IMDb 7,3



**London Boulevard**

**STÖÐ 2 KL. 23.00** Mitchel er annálaður harðjaxl og fyrrum fangi en þegar hann er ráðinn til að vernda ungu leikkonuna Charlotte breytist líf hans til muna. Hann verður yfir sig ástfanginn af skvísunni og vill nú breytast til hins betra. Það er þó auðveldara sagt en gert.

Rotten Tomatoes 33% IMDb 6,2

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperlur: Rimbaud og sýndarveruleikinn **08.00** Morgunfréttir **08.05** Norðurslóð **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Matur er fyrir öllu **15.30** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Albúmið: Stone Roses **17.35** Íslendingasögur **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Rauði þráðurinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Laugardagskvöld með Svavari Gests **20.00** Prússland - Ris og fall járnríkis **21.00** Þegar Nasa var Bláa stjarnan **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Árið sem heimurinn endaði ekki **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Söngvaskáld** Helgi Björns flytur nokkur laga sinna.
**11.05 Útsvar** *(Akranes - Fljótsdalshérað) (e)*
**12.05 Landinn** *(e)*
**12.35 Gengið um göturnar** *(Þingholtin í Reykjavík) (e)*
**13.25 Pungarokksveitin Anvil** *(Anvil! The Story of Anvil) (e)*
**14.50 Nikulás litli** *(Le petit Nicolas)* Frönsk bíómynd um Nicolas sem á góða foreldra og vini og vill ekki að neitt breytist. Dag einn kemst hann að því að ógn vofir yfir: mamma hans er ófrísk.
**16.20 EM í fótbolta 2012** *(e)*
**16.50 Hvað veistu?** - Svefnrannsóknir og engisprettur *(e)*
**17.23 Friðþjófur forvitni**
**17.46 Leonardo**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** *(8:13)*
**20.30 Áramótaskaup 2012** *(e)*
**21.25 Súkkulaði** *(Chocolat)*
**23.25 Ástríðustef** *(Passion Play)* Seinheppinn trompetleikari bjargar engli úr klónum á miskunnarlausum glæpamanni. Meðal leikenda eru Mickey Rourke, Megan Fox og Bill Murray. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.00 Griffin og Phoenix** *(Griffin & Phoenix)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.25 When Harry Met Sally**
**12.00 Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel**
**13.30 The Family Stone**
**15.10 When Harry Met Sally**
**16.45 Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel**
**18.15 The Family Stone**
**20.00 Flash of Genius**
**22.00 127 Hours**
**23.35 Rise of the Footsoldier**
**01.35 Flash of Genius**
**03.35 127 Hours**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.05 Með allt á hreinu - tónleikar** Upptaka frá stórkostlegum tónleikum Stuðmanna í Eldborgarsal Hörpu frá því í haust í tilefni þess að 30 ár eru nú frá frumsýningu kvikmyndarinnar Með allt á hreinu.
**15.05 Týnda kynslóðin** *(16:24)*
**15.30 Drop Dead Diva** *(8:13)*
**16.15 Modern Family** *(4:24)*
**16.50 ET Weekend**
**17.30 Íslenski listinn**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.56 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**19.13 Lottó**
**19.20 Veður**
**19.30 Wipeout** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari. Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist og er því sannkallaður fjölskylduþáttur.
**20.15 Áramótabomban** Öllu verður tjaldað til í sannkallaðri spariútgáfu af þessum vinsæla skemmtiþætti Loga Bergmanns.
**21.30 Solitary Man** Rómantísk gamanmynd um Ben *(Michael Douglas)* er fyrrum stórlax í bílabransanum en má muna sinn fífil fegurri. Með röð óheppilegra atvika í viðskiptum og kvennamálum tókst honum að klúðra bæði fyrirtækinu og hjónabandinu. Nú gefst honum færi á að snúa við blaðinu. Meðal önnur aðalhlutverk eru Susan Sarandon og Danny DeVito.
**23.00 London Boulevard** Hörkuspennandi mynd með Colin Farrell og Keira Knightley í aðalhlutverkum.
**00.40 You Don't Know Jack**
**02.50 The Walker**
**04.35 An American Crime**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**11.50 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leikina fram undan í ensku bikarkeppninni.
**12.20 FA bikarinn: Brighton - Newcastle** BEINT
**14.45 FA bikarinn: Southampton - Chelsea** BEINT
**17.00 FA bikarinn: West Ham - Man. Utd.** BEINT
**19.10 Being Liverpool**
**19.55 La Liga Report**
**20.25 FA bikarinn: Brighton - Newcastle**
**22.05 FA bikarinn: Southampton - Chelsea**
**23.45 FA bikarinn: West Ham - Man. Utd.**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Season Highlights 2002/2003**
**14.55 Premier League World 2012/13**
**15.25 Premier League Review Show 2012/13**
**16.20 Tottenham - Reading**
**18.00 Man. City - Stoke**
**19.40 Ronaldinho** Í þessum þáttum eru margir af bestu knattspyrnumönnum sögunnar skoðaðir og skyggnst á bak við tjöldin. Nú verður fjallað um Ronaldinho frá Brasilíu.
**20.05 Season Highlights 2003/2004**
**21.00 Liverpool - Sunderland**
**22.40 Chelsea - QPR**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Njósnaskólinn** *(7:13) (8:13)*
**08.55 Ofurmennið**
**09.35 Villingarnir**
**10.00 Könnuðurinn Dóra**
**10.45 Svampur Sveinsson**
**11.35 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.45 Latibær** *(7:18) (8:18)*
**12.35 Ofurhundurinn Krypto**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 The Cougar** *(7:8)* Raunveruleikaþáttur um þroskaða konu sem er umkringd ungum mönnum sem þurfa að keppa um athygli hennar með ýmsum hætti. Markmiðið er að hún muni að lokum finna sálufélaga sinn.
**18.35 Sjáðu**
**19.00 Friends** *(9:23)* Rachel og Phoebe skella sér saman út á lífið og Ross fær aðstoð Mikes við að passa barnið, en þeir eyða kvöldinu í að reyna að finna eitthvað að tala um.
**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(12:23)* Hómer og félagar hlakka mikið til að verða viðstaddir Super Bowl en ruglingur með aðgöngumiða virðist ætla að koma í veg fyrir að þeir fái að sjá leikinn.
**19.45 Smallville** *(2:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**20.30 Hart of Dixie** *(17:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku og lækni, leikna af Rachel Bilson, sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ í Alabama. Þar er lífið allt öðruvísi en hún á að venjast.
**21.15 The Cougar** *(7:8)*
**22.00 Eastwick** *(2:13)* Þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick sem fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur þar sem hann er séður.
**22.45 Hart of Dixie** *(17:22)*
**23.25 The Cougar** *(7:8)*
**00.10 Eastwick** *(2:13)*
**00.55 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(99:175)*
**19.00 Ellen** *(67:170)*
**19.45 Tekinn**
**20.10 Næturvaktin**
**20.45 Pressa** *(1:6)*
**21.30 NCIS** *(13:24)*
**22.15 Tekinn**
**22.40 Næturvaktin**
**23.15 Pressa** *(1:6)*
**00.00 NCIS** *(13:24)*
**00.45 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.05 Rachael Ray** *(e)*
**12.50 Dr. Phil** *(e)*
**13.35 Dr. Phil** *(e)*
**14.20 7th Heaven** *(1:23)*
**15.05 Happy Endings** *(10:22) (e)*
**15.30 Teen Wolf** *(e)*
**17.05 Family Guy** *(1:16) (e)*
**17.30 The Biggest Loser** *(1:14) (e)*
**19.00 Minute To Win It** *(e)*
**19.45 The Bachelor** *(8:12)* Raunveruleikaþættir um piparsvein sem er í leit að hinni einu sönnu ást.
**21.15 Once Upon A Time** *(1:22)* Veruleikinn er teygjanlegur í Storybrook þar sem persónur úr sígildum ævintýrum eru á hverju strái.
**22.05 Ringer** *(18:22)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem þykist vera tvíburasystir sín til að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna.
**22.55 Sacrifice** Bandarísk kvikmynd um lögreglumann sem fer huldu höfði í hópi heróínbaróna. Aðalhlutverk eru í höndum Cuba Gooding Jr. og Christian Slater.
**00.45 Cass** Saga af Cass, þekktustu fótboltabullu veraldar. Hann var ættleiddur frá Jamaíku af ríkri hvítri fjölskyldu í Lundúnum, og fjallað verður um uppvöxt hans og frama innan West Ham gengisins Inter City Firm.
**02.35 Ringer** *(18:22) (e)*
**03.25 Excused** *(e)*
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.35** Tournament of Champions **2013** *(1:4)* **11.05** Inside the PGA Tour *(1:47)* **11.30** Tournament of Champions **2013** *(1:4)* **16.00** Ryder Cup Official Film **2002** **18**.00 Tournament of Champions **2013** *(1:4)* **22.30** Tournament of Champions **2013** *(2:4)* **03.00** ESPN America

## ÍNN

**17.00** Gestagangur hjá Randver **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Gestagangur hjá Randver **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Hrafnaþing **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun





ego dekor
-30%
CULP tungusófi
Stærð: 210X155cm
Verð:169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 118.930,-
PINK DREAM tungusófi
Breidd: 292x160cm
Verð: 235.000,-
-20%
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-
-30%
ROYAL TV Skenkur
hvítt háglans - Breidd: 160cm
Verð: 89.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 62.300,-
-30%
ROYAL TV skenkur
hvítt háglans
Breidd: 180cm
Verð: 109.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 76.300,-
ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR
-20%
-20%
-20%
VEGAS
13.520,-
OPAL
13.520,-
MAX
12.720,-
-20%
BORÐSTOFUBORÐ hnota/dökk eik
Stærð 180X100 Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 79.920,-
-25%
GOTCHA hornsófi
Stærð: 285X180cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-
-25%
NEW STOCKHOLM tungusófi
Stærð: 277X165cm
Verð: 239.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 179.925,-
-30%
YASAM tungusófi - færanleg tunga
Stærð: 210X155cm
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 118.930,-
-20%
VERONICA tungusófi
Stærð: 260X165cm
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-17.00 - Sun: 13.00-17.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

## SLITU TRÚLOFUNINNI

Dansparið **Hanna Rún Óladóttir** og **Sigurður Þór Sigurðsson** vakti verðskuldaða athygli í þáttunum Dans, dans, dans á RÚV í lok síðasta árs. Parið hefur dansað saman um áraraðir auk þess sem þau voru ástfangin upp fyrir haus og búin að trúlofa sig. Eitthvað virðist ástarblossinn þó hafa kulnað því samkvæmt öruggum heimildum hafa þau nú farið hvort sína leið. Hvort sambandsslitin merki einnig endalok þeirra saman á dansgólfinu er óvitað.





„Gegn minni betri vitund hef ég loks skráð mig á Twitter."

LEIKKONAN MEGAN FOX GERÐIST TWITTER-NOTANDI Í VIKUNNI EFTIR AÐ FRÉTTIR AF ANDLÁTI HENNAR FÓRU Á FLAKK UM NETIÐ.

## ELVIS VINSÆLL

Fréttablaðið sagði frá því í nóvember að Björn Þór Björnsson hefði stofnaði hóp á Facebook þar sem aðdáendur katta geta deilt myndum og myndböndum. Tæplega sex hundruð manns eru nú meðlimir í hópnum og þar á meðal er söngvarinn **Björgvin Halldórsson** og börn hans, Svala og Krummi. Björgvin smellti inn mynd af fjölskyldukettinum Elvis á síðuna og er sá líklega vinsælasti kötturinn þar inni því 76 manns hefur líkað við myndina og 36 ummæli hafa fallið um hana. Þess má geta að Elvis er af tegundinni golden persian. **- sm**



## ÞRIÐJA Á LEIÐINNI

**Högni Egilsson** og félagar í Hjaltalín eru um þessar mundir að vinna að þriðja myndbandinu við lög af plötunni Enter 4. Nýjasta myndbandið verður við lagið Crack in a Stone og upptökurnar standa yfir þessa dagana í hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ. Bandaríkjamaðurinn Yoonha Park leikstýrir því, en hann gerði líka fyrsta myndbandið við lag af plötunni; Lucifer / He Feels Like a Woman. Myndbandið verður frumsýnt í febrúar, þegar lagið Crack in a Stone kemur út á sjö tommu vínylplötu. **- sh**




## LOKUN TANNLÆKNINGASTOFU

**Ég hef hætt störfum sem tannlæknir á Íslandi frá og með áramótum.**

Hef ég ráðið mig til framtíðarstarfa í Noregi. Freydís Þóroddsdóttir tannlæknir, Réttarholtsvegi 3, Reykjavík, S:5885533 hefur tekið yfir allan rekstur stofu minnar og er með allar upplýsingar er varða mína viðskiptavini. Hún býður sjúklinga mína velkomna og ég mæli með henni sem tannlækni.

Ég þakka fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.
**Þórkatla Halldórsdóttir, Óðinsgötu 4.**

Gleðilegt nýtt ár – í Kramhúsinu KOMDU!

Contemporary Dans



Kynnum nýjan kennara: Hannes Þór Egilsson

Byrjenda- og framhaldstímar

KRAMHÚSIÐ

www.kramhusid.is
Skráning – sími 551 5103



tónheimar

PÍANÓNÁM FYRIR ÞIG

Tónheimar bjóða upp á tónlistarnám fyrir alla aldurshópa sniðið að þörfum og áhugasviði hvers og eins.

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu.

Hljómar í bókstaflegum skilningi 2



Ný kennslubók í rytmískum píanóleik eftir Ástvald Traustason. Sjálfstætt framhald fyrri bókarinnar sem notið hefur mikilla vinsælda.

Bók sem margir hafa beðið eftir!

Vorönn hefst 14. janúar

Frístundakort

Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888

popp rokk blús djass sönglög

Tónheimar - Síðumúla 8 - tonheimar@tonheimar.is




**Í KOKTEILBOÐI** Kanye West klæddist bol með mynd Katrínar í kokteilboði ásamt tilvonandi barnsmóður sinni, Kim Kardashian, og körfuboltahetjunni LeBron James á dögunum.

# Ákveðinn heiður en frekar undarlegt

Rapparinn Kanye West klæðist bol með ljósmynd úr smiðju áhugaljósmyndarans Katrínar Þóru Bragadóttur en myndin var líklega tekin með ólögmætum hætti af Flickr-síðu hennar. Katrín hyggst leita réttar síns yfir hafið.

„Þetta er í senn frekar undarlegt, stórmerkilegt og ákveðinn heiður líka," segir áhugaljósmyndarinn Katrín Þóra Bragadóttir sem nýverið uppgötvaði að ljósmynd úr hennar smiðju er prentuð á stuttermaboli frá merkinu Pyrex Vision. Merkið er í eigu stílista rapparans Kanye West, Virgil Abloh.

Um er að ræða tveggja ára gamla ljósmynd sem Katrín tók af Bryndísi vinkonu sinni. Myndina er að finna á Flickr-síðu Katrínar þar sem hún deilir gjarna myndum sínum. „Það hefur einhver tekið myndina mína af Flickr-síðunni og sett í umferð á Tumblr þar sem Abloh hefur fundið hana og heillast. Mér er alveg sama þótt einhver deili myndunum mínum en það er annað þegar hún er prentuð á fatnað og söluvöru án þess að láta vita eða biðja um leyfi. Hver bolur kostar um 85 dollara stykkið svo þeir ekki ódýrir."

Abloh er frægur stílisti í Hollywood sem meðal annars sér um að klæða Kanye West og rapparann ASAP Rocky. Báðir hafa þeir sést klæðast bolum og peysum frá merki stílistans með mynd Katrínar við hin ýmsu tilefni.

„Mér var sagt frá þessu í október og hef haft samband við lögfræðing til að skoða hvernig ég get snúið mér í þessu máli. Mér skilst að rétturinn sé allur mín megin og það er í raun merkilegt að myndinni sé bara stolið án þess að hafa samband við höfundinn," segir Katrín, en það var fyrirsætan sjálf, Bryndís, sem rakst á myndina af sér á netinu og lét Katrínu vita. „Henni finnst þetta bara frekar gaman og auðvitað fyndið líka. Þetta er mjög fyndið allt saman."

Katrín hefur ekkert svar fengið að utan en hyggst hafa samband við Myndstef á næstu dögum til að ganga frekar á eftir þessum málum. Hún viðurkennir þó að það sé óneitanlega ákveðinn heiður að jafn frægur rappari og Kanye West klæðist bol með mynd eftir hana.



**MYND NOTUÐ Í LEYFISLEYSI** Tveggja ára gömul mynd Katrínar Bragadóttur prýðir stuttermaboli frá merkinu Pyrex Vision. Myndin var tekin af Flickr-síðu Katrínar og hyggst hún leita réttar sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er auðvitað heiður. Ég er reyndar ekki neinn sérstakur aðdáandi West og þykir merkilegra að ASAP Rocky klæðist myndinni minni. Þetta er samt stuldur á mynd sem ég á fullan höfundarrétt á. Við sjáum hvað setur."

alfrun@frettabladid.is

## Flókið að leita réttar síns út fyrir landsteinana

„Mál á borð við þetta eru að verða algengari og algengari núna," segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur hagsmunasamtakanna Myndstefs sem sjá meðal annars um að standa vörð um höfundarrétt.

Harpa segir þau daglega standa í málum á borð við þetta innanlands en sjaldgæfara sé hins vegar að málin séu alþjóðleg. „Við erum í bandalagi með höfundarréttarsamtökum í hinum Norðurlöndunum en lengra nær það ekki því miður. Það er miklu flóknara að leita réttar síns út fyrir landsteinana," segir Harpa og nefnir þá sérstaklega Bandaríkin eins og í tilfelli máls Katrínar. „Það sem við gerum er að aðstoða við að hafa samband við höfundarréttarsamtök í viðkomandi landi. Í Bandaríkjunum er annað réttarkerfi og það getur því verið bæði langt og flókið ferli. Það gæti jafnvel þurft að ráða sér bandarískan lögfræðing sem getur verið ansi kostnaðarsamt."

Harpa segist þó ekki vilja draga úr því að fólk leiti réttar síns þrátt fyrir að það reynist stundum flókið mál. „Það verður að koma í veg fyrir ólögmæta notkun á efni með því að bregðast við. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða augljósan fjárhagslegan tilgang á því að hagnast á verkum myndhöfunda er það alvarlegt brot."




# ÚTSALAN ER HAFIN!

# 25 - 50% AFSLÁTTUR*

HEIMA HÚSIÐ

* ATH. 10% afsl. af kertum og hreinsivörum.
25 - 50% afsl. af öðrum vörum.

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060


**Mest lesið VÍSIR**

1 Flugdólgur yfirbugaður af farþegum hjá Icelandair
2 Sjónarvottur fullyrðir að dólgurinn hafi verið íslenskur
3 Hefur svarað 200 fyrirspurnum vegna hótana á netinu
4 Mengunarslys gjörbreytti lífi skipverja á Röðli

## FIMM SPURNINGAR



**Benedikt Valsson**
**Starf: Hraðfréttamaður**
Aldur: 24 ára
Hjúskaparstaða: Einhleypur

**Fannar Sveinsson**
**Starf: Hraðfréttamaður**
Aldur: 24 ára
Hjúskaparstaða: Í sambandi

**Er þetta ekki aðeins of hratt?**
Nei, þvert á móti. Við getum alltaf flutt fréttirnar hraðar og betur. Það eru ekki allir fréttamenn sem geta unnið á okkar hraða. Reyndar er Bogi ansi snar í snúningum.

**Af hverju eiga skattgreiðendur að borga fyrir svona aulahúmor?**
Einfaldlega vegna þess að flestir skattgreiðendur hafa gaman af þessum húmor. Þetta eru einfaldlega fréttir vikunnar sagðar hratt. Mæður okkar segja Hraðfréttir vera eina almennilega fréttaþátt landsins og að skattgreiðendur ættu að vera stoltir af því að fæða okkur og klæða.

**Eiður Guðnason eða Álfheiður Ingadóttir?**
Þau eru bæði stórkostlegir karakterar. Okkur finnst það mjög virðingarvert hve annt Eiði er um Ríkisútvarpið. Þá höfum við einnig gaman af röggsemi Álfheiðar á Alþingi. Það má eiginlega segja að þau séu heiðursáhorfendur Hraðfrétta. Það er ekki hægt að gera upp á milli þeirra.

**Eruð þið ekki hræddir um að brenna út á tíma?**
Nei, aldeilis ekki. Kastljós-Simmi hefur ekki bara kennt okkur að gæta hófs í mataræðinu, heldur hefur hann kennt okkur það sem hann hefur tamið sér í gegnum árin: að brenna ekki út á tíma.

**Hver eru áramótaheitin?**
Við höfum ákveðið að bæta samstarfið okkar á milli. Það hefur beðið lítils háttar hnekki. En umfram allt viljum við segja enn betur frá fréttum vikunnar. Persónulega ætlar Fannar að borða minni fitu og meira prótín. Benni hyggst verða betri vinur vina sinna.





